



Deigi sjaldgæfra sjúkdóma er fagnað á hverju ári á síðasta degi febrúarmánaðar. Markmiðið er að vekja athygli á sjaldgæfum sjúkdómum og áhrifum þeirra á daglegt líf þeirra sem við þá kljást. Þessi föngulegi hópur stillti sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins fyrir framan ljósaskrýddan hjúp Hörpunnar í tilefni þess að dagurinn er á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Aukin bjartsýni iðnfyrirtækja

Aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins segir nýja könnun sýna viðsnúning. Bæði núverandi staða og framtíðarhorfur séu betri en í fyrra. Horft sé seinni hluta ársins til tekjuaukningar og fjölgunar starfa.

**IÐNAÐUR** Mun meiri bjartsýni ríkir meðal stjórnenda iðnfyrirtækja nú en fyrir ári. Samkvæmt nýrri könnun Samtaka iðnaðarins meta 43 prósent þeirra aðstæður í efnahagslífinu góðar en 19 prósent slæmar. Í apríl í fyrra mátu aðeins 24 prósent aðstæðurnar góðar og 52 prósent slæmar. Hlutfallið nú er meira að segja hærra en árið 2019.

Einkum er horft til seinni helming ársins til viðsnúnings, það er meiri tekna og fleiri ráðninga starfsfólks. 42 prósent telja að tekjur verði meiri á þriðja og fjórða ársfjórðungi 2021 en þær voru 2020 og í kringum 20 prósent telja að fjöldi starfsmanna verði meiri. 20 prósent telja vera skort á starfsfólki samanborið við 10 prósent í fyrra.

„Við sjáum klár merki um viðsnúning,“ segir Ingólfur Bender,

aðalhogfræðingur samtakanna. „Bæði hvað varðar mat á núverandi stöðu og framtíðarhorfur í efnahagssumhverfi iðnaðarins. Einnig hvað varðar tekjur og fjölda starfa iðnfyrirtækja. Niðurstöðurnar benda hins vegar ekki til þess að viðsnúningurinn verði snarpur. Rímar það ágætlega við spár um hægán hagvöxt á árinu.“

Ingólfur segir að viðbrögð ríkisins, sveitarfélaga og Seðlabankans við efnahagsáfallinu hafi virkað til að milda höggið fyrir greinina. Aðgerðir í peningastjórnun, svo sem lækkaðir vextir og aukid aðgengi að fjármagni, hafi hjálpað og aðgerðir í opinberum fjármálum með áherslu á nýsköpun, innviði, starfsumhverfi og menntun hafi einnig skipt miklu máli.

Niðursveiflan nú hefur verið

**Við sjáum klár merki um viðsnúning.**

Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI



mildari fyrir iðnaðinn en margar fyrri niðursveiflur. Eðli niðursveiflunnar og hagstjórnarviðbrögð skipti þar máli. „Hagstjórnarviðbrögð við faraldrinum hafa virkað fyrir iðnaðinn líkt og hagkerfið allt,“ segir hann.

Samtökin spá ekki nákvæmlega fyrir um hvenær iðnaðurinn verði

efnahagslega kominn á sama stað og fyrir faraldurinn. Ingólfur segir að það verði þó hvorki á þessu ári né því næsta.

„Það er ljóst að iðnaðurinn hefur burði til að verða drifkraftur uppsveiflunnar nú með svipuðum hætti og í síðustu uppsveiflu, þegar hann skapaði þriðjung hagvaxtarins,“ segir hann. „Greinin er stór og skapar um fimmtung landsframleiðslunnar og starfa í landinu. Vöxtur iðnaðarins er því mikilvægur fyrir vöxt hagkerfisins.“

Samtök iðnaðarins hafa framkvæmt viðhorfskannanir síðan árið 2014. Var svarhlutfallið um 20 prósent, eða 245. Fyrirtækin eru allt frá einyrkjum upp í stóra verktaka og fyrirtæki, í byggingariðnaði, framleiðslu og hugverkaiðnaði.

kristinnhaukur@frettabladid.is

## Geta mætt tjóni

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Náttúruhamfarasjóður er í stakk búinn til að greiða bætur fyrir tjón sem kynni að verða af stórum jarðskjálfta á höfuðborgarsvæðinu.

Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Náttúruhamfaratrygginga Íslands, segir sjóðinn tryggðan erlendis fyrir stórtjónum af því tagi. „Okkar áhættumat byggir á því að við getum staðið af okkur atburð af þessari stærðargráðu,“ segir Hulda Ragnheiður og vísar þar til þess að í sögulegu samhengi megi búast við skjálfta af stærðinni 6 til 6,5.



Hulda Ragnheiður Árnadóttir.

Stærstum hluta mála vegna aurskriðanna á Seyðisfirði í desember er nú lokið og reiknar Hulda með að heildarkostnaður sjóðsins verði um einn milljarður króna.

– khg / sjá síðu 6

# 23 ÁRA AFMÆLI

Fullt af frábærum afmælistilboðum

ELKO



Þorbjörn við Grindavík.


## Áfram skelfur á Reykjanesi

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Enn skalfjörð á Reykjanesinu í gær. Fjáir skjálftanna voru þó yfir þrjár að stærð. Sá stærsti þeirra mældist 3,5 að stærð á þriðja tímanum síðdegis, sömu stærðar og skjálfti rúmlega þrjú í fyrrinótt og olli rúmruski víða á Reykjanesi og á höfuðborgarsvæðinu.

» Fjáir skjálftanna voru þó yfir þrjár að stærð.

Upptök skjálftanna í gær voru á svipuðum slóðum og stóru skjálftarnir sem urðu á miðvikudag, nálægt Fagradalsfjalli, Keili og Krísuvík. Fram kom í fréttum í gær að jarðskjálftahrinin gæti aukið líkur á stærri skjálftum á svæðinu. –jþ

## Þarfasti þjónninn þrifinn



Margir hafa nýtt sér blíðskaparveðrið nú á síðustu dögum febrúar á sama hátt og þessir vöskumenn sem voru mættir á þvottaplanið hjá bensínstöð N1 að skola af bílum sínum í hálfgerðri sumarblíðu. Veðurstofan gerir þó ekki ráð fyrir áframhaldandi blíðu í borginni. Vindur fer að blása og tekur að rigna. Ekki er helgarveðrið neitt til að hrópa húrta fyrir en þessir verða allavega á hreinum bílum í rigningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ferðamenn undanskildir reglum

**COVID-19** Ferðamenn sem koma hingað til lands frá Grænlandi eru undanþegnir aðgerðum á landamærunum og þurfa því hvorki að framvísa neikvæðu PCR-prófi né fara í skimun eða sóttkví við komuna til landsins. Þetta kemur fram á vef Embættis landlæknis.

Skilyrði fyrir undanþágunni er að ferðamaðurinn hafi ekki heim-sótt land eða svæði sem flokkast sem hættusvæði fjórtán dögum fyrir komu til Íslands, en Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur fjarlægð Grænland af lista yfir skilgreind áhættusvæði vegna COVID-19.

Þeir ferðamenn sem hafa verið á hættusvæði fjórtán dögum fyrir komu hingað en koma í gegnum Grænland, þurfa að fylgja þeim reglum sem gilda við landamærin. Hér á landi eru öll lönd í heimi skilgreind sem áhættusvæði nema Grænland.

Ekkert smit er á Grænlandi en frá upphafi faraldursins hafa einungis greinst þar 30 tilfelli. Enginn hefur



Air Iceland Connect flýgur reglulega á milli Íslands og Grænlands.

» Enginn er smitaður á Grænlandi en frá upphafi hafa einungis greinst þar 30 tilfelli.

látist vegna COVID-19 þar á landi. Í heiminum öllum höfðu í gær verið staðfest rúmlega 113 milljón tilfelli og yfir 2,5 milljónir manna höfðu látist af völdum sjúkdómsins. –bdj

# Risaráðstefna áformuð í Hörpu í aprílmánuði

Um sex þúsund gistinætur gætu verið seldar hér í apríl ef áform um alþjóðlega ráðstefnu um rafíþróttir í Hörpu verða að veruleika. Leynd hvílir yfir málinu og vill hvorki Íslandsstofa né Rafíþróttasamband Íslands staðfesta áformin.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Nú stendur yfir undirbúningur við stóra alþjóðlega ráðstefnu sem halda á hér á landi. Ráðstefnan mun tengjast tölvuleikjum og rafíþróttum en Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasambands Íslands, kveðst ekki geta staðfest að svo stöddu hvort eða hvenær hún fari fram.

Áætlað er að fjöldi alþjóðlegra gesta sækji Ísland heim til að taka þátt í ráðstefnunni, sem gert er ráð fyrir að fari fram í tónleika- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Þar hefur starfsemi að mestu leyti legið niðri síðastliðið ár vegna kórónuveirufaraldursins svo ætla má að viðburðurinn komi sér vel fyrir rekstur hússins.

Þá herma heimildir að búð sé að taka frá um sex þúsund gistinætur á hótélum hérlendis til að hýsa gesti ráðstefnunnar.

Pétur Þorsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, kveðst ekki vilja staðfesta slíkar fregnir. Gistinóttum á hótélum á Íslandi hefur fækkað gríðarlega frá því í kórónuveirufaraldrinum.

Gistinætur á hótélum á Íslandi drógust saman um 86 prósent í maí í fyrra miðað við maí ári fyrr, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru gistinætur á hótélum 44 þúsund talsins í maí í fyrra en árið 2019 voru þær 315 þúsund í sama mánuði. Greiddar gistinætur í júlí árið 2020 voru um 667 þúsund en á sama tíma ári fyrr voru þær um 1.557.000. Rúmlega 70 prósent gistinættu voru skráðar á Íslendinga og tæp þrjátíu prósent á erlenda gesti.

Starfsfólki í tölvuleikjaindunum hér á landi fjölgaði um 35 manns árið 2020 og aldrei fyrr hefur verið veitt hærri upphæð til þess-




Gert er ráð fyrir að fjöldi erlendra gesta muni streyma til landsins til að taka þátt í ráðstefnunni sem fyrirhuguð er í aprílmánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Starfsfólki í tölvuleikjaindunum hér á landi fjölgaði um 35 manns árið 2020 og aldrei fyrr hefur verið veitt hærri upphæð til þessarar atvinnugreinar frá Tækniþróunarsjóði en á síðasta ári, eða 190 milljónir króna.

arar atvinnugreinar frá Tækniþróunarsjóði en á síðasta ári, eða 190 milljónir króna.

Í samtali við Fréttablaðið í byrjun febrúar segir Vignir Örn Guðmundsson, fyrrum formaður Samtaka íslenskra leikjaframleiðenda, að í kórónaveirufaraldrinum hafi vel mátt greina viðhorfsbreytingar í garð tölvuleikja, vel hafi komið í ljós hversu stóran þátt tölvuleikir geti haft á félagsleg tengsl.

„Augljóslega hefur sú einangrun sem fólk upplifði í kjölfar faraldursins haft áhrif á þessa vitundarvakningu um gildi og virði tölvuleikja í samhengi við heilbrigði, einmana-leika og tengsl,“ sagði Vignir Örn. [birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)



LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn

[www.lyfsalinn.is](http://www.lyfsalinn.is)

Frí heimsending!

# Heimsending innan tveggja tíma



**Driscoll's lífræn bláber** 125 g  
649 kr/pk



**Nick's ís**  
990 kr



**Romain salat** 200 g  
95 kr



**Doritos Nacho Cheese**  
189 kr



**Pepsi Max** 10 x 330 ml  
790 kr



**Naturmed spínat** 150 g  
259 kr



**Kryddað lambalæri**  
2.790 kr/kg



**Græn vínber í öskju** 500 g  
419 kr/pk



**Nóa kropp** 150 g  
349 kr



**Smass hamburgarar** 2 x 120 g  
529 kr

**Kíktu á uppskriftir  
eftir Lindu Ben á  
heimkaup.is**



**HEIMKAUP.IS**





Í Austurbæjarskóla á að gera íslenskuver. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Erlend börn sett í ónothæft ris

**SKÓLAMÁL** Stjórn Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur mót-mælir þeim fyrirætlunum að gera Íslenskuver fyrir erlend börn í risi Vitastígsálmú Austurbæjarskóla, sem Hollvínasamtök Austurbæjarskóla nota nú fyrir skólumunusafn. Samtökin segja aðgengi að rým-inu slæmt og flóttaleiðir langar. Það standist ekki nútímakröfur um skólahúsnæði barna.

Stjórnin bendir borgaryfir-völdum á að skólinn hafi yfir betra húsnæði að ráða þar sem aðgengi sé gott. Það sé spennistöðin sem standi sunnan við skólann og standist nútímakröfur. Það hafi verið lítið notað frá árinu 2014. Þá hafi Reykjavíkurborg einnig fengið Vörðuskóla til umráða. Það gæti verið mögulegt framtíðarhúsnæði fyrir Íslenskuver.

Skólumunusafnið sem velunnar-ar skólans komu upp geymir ýmsa muni frá 90 ára sögu skólans. – **bb**

## Læknaráð lýsir yfir áhyggjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn Læknaráðs Landspítala lýsir þungum áhyggjum af því að vinnsla leghálssýna í krabbameinsleit hafi verið flutt úr landi, þvert á ráðleggingar sérfræðinga. Læknaráðið lýsir einnig yfir áhyggjum af því að öryggi í krabbameinsgreiningu muni skerðast.

Í yfirlýsingu frá ráðinu segir að meirihluti fagráðs um legháls-skimanir hafi komist að þeirri niðurstöðu að starfseminni yrði best borgið hérlandis áfram. Fag-félög þeirra sérfræðinga sem sinna krabbameinsgreiningu og meðferð hafi komist að sömu niðurstöðu. Stjórn ráðsins tekur undir álit þessara sérfræðinga.

Í yfirlýsingunni segir að sú tóf sem verði óhjákvæmilega á vinnslu sýna muni valda konum sem biða eftir niðurstöðum vanlíðan. „Við slíkan flutning minnka möguleikar til vísindarannsókna, menntun lækna skerðist, mikilvæg sérþekking flyst úr landi og störf hverfa,“ segir enn fremur. – **bb**

# Telur brottflutning ungra og gamalla skýra fækkun

**HAFNARFJÖRÐUR** „Það náðist ekki að klára þetta fyrir fundinn í dag (gær) en ég lagði þetta fram á síðasta fundi,“ segir Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, um fyrirspurn sína í bæjarráði um áhrif folksfækkunar á tekjur bæjarins.

Íbúum í Hafnarfirði hefur fækkað um rúmlega 400 á síðustu fjórtán mánuðum og í fyrirspurninni óskar Adda eftir svörum um áætlaða lækun á útsvarstekjum bæjarins



Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði

og áætlað tekjutap í kjölfar fækkunarinnar.

„Ástæðan fyrir því að við erum að yta í þetta er sú hversu hægt það hefur gengið að byggja upp íbúðar-

húsnæði hérna,“ segir Adda. Þá segist hún telja ungt og eldra fólk þá hópa sem séu að flytja úr bænum.

„Það skiptir máli að við áttum okkur á því í hvaða stærðargráðu þetta er og hvað það kostar sveitarfélagið að það flytji svona margir úr bænum og hvernig eigi að bregðast við,“ segir Adda.

Að sögn Öddu telur hún Hafnar-fjörð hafa staðið sig verr í uppbyggingu en nágrennasveitarfélögin, litlar íbúðir vanti í bæinn.

„Það er búið að vera að breyta deiliskipulögum og endurskipuleggja endalaust og fólki bara fækkar,“ segir Adda.

„Nú er búið að úthluta dálítið af lóðum en engin hús eru komin upp enn þá. Við höfum upplifað það áður að lóðum hafi verið úthlutað en svo hafi allt farið til fjandans,“ bætir Adda við.

Búast má við svári við fyrirspurn Öddu á næsta bæjarráðsfundi þann 11. mars. – **bj**

# Eiga milljarða á reikningi en vilja samt spilakassana áfram

Rauði krossinn á Íslandi á rúma fjóra milljarða í eigið fé, þar af 1,6 milljarða í sjóðum og bankainnistæðum. Framkvæmdastjóri félagsins segir handbært fé einungis geta staðið undir eins árs útgjöldum þeirra verkefna sem spilakassar fjármagni. Spilakassar skiluðu félaginu 427 milljónum í tekjur árið 2019.

**SAMFÉLAG** Rauði krossinn á Íslandi átti samkvæmt reikningum félagsins 31. desember 2019, rúma fjóra milljarða í eigið fé. Þar af eru rúm 1,6 milljarðar handbært fé í sjóðum og bankainnistæðum. Skuldir voru þá alls rúmar 506 milljónir.

Í síðustu viku sendi Rauði krossinn frá sér yfirlýsingu þar sem félagið óskaði eftir samtali við stjórnvöld í von um að finna leiðir til að reka verkefni Rauða krossins á annan hátt en í gegnum fjáröflun með spilakössum. Árið 2019 skiluðu spilakassar Rauða krossinum 427 milljónum í tekjur en heildartekjur námu rúmum 2,7 milljónum.

Spurð hvort fjármagn úr spilakössum sé nauðsynlegt til að reka verkefni Rauða krossins, þegar lítið sé til fjárreiða félagsins og í ljósi umræðna um lokun spilakassa og kröfu þess efnis frá Samtökum áhugafólks um spilafíkn (SÁS), segir Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins, að handbært fé myndi einungis standa undir eins árs útgjöldum verkefna sem spilakassarnar fjármagni. Tekjur frá stjórnvöldum, sem námu tæpum milljarði 2019, fari í að greiða kostnað við rekstur ákveðinna verkefna en sjálfsaflafé fari til áhersluverkefna hverju sinni.

„Dæmi um slík verkefni eru viðbragðshópar og áfallateymi um allt land, Hjálparsíminn 1717, skaðaminnkunarverkefni og vinaverkefni til að rjúfa einangrun ýmissa hópa. Heildarkostnaður af slíkum verkefnum var um 1,5 milljarðar króna á árinu 2019,“ segir Kristín.

Spurð að því hvort þversögn felist



Rauði krossinn er meðal þeirra sem eru gagnrýndir fyrir að þiggja fé af spilafíklum spilasalanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Varasjóðurinn er bundinn í lögum félagsins.

Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi



í því að framlög úr spilakössum séu nýtt til að bregðast við neyð ákveðinna hópa á sama tíma og þau skapi neyð annars hóps, spilafíkla, segir Kristín að ef ráðist væri í fjáröflun í dag yrði önnur leið valin.

„Þessi fjáröflunarleið nær aftur til

áttunda áratugar síðustu aldar með svokölluðum „tikallaspilum“, sem á þeim tíma fjármögnuðu aðstoð við þá sem lentu í gosinu í Vestmannaeyjum,“ segir Kristín. „Við erum sammála SÁS hvað varðar mikilvægi þess að vernda þann viðkvæma hóp sem glímur við spilavanda. Við teljum rétt að stjórnvöld leiði þá vinnu að koma á einhverju kerfi eins og spilakortum,“ bætir hún við.

Kristín segir það mikilvægt fyrir Rauða krossinn að eiga „fé í handraðanum eins og áföll ársins 2020 sýna“, þó sé það ekki stefna félagsins að safna fjármunum. „Heldur þvert á móti, að verja þeim jafnóðum til góðra verka,“ segir Kristín og vísar í

lög Rauða krossins þar sem segir að tekjuskipting og önnur ráðstöfun fjármuna félagsins skuli byggja á gegnumstreymi fjár þar sem tekjur séu nýttar til grunnrekstrar og áhersluverkefna. Undanþeginn þessu sé varasjóður.

Í varasjóði Rauða krossins árið 2019 var 1,1 milljarður króna. Kristín segir sjóðinn til þess að grípa til komi til skjótra og kostnaðarsamra aðgerða í kjölfar alvarlegra náttúruhamfara eða stóráfalla hérlandis.

„Rauði krossinn hefur stórt og þýðingarmikið hlutverk í almannavörnum landsins. Varasjóðurinn er bundinn í lögum félagsins,“ segir Kristín. [birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)

## VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna. Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Hästens   
since 1852

Betra  
BAK

HÄSTENS VERSLUN  
Faxafeni 5, Reykjavík  
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16  
[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

# GRILL HAMBORGARINN

ÍSLENSKT  
30%  
FITA  
NAUTAKYÖT

25%  
afsláttur



Junkyard sósur  
Hvítlauks & dill, piparmæjo  
og íslensk kokteilsósa

589 kr/stk



Grill hamborgarinn  
2 x 130 g

562 kr/pk  
Verð áður 749 kr/pk

Vegan  
valmöguleiki



Beyond Meat Burger  
2 x 113 g

1.099 kr/pk

Tilboð gilda út 28. febrúar

20%  
afsláttur



Holta

Kjúklingalæri með legg

879 kr/kg  
Verð áður 1.099 kr/kg

20%  
afsláttur



ÍSLANDS  
LAMB

Lambalæri

1.439 kr/kg  
Verð áður 1.799 kr/kg

20%  
afsláttur



Holta

Kjúklingalundir

2.039 kr/kg  
Verð áður 2.549 kr/kg

NÝTT



Chicago Town  
Tomato stuffed crust

799 kr/stk

NÝTT



Cavendish franskar

Verð frá 374 kr/pk  
verð áður frá 499

25%  
afsláttur

NÝTT



Freyja mjólkursúkkulaði  
Með Djúpum og Sterkum djúpum

299 kr/pk

**TAX  
FREE**  
SNYRTIVÖRU  
DAGAR

Taxfree\* af öllum snyrtivörum  
24. febrúar - 3. mars

\*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

# HAGKAUP





# Mjúkis

## ÁRSINS 2021

— MED —  
KARAMELLUKURLI &  
DÖKKRI KARAMELLUSÓSU



Ís ársins 2021 er mættur. Láttu þessa ljúffengu karamellubombu bráðna í munni og hressa upp á bragðlaukana.

# Betur borgið



Hörður  
Áegisson  
hordur@frettabladid.is

Sögulega séð hefur íslenskt bankakerfi sjaldan staðið traustari fótum. Þær ströngu kröfur sem bönkunum hefur verið gert að uppfylla, sem grundvallast á evrópsku regluverki, eru flestar skynsamlegar og hafa aukið viðnámsþrótt þeirra þegar kreppir að. Sjónarmiðin sem togast á þegar rætt er um hversu langt eigi þar að ganga eru annars vegar varúðarkröfur og neytenda-vernd og hins vegar að starfsumhverfi bankanna sé með þeim hætti að það sé skilvirkt og hagkvæmt. Fjármálaáföll eru þjóðarbúinu dýr en óskilvirkt bankakerfi getur einnig grafið undan getu fjármálaframtækja til að þjóna fyrirtækjum og heimilum og þannig dregið úr hagvexti. Hvar þessi jafnvægisþunktur liggur er viðvarandi viðfangsefni en fullyrða má að síðustu ár hafi varúð trompað flest önnur sjónarmið.


Lítum á nokkrar staðreyndir. Eiginfjárlutföll íslensku bankanna, eins og rakið var í umfjöllun Markaðarins í vikunni, eru 23 til 27 prósent samborið við 21 til 25 prósent hjá stóru norrænu bönkunum. Sé hins vegar litið til vogunarhlutfalls, sumpart betri mælikvarði á fjárhagsstyrk banka, standa íslensku bankarnir öðrum norrænum bönkum framir. Hjá þeim íslensku er það 13,6 til 15,4 prósent en stærstu norrænu bankarnir, svo sem Swedbank og Nordea, eru með 5,1 til 7,1 prósent. Vogunarhlutföll bankanna hér á landi eru því um tvöfalt til þrefalt hærra en vogunarhlutföll stærstu norrænu bankanna. Það skýtur því skökku við þegar látið er að því liggja að það sé einhver meiri háttar hætta í uppsiglingu, fyrir stöðu bankanna og hagkerfið, ef eigið fé þeirra verður lækkað litillega. Öllum má vera ljóst að slíkur málflutningur er fjarstæðukenndur.

Bankarnir hafa staðið af sér kórónukreppuna betur en flestir þorðu að vona. Vegna sterkrar stöðu hefur Arion, einkabanki sem er skráður á markað, þá yfirlýstu stefnu að greiða út tugi milljarða af umfram eigin fé sínu til hluthafa, sem eru einkum íslenskir lífeyrisjóðir og verðbréfasjóðir, á komandi árum. Stjórnendur hans telja sig með öðrum orðum ekki geta náð þeirri ávöxtun á fjármagninu sem bankinn hefur sett sér og það sé því betur borgið hjá hluthöfum. Ríkið, sem eigandi Íslandsbanka og Landsbankans, gæti hæglega farið sömu leið með sérstökum arðgreiðslum sem væri þá um leið í samræmi við það ákall margra að bankarnir eigi að minnka. Það er ekki náttúruleg mál að nánast öll bein fjármögnun íslensks atvinnulífs þurfi að fara í gegnum bankakerfið.

Er eitthvað óeðlilegt við arðgreiðslur fyrirtækja? Oft mætti ætla að svo væri af umræðunni að dæma. Við þær aðstæður sem nú eru í hagkerfinu, þar sem eftirspurn fyrirtækja eftir lánsfé er takmörkuð, hafa bankarnir skiljanlega ekki hvata til að yta undir útlánaþenslu. Það gilda sömu lögmál um banka og önnur fyrirtæki í atvinnurekstri. Ef þeir geta ekki ávaxtað það eigið fé sem er langt umfram kröfur eftirlitsstofnana, þá standa góð rök til þess að fjármagninu komi að betri notum í höndum hluthafa í stað þess að það sé læst inni í bönkum. Við þurfum nefnilega á því að halda að beina þolinmóðu fjármagni í fjárfestingu og neyslu.



Það skýtur skökku við þegar látið er að því liggja að það sé einhver meiri háttar hætta í uppsiglingu ef eigið fé banka verður lækkað litillega.



VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í ALHLIÐA RÆSTINGUM

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu  
rtk.is - rtk@rtk.is - 419 1000 - Nýbýlavegur 32

Halldór



## Frá degi til dags

### Ísland í dag

„Þar sem ég er nú enn þá í pólitík í einhvern tíma í viðbót ákvað ég að halda ræðu á Alþingi í gær um efni sem mér finnst að þyrfti að komast til sem flestra,“ skrifði Ágúst Ólafur Ágústsson á Facebook í gær og ætlar greinilega hvergi að slá af á endaspretti sínum út af þingi. Kjarna ræðunnar reifaði hann í sex tölusetum atriðum sem hann vill að þingheimur breyti. Meðal annars því að ríkustu 10% Íslendingarnir eigi meira af hreinum eignum en restin af þjóðinni og að aldrei hafi jafnmargir þurft að sækja sér mataraðstöð á Íslandi.

### Félagi Ágúst Ólafur

Ágúst Ólafur tók sér það besauleyfi að skrifa erindi sitt einnig á Facebook-vegg Sósíalístaflökks Íslands með kurteislegum fyrirvara um að slíkt geri hann stundum þegar hann viti þar af áhuga fyrir efninu. „Og kannski er það sérstaklega leyfilegt núna þar sem ég er nú á leiðinni af Alþingi.“ Gunnar Smári Egilsson, helsti hugmyndafræðingur Sósíalista, tekur Ágústi vel enda þurfi hann ekkert að afsaka sig þar sem vettvangurinn er opinn. Gunnar Smári hefur ekki gefið mikið fyrir jafnaðarhugmyndir Samfylkingarkratta þannig að með réttum áherslum gæti Ágúst Ólafur mögulega átt meiri hljómgrunn hjá Sósíalísta. toti@frettabladid.is

## Atvinnulífið sái þróunarfræjum



Guðlaugur Þór  
Þórðarson  
utanríkis- og  
þróunarsam-  
vinnuráðherra



Sagan hefur kennt okkur að þegar kreppir að efnahagslega leysast oft og tíðum úr læðingi einstakir kraftar nýsköpunar og frumkvöðla-starfs.

Í Kína er hitaveita sem byggð var að hluta á íslenski verkþekkingu og yljár nú milljónum manna.

Áður voru kol notuð til húshitunar á svæðinu, en þau eru nú óþörf. Samdrátturinn í útblæstri gróðurhúsalofttegunda vegna hitaveitunnar nemur öllum útblæstri frá Íslandi, og gott betur. Þetta er gott dæmi um hvernig íslensk þekking hefur nýst til framþróunar í öðrum ríkjum, heiminum öllum til hagsbóta.

Sagan hefur kennt okkur að þegar kreppir að efnahagslega leysast oft og tíðum úr læðingi einstakir kraftar nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Þetta gerðist í síðustu kreppu og við erum strax farin að sjá merki um sama sköpunarkraft í þeirri óvissu sem atvinnulífið býr nú við vegna heimsfaraldursins. Þennan kraft vildum við sækja og virkja í þróunarsamvinnu.

Utanríkisráðuneytið hefur nú, í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Tækniþróunarsjóð, sett á fót nýjan styrktarflokk, þróunarfræ, en tilgangur hans er að hvetja íslenskt atvinnulíf og einstaklinga til að taka þátt í þróunarsamvinnu. Tækniþróunarsjóður hefur tekið að sér að annast umsýslu þróunarfræs, sem lýtur sviðum reglum og svokallaðir FRÆ styrkir Tækniþróunarsjóðs. Um er að ræða forkönnunarstyrki sem munu renna til verkefna sem hafa það að markmiði að draga úr fátækt og skapa atvinnu í fátækari ríkjum heims, einkum með tilliti til nýsköpunar á tímum COVID-19.

Við munum öll þurfa að glíma við eftirköst veirunnar í mörg ár, en faraldurinn hefur komið hvað verst við íbúa í þróunarríkjum. Fjöldi starfa hefur tapast og atvinnuleysi geisar sem aldrei fyrr, þeim fjólgar sem búa við sára fátækt og þá hefur faraldurinn haft neikvæð áhrif á menntun, einkum stúlkna.

Samstarf við atvinnulífið er nauðsynlegt ef við ætlum að takast á við þessi aðkallandi verkefni í kjölfar COVID-19 og ég veit að íslenskt atvinnulíf býr yfir þekkingu og drifkrafti til að takast á við þau með okkur.



# Framlag til heimsmála

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Þetta er auðvitað ekki einleikið. Loksins þegar höfuðborgarþúar sáu fram á að geta komist almennilega á skiði eftir að veiran hafði bæði komið í veg fyrir ótakmarkaða skiðamennsku og komið óorði á skiðamennsku — því skiðamenn voru jú með þeim fyrstu til að smitast af Covid — þá kom jarðskjálftahrina og Bláfjöllum var lokað. Í alvöru? hugsuðu þá margir og hentu frá sér skiðastöfum í pirringi. Var heimsfaraldur ekki nóg?

Auðvitað er jarðskjálfti aldrei kurteis. Hann gerir engin sérstök boð á undan sér af tillitssemi eða ákveður af nærgætni við þjakaðan almenning að biða aðeins með að koma. Ef Jörðin þarf að losa um spennu, þá bara gerir hún það. Jörðinni er nokk sama um okkur. Ef hún þarf að hristast og skjálfa, þá er það svo, og við hér maurarnir hoppum og skoppum og komumst ekki á skiði út af því. Blessunarlega varð engum meint af, en eftir stendur þó tilfinningin í hugarþeli okkar flestra held ég: Eitthvað verra getur alltaf gerst. Að búa á Íslandi er eins og að búa á Tilraunastöð Almættisins í Jarðhræringum og Náttúruvá. Við höfum aldrei upplifað svona, sagði jarðskjálftafræðingur. Það getur allt gerst. Við höfum heldur aldrei upplifað eldgos á höfuðborgarsvæðinu, sagði þá annar, og ég er ekki frá því að það hafi örlað á vísindalegum spenningi. Það yrði nú eitthvað.

Þetta er svona: Út af aðstæðum eru Íslendingar sérfræðingar í almannavörnum. Ég er viss um að margir hafa þegar áttað sig á þessu, en ég held hins vegar að nú sé upp runninn sá tími í heimsögunni að við þurfum að fara að segja þetta upphátt og kannski líta svo á að hér hafi orðið til á norðurhvara ákveðin sérþekking sem gæti nýst restinni af heimsbyggðinni. Á meðan flestar þjóðir, og í öllu falli þær stærstu, hafa mestmegnis verið uppteknar við það í áhrundruð að berjast við hverja aðra út af einhverju sem fáir muna, hefur þessi þjóð mátt búa við það hér norður í hafsauga, fjarri siðmenningu lengst af, að eiga í eilífum skærum við náttúruna upp á líf og dauða. Æði oft hefur náttúran skilið þjóðina eftir í miklum sárum, en með tímanum hefur hér byggst upp þekking, reynsla og kunnátta. Þjóðin er almannavarnir.

## Veiran er náttúruvá

Lítum á viðbrögðin við veirunni. Eftir því hefur verið tekið að íslenskur lagarammi, hefðir og vinnubrögð eru frábrugðin því sem tíðkast víðast í okkar nágrennaríkjum þegar kemur að því að taka á svona heimsfaraldri. Við virkjendum strax almannavarnakerfið. Við skilgreindum veiruna sem náttúruvá. Þríeyki tók við. Pólitik steig til hliðar. Björgunarsveitahugarfarið hefur ráðið för, með skýrum ferlum, verkaskiptingum og vel skilgreindri ábyrgð.

Þetta hugarfar hefur reynst árangursríkt. Áhersla er lögð á fyrirliggjandi staðreyndir, flæði upplýsinga og útskýringar á ákvörðunum. Reynt er að hafa fólk á sömu blaðsíðunni. Viðurkennt er að vanni fylgir óvissa og flestir gera sér grein fyrir að í aðstæðunum

er ekki hægt að vera fullkomlega óskekul. Fáir brúka munn, ef nokkrir, og almennt virðist ríkja traust til þess að þegar vörn er yfirstaðin getum við haldið áfram okkar lífi eins og áður, og gríman verður til dæmis ekki varanleg líkt og hún hafi allan tímann verið samsæri aflla, eins og sumir virðast halda í sumum löndum. Hér virðist nefnilega ríkja — þótt oft fari hér fólk vissulega í hár saman út af smámunum — verulega mikið

traust þegar kemur að svona náttúruglímum, og traust er samfélagsleg auðlind. Hennar höfum við notið undanfarið.

Glöggir lesendur greina nú væntanlega að hér myndast ég við að vera uppbyggilegur og jákvæður í garð íslensks samfélags, tuskaður til þess arna af jarðskjálfta og vírus. Betur færi auðvitað á því í pistli í dagblaði að vera grimmari, en lykilatriðið er þetta: Tuttugasta og fyrsta öldin verður, vegna loft-

lagsbreytinga, öld náttúruhamfara. Þau tímamót urðu á Parísar ráðstefnunni fyrir nokkrum árum að þjóðir hættu að ræða einungis um það hvernig mætti koma í veg fyrir hamfarahlýnun, heldur ekki síður hvernig ætti að búa sig undir það að hún væri í raun skollin á. Það sjáum við víða. Þjóðir víða um heim hafa í samræmi við þessu áherslubreytingu ráðist í miklar aðgerðir til þess að efla öryggi og almannavarnir vegna sívaxandi

hamfara; flóða, skógarelda, storma og þurrka. Nú ætla ég að halda því fram að í uppsafnaðri reynslu okkar Íslendinga á þessu titrandi landi jarðhræringa og veðurofsa, liggi næsta og kannski mikilvægasta framlag þjóðarinnar til heimsmálanna. Við eigum að flytja út þessa nálgun og boða hana. Að þegar vá stöðjar að, eins og hamfarahlýnunin er, þá förum við í björgunarsveitarhaminn og mössum málið.

# HUGSAÐU VEL UM TANNHEILSUNA



FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætufernis í tyggigúmmli



# SAMSUNG TILBOÐSDAGAR



KÍKTU Á ÚRVALIÐ

**ORMSSON.IS**



ormsson

Opnunartímar  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardagar kl. 11-15

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á  
**ORMSSON.IS**



\*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUDÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI SÍMI  
461 5000

PENNINN  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333

TEKNIBORG  
BORGARNESI  
SÍMI 422 2211

OMNIS  
AKRANESI SÍMI  
433 0300



3999.-


BÓKAHÖLL VIÐ LAUGARDALSVÖLL



999.-



1999.-



# BÓKAMMAR


Laugardalsvelli

FRÁ 25. FEBRÚAR


TIL 14. MARS




1990.-



2400.-



990.-



1490.-



990.-



990.-




1990.-




3999.-



2490.-



1990.-



2999.-

VERUM UMHVERFISVÆN - NOTUM MARGNOTA BURÐARPOKA

# KAÐURINN

OPIÐ KL. 10 - 21 ÖLL KVÖLD

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

ÞÚSUNDIR TITLA


SPARAÐU ÞÚSUNDIR




1990.-




1490.-




2490.-




1990.-



3999.-



790.-



2990.-



1490.-



### LeBron James

Í raun væri hægt að nefna flesta leikmenn NBA-deildarinnar til sögunnar þegar kom að deilum við Donald Trump, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, og fjölmarga aðra íþróttamenn í fremstu röð í Bandaríkjunum. Trump og hans fylgismenn voru duglegir að gagnrýna íþróttafólk þegar það reyndi að vekja athygli á brotum á réttindum minnihlutahópa en það voru ekki margir sem voru tilbúnir að ganga harðar fram en LeBron James. LeBron, sem er af mörgum talinn einn af bestu körfuboltamönnum allra tíma, gekk harkalega fram af Trump og kallaði hann ónyttjung (e. Bum) þegar Trump brást harkalega við eftir að þáverandi meistari NBA-deildarinnar, Golden State Warriors, afþakkaði boð um að hitta forseta Bandaríkjanna eins og tíðkast hefur um áratugabil.

Fylgismenn Trump kölluðu eftir því að LeBron myndi einbeita sér að íþróttinni í stað samfélagsmála en tæplega ári síðar virtist Trump vera að skjóta á LeBron þegar hann sagði að þáttastjórnandanum Don Lemon hefði tekist að líta heimskulega út við hliðina á körfuboltamanninum sem væri afar erfitt verkefni.

## Deilur milli pólitíkusa og íþróttamanna

Rússneskur ishokkíleikmaður var í vikunni sakaður um tíu ára gamalt ofbeldisbrot, stuttu eftir að hann lýsti yfir stuðningi við stjórnarandstæðinginn Alexi Navalný. Félag hans segir þetta þöggunartilburði. Það yrði ekki í fyrsta sinn sem þjóðarleiðtogar setja sig upp á móti íþróttastjórnnum vegna pólitískra skoðanna þeirra.

**ÍÞRÓTTIR** Sífellt fleiri íþróttamenn nýta fræð sína og frama til þess að hafa áhrif utan vallar á jákvæðan hátt miðað við það sem þekktist hér á árum áður. Á skömmum tíma hefur hinn tvítugi Marcus Rashford farið úr því að vera aðeins knattspyrnumaður í að vera eitt helsta sameiningartákn baráttunnar gegn fátækt barna sem líða matarskort í Bretlandi. Á sama tíma berast reglulega fréttir af góðverkum íþróttamanna út um allan heim.

Pólitik hefur aldrei verið langt undan þegar kemur að Ólympíuleikunum en árið 1908 neitudu írskir íþróttamenn að taka þátt á Ólympíuleikunum í London til að mótmæla synjun breskra stjórnvalda á sjálfstæði Írlands. Þá er frægt þegar fjölmargar þjóðir ákváðu að sniðganga Ólympíuleikana í Moskvu árið 1980 og bandamenn Sovétríkjanna sniðgengu næstu Ólympíuleika í Los Angeles. Um leið er eitt eftirminnilegasta atvik í sögu leikanna þegar Tommie Smith og John Carlos reistu hansaklædda hnefa á loft á Ólympíuleikunum 1968 til að mótmæla misrétti í Bandaríkjunum við verðlaunafhendinguna.

Á sama tíma geta deilur íþróttamanna við stjórnvöld leitt til þess að þjóðarleiðtogar gripi til aðgerða í garð íþróttamanna til að reyna að þagga niður í viðkomandi. Það er ýmist gert með fréttáflutningi af ósæmilegu hátterni tilheyrandi leikmanns eins og rússneski ishokkíleikmaðurinn Artemi Panarin er að kynnst þessa dagana, með því að mála einstaklinginn sem óvin ríkisins líkt og Enes Kanter hefur kynnst eða með lítillækkandi ummælum.

» Stuðningur Enes Kanter við stjórnarandstæðinginn Fethullah Gulen gerði það að verkum að ríkissaksóknari Tyrklands óskaði eftir því að Kanter yrði settur á lista Interpol sem hryðjuverkamaður.

Fréttablaðið tók saman nokkur nýleg dæmi um deilur íþróttafólks við stjórnvaldaleiðtoga sem hafa haft mismiklar afleiðingar. – kpt



### Enes Kanter

Körfuboltamaðurinn Enes Kanter hefur ekki getað farið til Tyrklands undanfarin ár og forðast að ferðast til Evrópu af ötta við að tyrknesk stjórnvöld gripi til aðgerða. Kanter er stuðningsmaður Fethullah Gulen stjórnandstæðings og kallaði Recep Tayyip Erdogan, forseta Tyrklands, Hitler nútímans í færslu á samskiptamiðlum á sínum tíma. Fjölskylda Enes greip til þess ráðs að afneita syni sínum eftir að faðir hans var rekinn úr stöðu sinni sem kennari við háskóla vegna tengsla sinna við körfuboltamanninn. Árið 2017 reyndu tyrknesk stjórnvöld að ná til Kanter sem flúði Indónesíu en festist í Rúmeníu eftir að tyrknesk stjórnvöld ógildu vegabréf hans á grundvelli þess að hann væri hluti af hryðjuverkahóp. Fljótlega gáfu tyrknesk stjórnvöld út handtökuskipun á Kanter og kröfðust þess að hann myndi koma til landsins eða missa ríkisborgarétt sinn.

Tveimur árum síðar neitaði Kanter að ferðast með liði sínu frá Bandaríkjunum í leiki í Kanada og Bretlandi en í sama mánuði óskaði Tyrkland eftir því að hann yrði framseldur og settur á lista Interpol yfir eftirlýsta glæpamenn. Miðherjinn hefur átt erfitt með að festa rætur í NBA-deildinni undanfarin ár en félög hans hafa sýnt málefni hans skilning og stutt við bakið á honum.



### Megan Rapinoe

Rapinoe varð ein umtalaðasta knattspyrnukona heims árið 2019 þegar hún fór fyrir liði Bandaríkjanna á HM í knattspyrnu og var um leið óhrædd við að segja sínar skoðanir utan vallar. Á miðju móti sagðist Megan ekki hafa áhuga á að heimsækja Hvíta húsið ef Bandaríkin ynnu gullið enda var hún áður meðal annars búin að saka Trump um að vera karlremba.

Trump hélt aftur af sér í gagnrýninni í garð Rapinoe og sagði kvennalandsliðinu að þeim væri boðið í heimsókn í Hvíta húsið

óháð úrslitunum á mótinu. Á sama tíma óskaði fyrrverandi forsetinn eftir því að leikmenn liðsins hættu að vanvirða bandaríska fánann fyrir leiki.

Rapinoe tókst að fá sínu framgengt og ákvað liðið í sameiningu að afþakka boð forsetans um að heimsækja Hvíta húsið. Þess í stað hélt kvennalandsliðið sigurvegarátt í New York þar sem Rapinoe talaði fyrir jafnrétti og friði. Í ræðunni hvatti Rapinoe íbúa Bandaríkjanna til að verða betri manneskjur til að bæta samfélagið.



### Artemi Panarin

Rússneski ishokkíleikmaðurinn hefur notið stuðnings félags síns, New York Rangers, sem fullyrta að fréttáflutningur af ofbeldi Panarins í garð konu fyrir tíu árum síðan sé að beiðni stjórnvalda í Moskvu. Fréttirnar komu tæpum mánuði eftir að Panarin lýsti yfir stuðningi við stjórnarandstæðinginn Alexi Navalný.

Fyrrum þjálfari Panarins, Andrei Nazarov, sem þjálfaði Panarin þegar hann lék í Rússlandi, steig fram og sagði frá því að Panarin hafi ráðist á konu á hótélbar árið 2011 en

náð að sleppa stikkfrír með mútugreiðslum. Samkvæmt Panarin deildu þeir oft um skoðanir á Vladimir Pútin, forseta Rússlands, og hefur Nazarov margfalt lýst yfir hollustu sinni í garð forseta Rússlands. Fyrir vikið hefur félag Panarins lýst stuðningi sínum við leikmann félagsins og segir að þetta sé tilraun rússneskra stjórnvalda til að lítillækka andstæðing Pútíns. Sjálfur er Panarin kominn í ótímabundið leyfi og óttast öryggi sitt og fjölskyldu sinnar, að sögn New York Post.

# ÍSLÓE

FÖSTUDAGUR 26. FEBRÚAR 2021

Íslenskt láttu það ganga



Karen Jónsdóttir, sem er að alla jafna kölluð Kaja, er þekkt fyrir frumkvöðlastörf sín, meðal annars þegar kemur að því að framleiða lífrænar matvörur. ➔3

Íslensk hráefni fyrir þína liðaheilsu



**EYLÍF**

Heilsan er dýrmætust  
[www.eylif.is](http://www.eylif.is)



Arnar Þór Þórsson, stofnandi og eigandi Dronefly ehf., segir að starfsemi fyrirtækisins sé fjölbreytt, en Dronefly er stærsta sérhæfða drónafyrirtæki landsins. Fyrirtækið er með drónaverslun, verkstæði, námskeið, leigu og umfangsmestu upptökuþjónustu með dróna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Veita alhliða drónaþjónustu

Dronefly er komið í nýjar höfuðstöðvar. Þar er mesta úrval landsins af drónum, verkstæði og drónaleiga. Einnig bjóða þeir upp á drónamyndatöku. ➔2

## Framhald af forsiðu →

Arnar Þór Þórsson er stofnandi og eini eigandi Dronefly ehf., sem var stofnað árið 2014 og er ört stækkandi fyrirtæki í drónaheiminum á Íslandi. Arnar var fyrstur til að flytja inn, selja og þjónusta alvöru dróna á Íslandi og Dronefly hefur því mestu reynsluna í sölu og ráðgjöf á landinu.

„Dronefly ehf. er stærsta og elsta sérhæfða drónafyrirtækið á Íslandi, stofnað eftir nokkura ára einyrkjavinnu mína sem upptöku- maður og drónaflugmaður,“ segir Arnar. „Þegar ég stofnaði Dronefly var lítið sem ekkert um dróna á Íslandi, en nú eru þeir orðnir mjög algengir, svo að þróunin hefur verið hröð á þessu sviði.“

Haustið 2014 fór ég ásamt ráðgjafa mínum til Kína á fund með stærsta drónafyrirtæki heims, DJI. Á þeim tíma leit fyrirtækið á litla Ísland sem nál í heystakki og vildu í raun ekki fara inn á markaðinn,“ segir Arnar. „En á þessum fundi skrifaði ég undir samning á milli DJI og Dronefly ehf. um að byrja selja DJI vörur á Íslandi.“

Nú er starfsemi Dronefly fjölbreytt,“ segir Arnar. „Dronefly er með drónaverslun, verkstæði, námskeið, leigu og umfangsmestu upptökuþjónustu með dróna á Íslandi.“

## Gjörbreyttu stöðunni í drónamyndatöku á Íslandi

„Í dag er einfalt að stýra drónum. Þeir eru flestir með áfastri myndavél og einfalt er að fylgjast með því sem drónin sér út um myndavélina með snjallsíma, spjaldtölvu eða áföstum skjá,“ segir Arnar. „En í upphafi bauð DJI hins vegar ekki upp á alhliða lausn fyrir myndavél og sendibúnað fyrir drónanna, þannig að maður þurfti að bæta myndavélinni við sjálfur til að sjá það sem var verið að mynda. Ég og Jón Halldór Arnarsson, verkfræðingur Dronefly, útveguðum því skjái og sendibúnað í samstarfi við fjögur stærstu fyrirtæki í heiminum sem sérhæfa sig á þeim sviðum. Með þessum hætti náðum við að gjörbreyta stöðunni í drónamyndatöku á Íslandi.“

Síðan þá hefur þróunin á drónum farið fram úr væntingum á ári hverju og það koma alltaf nýjungar. Núna erum við t.d. að selja og þjónusta kafbátadróna sem geta kafað á allt að 150 metra dýpi í sjó eða vatni,“ segir Arnar.


## Glæsilegar nýjar höfuðstöðvar í Grafarvogi

„Við erum nýfluttir með alla okkar starfsemi í Jöfursbás 4 á Gufunesvegi í Grafarvogi í Reykjavík. Þetta svæði er oft nefnt litla Hollywood, vegna þess að fleiri stórfyrirtæki innan kvikmyndaiðnaðarins eru staðsett hérna í kringum okkur,“ segir Arnar. „Hér höfum við opnað glæsilega 80 fermetra sérhæfða drónaverslun sem er með landsins mesta úrval af drónategundum og tengdum aukahlutum. Við erum í samstarfi við nokkur stærstu drónafyrirtæki heims, svo sem DJI, SwellPro og Chasing Innovation og fylgjumst náið með þróuninni í þessum geira. Það munu svo fleiri tæki og framleiðendur bætast við í flóruna á næstu misserum.“

Við erum líka með fullbúið verkstæði til að þjónusta dróna,“ segir Arnar. „Það hefur verið rekið síðan árið 2015 og við erum með mestu reynsluna á landinu í þjónustu og viðgerðum á drónum. Verkstjóri þar er Jón Halldór Arnarsson, en hann er MSc verkfræðingur í önnunum flýgildum, eða m.ð.o. drónaverkfræðingur. Hann starfar þar ásamt rafíðnfræðingi og okkur reynsluboltunum og við gerum við



Dronefly ehf. var að flytja í glæsilegar nýjar höfuðstöðvar þar sem finna má landsins mesta úrval af drónategundum og tengdum aukahlutum, fullbúið verkstæði til að þjónusta dróna og kennsluástöðu. Þar er alltaf heitt á könnunni og allir fá góða og persónulega þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Jón Halldór Arnarsson með sérsmiðaða hybrid drónann. Hann er með 2,8 metra vænghaf, flugþol upp á fjórar klukkustundir og um 50 km drægni.

allar stærðir og gerðir dróna.

Við erum líka með kennsluástöðu og nýtum fallega svæðið á Gufunesi til að þjálfa einstaklinga og starfsmenn fyrirtækja í drónaflugi og njótum jákvæðra samlegðaráhrifa af þessari nálægð við kvikmyndaiðnaðinn,“ segir Arnar. „Fyrir Covid vorum við með grunnþjálfun í drónaflugi á föstum dagsetningum og höfum kennt í lðan fræðslusetri um árabíl. Slik námskeið verða auglýst aftur síðar.“

## Persónuleg þjónusta og leiga á drónum

„Hjá okkur er alltaf heitt á könnunni og við veitum persónulega þjónustu og setjum okkur inn í mál allra sem leita til okkar í sölu og ráðgjöf,“ segir Arnar. „Við tökum líka að okkur að sérpanta alls konar dróna og aukahluti þeim tengdum, svo sem rafhlöður, töskur og alls kyns tæki og búnað fyrir einstaklinga og fyrirtæki.“



Þessi Chasing M2 pro kafbátadróni getur kafað á 150 metra dýpi.

Við höfum líka sérsmiðað marga dróna, en þar ber helsta að nefna hybrid, drónann sem hann Jón Halldór smiðaði. Hann er með 2,8 metra vænghaf, flugþol upp á fjórar klukkustundir og um 50 km drægni,“ segir Arnar. „Það tæki er nú í notkun við hreindýrasmölun á Grænlandi.“

Við bjóðum einnig upp á leigu á drónum fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hjá okkur er hægt að leigja allar gerðir dróna, raf-



Dronefly býður meðal annars upp á drónamyndatöku. Hér er Arnar með vandaðan Shotover U1 kvikmyndadróna sem er með Ronin 2 gimbal.



Matrice 300 RTK dróni með H20T hitamyndavél, aðdráttarlinsu, fjarlægðaskynjara og viðlinsu.

hlöður og annan búnað tengdan kvikmyndaiðnaði,“ segir Arnar. „Drónana er hægt að leigja bæði með eða án flugmanns.“

## Gríðarleg kvikmyndatökureynsla

„Við sinnum kvikmynda-, sjónvarpsþátta-, auglýsinga- og heimildamyndatöku og bjóðum líka upp á almenna loftmyndatöku fyrir bæjarfélög, hið opinbera, verkfræðistofur, húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Við erum með landsins mestu reynslu í kvikmyndatöku með drónum,“ segir Arnar. „Hjá okkur starfa sérhæfðir drónaflugmenn sem hafa unnið verkefni fyrir allt frá Hollywood niður í húsfélög. Við tökum meðal annars upp fyrir stórmyndina

1917 sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir kvikmyndatöku á síðasta ári.

Við höfum líka tekið upp fyrir mörg fleiri stór verkefni eins og Star Trek þættina á Netflix, Ófærð, HBO, National Geographic, Eurovision-myndina hans Will Ferrell, MTV, Disney, BBC, CBS, ótal Hollywood og Bollywood verkefni, ásamt rísa auglýsingum fyrir bílaframleiðendur, erlend flugfélög og tiskufyrirtæki,“ segir Arnar. „Við höfum því gríðarlega mikla og fjölbreytta reynslu.“

Hægt er að hafa samband við Dronefly í síma 566 6666 og í gegnum netfangið dronefly@dronefly.is. Nánari upplýsingar má finna á www.dronefly.is.



# Samfélagsábyrgð fyrirtækja

FÖSTUDAGUR 26. FEBRÚAR 2021



Hrunn Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, segir félagið vera brúarsmið milli einkageirans og hins opinbera hvað varðar sjálfbærni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Við viljum öll sjálfbært samfélag

Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, fagnar brátt 10 ára afmæli. Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð og sjálfbærni fyrirtækja, stofnana og skipulagsheilda. ➔2

Framhald af forsiðu ➔

Festa er brúarsmiður milli hins opinbera og einkageirans, ólíkra fyrirtækja og geira, og tengir umræðuna hérlendis markvisst við þróunina hjá leiðandi aðilum á alþjóðlegum vettvangi.

Festa var stofnuð fyrir 10 árum af sex fyrirtækjum, Landsvirkjun, Íslandsbanka, Landsbanka, Simanum, Össuri og Rio Tinto á Íslandi. Í upphafi snerist vinnan hjá miðstöðinni aðallega um að útskýra hvað sjálfbærni og samfélagsábyrgð væri og sannfæra fyrirtæki um að koma um borð. Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, segir að í dag sé staðan önnur.

„Núna er þetta ekki spurning um hvort þú ætlir að vera með sjálfbærni í kjarnarekstri. Eftir einhverj ár munu þau fyrirtæki sem ekki eru á vegferð í átt að meiri sjálfbærni og grænum rekstri, ekki þrífast,“ segir hún.

Í tilefni af 10 ára afmælinu lagði Hrund fyrir könnun meðal allra formanna, varaformanna, framkvæmdastjóra og stofnaðilanna sex. Þar spurði hún nokkurra spurninga en ein þeirra var: Hvernig lítur drauma sjálfbæra samfélagið út, sem fær 10 í ein-kunn? Þátttakendur lýstu því. Því næst spurði hún hvaða einkunn þau myndu gefa Íslandi í dag. Svárið var 5,5 að meðaltali.

„Ég dró niðurstöður könnunarinnar saman í þrjá lykla að sjálfbæru Íslandi,“ útskýrir Hrund. Lyklarnir eru:

- Að „yfirvöld og opinberir aðilar hafi hugrekki til að standa með framtíðarkynslóðum í stað fortíðarhópa“, eins og einn viðmælandinn orðaði það. Stika leiðina skilmerki-lega og á hvetjandi hátt svo fyrirtæki og einstaklingar rati leiðina.
- Að segja nei við starfsemi sem stuðlar ekki að sjálfbærum lífnaðarháttum og rekstri. Það er ekki skynsamleg fjárfesting. Að stjórnir, stjórnendur, eigendur, leiðtogar og fyrirtæki, hafi bæði þekkingu og skýra sýn þegar kemur að sjálfbærni í rekstri og hafi hugrekki til að starfa í þeim anda.
- Að hugsa til lengri tíma er mikilvægt í þessum efnunum. Að hugarfarsbreyting eigi sér stað hjá fólki. Að það líti í eigin barm, bæði í sambandi við fjárfestingar, lán og neyslu.

Auk þessara lykla nefnir Hrund einnig grænþvott. Grænþvottur er þegar fyrirtæki setur fram rangar eða villandi upplýsingar um umhverfisáætli eigin vöru. Hann er græn markaðssetning sem gefur til kynna að frammi stæða seljandans sé betri eða ágæti vörunnar eða þjónustunnar meira frá sjónarhóli sjálfbærrar þróunar en innistæða er fyrir.

„Í raun er sjálfbærni-vegferðin ekki val eða áhugamál fólks. Sjálfbærni er og verður í vaxandi mæli í lögum og reglugerðum og þú kemst ekkert upp með grænþvott,“ segir Hrund og vísar sem dæmi í flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy). Að auki eru fyrirtæki farin að sjá bæði arðsemi af sjálfbærum rekstri sem og aukið samkeppnisforskot á markaði og um hæft starfsfólk.

**Áhugi á sjálfbærni eykst**

Festa eru frjáls félagasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Reksturinn er byggður á félagsgjöldum frá aðildarfélögum. Þau eru allt frá minnstu upp í stærstu fyrirtæki landsins. Aðildarfélögin eru einnig opinberar stofnanir eins og til dæmis Háskóli Íslands og Umhverfisstofnun og sveitarfélög, til dæmis, Reykjavíkurborg, Kópavogur og Höfn í Hornafirði.



Á myndinni eru stjórnarmenn í Festu, ásamt Hrund og Hörpu. Á myndinni frá vinstri í aftari röð eru: Hrund, Aðalheiður Snæbjarnardóttir, Gunnar Sveinn Magnússon, Sæmundur Sæmundsson, Gestur Pétursson, Ingibjörg Ólafsdóttir og Harpa. Fremri röð frá vinstri: Hrefna Briem, Tómas Möller, formaður Festu, og Erla Tryggvadóttir, varaformaður Festu.

MYNDIR/ÞSENDAR



Á myndinni eru þær Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, og Harpa Júliusdóttir verkefnastjóri staddar á Janúarráðs stefnu félagsins.

„Festa er vettvangur þar sem þessir aðilar koma saman og deila reynslu og vegferð sinni. Festa býður líka upp á fræðslu, vinnustofur og ráðstefnur. Við höldum um það bil 40-60 viðburði á ári sem aðildarfélög hjálpa okkur að móta. Við leitum mikið í þann viskubrunn sem aðildarfélögin eru. Við erum líka tengd við aðila úti í heimi sem eru að gera leiðandi hluti,“ segir Hrund.

„Festa er líka brúarsmiður. Við brúum oft samtál á milli hins opinbera og einkageirans hvað varðar sjálfbærni. Við tökum líka þróunina erlendis og þýðum hana yfir á íslenskt umhverfi. Við þýðum til dæmis leiðbeiningar í átt að sjálfbærni yfir á íslensku. Á janúarráðstefnunni okkar vorum við með erlenda fyrirlesara sem eru framarlega á sínum sviðum og settum íslenskan texta á erindi þeirra.“ Hægt er að nálgast erindin á heimasíðu Festu.

Hrund útskýrir að Festa sé ekki einungis fyrir aðildarfélögin. Árlega eru haldnir viðburðir sem eru öllum opnir. Janúarráðstefnan var til dæmis sýnd á netinu og áhorfendur á einni viku voru um 8.000.

„Það er aukinn áhugi á þessum málaflokki,“ segir Hrund. „Sjálfbærni felur í sér jafnvægi á milli fólks, efnahags og náttúru.“

**Loftslagsmál í brennidepli**

Í september leiddi Festa, ásamt Samtökum fjármálafyrirtækja, Landssamtökum lífeyrissjóða og forsætisráðuneytinu, Viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar eftir COVID-19.

„Þessi viljayfirlýsing er ein sinnar tegundar í heiminum þar sem yfirvöld og fjármálagreiðskrifur undir. Það voru um 80 prósent af fjármálagreirnum sem skrifuðu undir og þar af aðilar sem fara fyrir 98 prósentum af eignasafni lífeyrissjóðanna,“ segir Hrund.

„Við leggjum mjög mikla áherslu á loftslagsmál og höfum gert í nokkur ár, með Loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar, Akureyrar og Hafnar í Hornafirði, en sú síðastnefnda verður undirrituð í lok febrúar. Loftslagsyfirlýsingin felst í því að við fáum með okkur sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir til að skrifa undir yfirlýsingu sem hefur þrjú markmið. Þau eru: Að menga minna, draga úr úrgangi, mæla og birta árangurinn.“

Þessari yfirlýsingu er fylgt eftir með árlegri könnun á framgangi og fræðslu. Festa ásamt sérfræðingahópi úr atvinnulífinu bjó til loftslagsmæli sem er ókeypis og aðgengilegur fyrir alla.

„Loftslagsmælinn fá finna á síðunni climatepulse.is og sem

“Í raun er sjálfbærni-vegferðin ekki val eða áhugamál fólks. Sjálfbærni er og verður í vaxandi mæli í lögum og reglugerðum og þú kemst ekkert upp með grænþvott.“

Excel-skjal á heimasíðunni okkar. Hann er uppfærður árlega og er í takti við alþjóðlega staðla, tilvalinn fyrir þá sem eru að byrja. Allir geta notað hann, hvort sem það er heimili, leikskóli eða fyrirtæki,“ segir Hrund.

Á sama tíma og Höfn í Hornafirði undirritar Loftslagsyfirlýsingu sína í mánuðinum, mun Festa gefa út fræðslupakka fyrir styrk úr loftslagsjóði, sem hefur verið í þróun í nokkra mánuði.

„Þetta eru innblásturs- og fræðslumyndbönd um loftslagsvegferðina. Af hverju við erum að fara í hana og hverju hún skilar inn í rekstur og samfélagi. Við bjuggum líka til kennslumyndband þar sem Sævar Helgi Bragason kennir okkur á Loftslagsmæli Festu. Einnig útbjuggum við handbók um það hvernig þú setur þér stefnu í loftslagsmálum, hvaða verkferakistur eru í boði og svo framvegis,“ útskýrir Hrund.

Hrund segir að ábyrg kolefnisjöfnun sé algjör grundvallarþáttur í heildstærri loftslagsstefnu.

„En það sem okkur vantar hér er að votta kolefniseiningar. Ef ég segi ég er búin að kolefnisjafna fyrirtækið mitt, þá verður þú bara að trúa mér eins og staðan er núna. Á vettvangi Loftslagsráðs og Staðlaráðs erum við að vinna að því að heildraun vottunarkerfi verði til þar sem við getum borið

saman aðgerðir okkar og tryggt ábyrga jöfnun og ábyrgar aðgerðir í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.“

**Sjálfbærni og nýsköpun**

Hrund segir að sjálfbærni og nýsköpun fari vel saman. Nýsköpun snýst um að hugsa upp nýjar leiðir, kerfi og ferla og stuðla að nýbreytni í vöruþróun.

„Gott dæmi um nýsköpun er Carbfix-verkefnið. Það fjallar um að hjálpa okkur að gripa gróðurhúsalofttegundir og binda þær aftur ofan í jörðina. Það hefur verið áratugastarf vísindamanna og fyrirtækja á Íslandi að þróa þessa lausn. Nýsköpunin er mikilvæg í þessu samhengi til að leysa þær áskoranir sem blasa við.“

Nýsköpunin hjálpar okkur að bæði skilja áskoranirnar betur en líka breyta aðferðum og laga okkur að þeim. Það sem við þurfum að gera er að fjárfesta markvisst í nýsköpun og „scale-up“ til að hugvitið virkilega nýtist til að takast á við þær áskoranir sem við okkur blasa, hér heim og alþjóðlega,“ segir Hrund.

„Þegar á brattann sækir er mikilvægt að fyrirtæki minnki ekki áherslu sína á nýsköpun því hún gefur þeim seiglu, hjálpar þeim að vaxa og dafna og aðlaga sig sýbreytilegum heimi, hringrásarhagkerfinu og sjálfbærnimarkmiðum okkar. Þegar við förum yfir í sjálfbært hringrásarhagkerfi þá skapast fullt af nýjum störfum. Þau eru rosalega spennandi, það krefst þess að við vinnum þvert á alls konar ólíka hópa sem er mjög skemmtilegt fyrir vinnuumhverfið. En það er einmitt eitt af því sem við leggjum áherslu á í okkar störfum hjá Festu.“

Hrund bætir því við að lokum að hún sé sannfærð um að Íslendingar vilji búa í sjálfbæru samfélagi.

„Við eigum öll heima þar. Allir pólitískir flokkar, öll kyn, öll menntun. Engin ein rödd á þennan málaflokk, hann fer þvers og kruss og er erindi okkar allra. Þetta er ósk sem við eigum sameiginlega. Einn hagsmunir Festu í okkar störfum eru sjálfbærni. Allar ákvarðanir verða miklu einfaldari með það fyrir sjónum og tækifærin alveg morandi.“

# Framúrskarandi samfélagsábyrgð



Vörður er handhafi hvatningarverðlauna fyrir framúrskarandi samfélagsábyrgð sem Creditinfo veitir. Við erum að rifna úr stolti yfir þessari viðurkenningu sem hvetur okkur til áframhaldandi góðra verka.

**Stöndum vörð um samfélagið**



# Umhverfi og mannauður í fyrirrúmi í einu grænasta fyrirtæki landsins

Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, og Edda Björk Kristjánsdóttir mannauðsstjóri fara yfir helstu áherslur Húsasmiðjunnar þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð en þær snúa meðal annars að umhverfis- og mannauðsmálum. Fyrirtækið hefur tekið markviss skref í umhverfismálum.

Húsasmiðjan er stofnuð árið 1956 og er eitt stærsta verslunarfyrirtæki landsins. „Aðaláhersla félagsins er á sölu og dreifingu á byggingarvörum á landsvísu og starfrækir Húsasmiðjan 16 verslanir sem þjónusta byggingariðnaðinn og einstaklinga. Jafnframt eru Blóma- og rafíðnaðarheildsalan Ískraft hluti af Húsasmiðjunni,“ segir Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar. Fyrirtækið hefur verið hluti af BYGMA-samstæðunni síðan árið 2012 en hjá BYGMA starfa um 2.500 manns í fimm löndum. „Í kjarnastarfsemi okkar felst að við tökum virkan þátt í því að vernda fasteignir og stuðla að uppbyggingu en okkur er umhugað um að vernda og bæta einnig umhverfið í leiðinni. Húsasmiðjan hefur tekið markviss skref í umhverfismálum undanfarið ár,“ segir Árni og bætir við: „Við teljum okkur vera eitt grænasta fyrirtæki landsins enda er umhverfisvottað timbur úr sjálfbærum skógum ein helsta söluvara fyrirtækisins. Timbur bindur kolefni og er tiltölulega létt en jafnframt sterkt byggingarefni sem þýðir minna kolefnisspor við flutning á byggingarstað og við reisingu mannvirkja. Einnig getur meiri notkun timburs við nýbyggingar aukið framkvæmdahraða sem lækkar kostnað. Timbur er endurnýjanleg auðlind og auðvelt að endurvinnna það. Jafnframt má til gamans og samt í nokkurri alvöru bæta við að við erum einn stærsti blóma- og trjáplöntusali landsins og stór hluti þeirra söluvara er ræktaður innanlands.“

Hann bendir einnig á að Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar og timbursöluna í Kjarlögum sé hægt að kalla umhverfisvænustu byggingavörverslun landsins. „Aðstaðan er einstök þar sem við seljum timbur og byggingarvörur nánast beint upp úr skipum sem losuð eru við hliðina á versluninni. Þetta þýðir að ekki þarf að aka byggingarvörunni á truckum á milli lagara og minnkar því kolefnissporið töluvert í samanburði við helstu keppinauta okkar.“

## Rekstrarhagnaður á góða samleið með umhverfisvernd

Edda Björk Kristjánsdóttir mannauðsstjóri segir að samfélags- og umhverfisstefnan sé ein af kjarnastefnum Húsasmiðjunnar. „Við hugsum vel um fólkið okkar, umhverfismálin og framtíðina sem á allt góða samleið með rekstrarhagnaði. Við keppum stöðugt að því gera okkur betur tilbúin fyrir morgundaginn.“ Hún segir að hluti af því að ná árangri í loftslagsmálum felist í því að setja sér markmið og greina reglulega frá árangri í þeim málum. „Samfélagskýrsla er hluti af þeim verkferum við höfum stuðst við um árábil í þeim efnum. Við höfum tekið eftir að fleiri íslensk fyrirtæki hafa verið birta samfélagskýrslur og það er auðvitað vel þar sem hagsmunir okkar allra eru sameiginlegir þegar kemur að umhverfis- og samfélagsmálum.“

BYGMA-samstæðan hefur gefið út samfélagskýrslu frá 2009 og frá árinu 2017 hefur Húsasmiðjan tekið virkan þátt í samfélagskýrslunni og innleitt ýmis góð samfélagsmál og aðgerðir sér-



Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, segir að timbur sé endurnýjanleg auðlind. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Edda Björk Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri Húsasmiðjunnar, segir lykilatriði að huga vel að starfsfólki og umhverfisáhrifum, ekki síður en rekstrarhagnaði.**

staklega í starfsemi. Samfélagskýrslan hefur verið aðgengileg á heimasíðu Húsasmiðjunnar en í ár kemur skýrslan einnig út á íslensku. Jafnframt mun Húsasmiðjan birta sérstaklega samfélagsuppgjör sem unnið er í samstarfi við Klappir grænar lausnir. „Samfélagskýrslan byggir á fjórum grunnstefnum sem varða mannréttindi, samfélags- og mannauðsmál, viðskiptasiðferði og aðgerðir gegn spillingu og svo umhverfis- og loftslagsmál.“ Enn fremur hefur BYGMA-samstæðan unnið markviss með þrjú heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, markmið 4 sem snýr að menntun fyrir alla, markmið 12 sem varðar ábyrga neyslu og framleiðslu og markmið 15 sem ber yfirskriftina Líf á landi.

## Grænir og vænir valkostir

Húsasmiðjan hefur á undanförmum árum markviss fjölgað umhverfisvottuðum vörum í vöruúrvali ásamt vörum sem færa má rök fyrir að séu umhverfisvænni valkostur en aðrar samþærilegar vörur til sömu nota. „Undir hattinum „grænar vörur“ er er ýmist um að ræða vörur sem hafa viðurkenndar vottanir svo sem Svaninn – umhverfismerki Norðurlanda, Evrópublómíð, vörur sem innihalda ekki sömu skaðlegu efni og hliðstæðar vörur og eru því viðurkenndar og leyfðar í vistvottuð byggingarverkefni og svo vörur sem eru vistvænar út frá öðrum skýrum forsendum,“ segir Árni. „Samkvæmt nýjasta lista eru rúm 3.400 slík vörunúmer þegar merkt í kerfum okkar og stór hluti

þeirra sýnilegur viðskiptavinum okkar á vef Húsasmiðjunnar, husa.is.“

## Lágmörkun umhverfisáhrifa mikilvæg

Í umhverfisstefnu Húsasmiðjunnar skuldbindur fyrirtækið sig til að vinna með markvissum aðgerðum að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar og auðvelda vistvænar framkvæmdir.

„Við leitum stöðugt leiða til að spara orku, minnka úrgang og starfa í sem mestri sátt við umhverfi fyrirtækisins,“ segir Árni og bætir við að fyrirtækið hafi löngum haft að leiðarljósi að rekstrarávarðanir taki mið af að skapa heilbriggt starfsumhverfi og skynsamlega nýtingu auðlinda. „Samstarf hefur verið eflt við birgja sem huga markviss að umhverfi sínu, eru vottaðir, og framleiða vörur með eins umhverfisvænum hætti og unnt er. Markmið okkar er að bjóða upp á umhverfisvæna valkosti í öllum helstu vöruflokkum.“

## Rekstrarmælingar í samstarfi við Klappir

Húsasmiðjan hefur í nokkur ár verið í samstarfi við Klappir varðandi mælingar á orkunotkun starfseminnar og sorplosun á starfsstöðvum. Húsasmiðjan notar EnviroMaster-laun Klappa til að fylgjast með helstu umhverfisþáttum starfseminnar – þar á meðal rafmagns-, eldsneytis-, heitavatnsnotkun og úrgangsmyndun (sorpi). Hugbúnaðurinn sýfnar gögnum í rauntíma um notkun beint frá þjónustuaðilum og reiknar jafnframt út kolefnisspor starfseminnar. Gaman er að segja frá því að Húsasmiðjan hefur bætt sig í flestum þessum þáttum frá því mælingar hófust.

„Við teljum okkur vera eitt grænasta fyrirtæki landsins enda er umhverfisvottað timbur úr sjálfbærum skógum ein helsta söluvara fyrirtækisins.“

## Markviss rækt við mannauðinn

Þegar kemur að mannauðsmálum hefur Húsasmiðjan enn fremur lagt sig fram um að vera í fararbroddi en þar starfa um 500 starfsmenn í 380 stöðugildum.

„Húsasmiðjan hlaut jafnlaunavottun í mars 2019, fyrst byggingavörudeja á Íslandi. Húsasmiðjan hefur nú farið í gegnum þrjár úttektir og í byrjun árs 2022 fer fram endurvottun. Óútskýrður launamunur hefur lækkað frá því að kerfið var tekið í notkun úr 3,3% í fyrstu úttekt, niður í 2,3% í þeirri nýjustu,“ segir Edda Björk. „Við höfum markað okkur þá stefnu að vinna markviss að fræðslu og þjálfun starfsmanna til að auka þekkingu á umhverfismálum og deila þeirri þekkingu einnig með viðskiptavinum okkar.“

Edda Björk segir mikið lagt upp úr fræðslu starfsmanna. „Þrátt fyrir COVID-19 voru haldnir rúmlega 100 fræðsluviðburðir hjá Húsasmiðjunni árið 2020. Húsasmiðjan tók einnig virkan þátt í mótun verslunarfagnáms í fyrra ásamt Verzlunarskólalagnum, VR, Samkaupum og Lyfju.“

Þá eru vistvænar samgöngur og heilbrigð hreyfing einnig hluti af mannauðsáherslum Húsasmiðjunnar. „Fjöldi starfsmanna Húsasmiðjunnar hjólar daglega til vinnu og Húsasmiðjan býður starfsmönnum um á samgöngusamninga og samgöngustyrki ef þeir ferðast til og frá vinnu á umhverfisvænan máta,“ segir Edda og bætir við: „Um 60 starfsmenn Húsasmiðjunnar tóku virkan þátt í landsátaki Lífs- hlaupsins 2. til 23. febrúar og skráðu rúmlega 1.000 klukkustundir af heilsuþótarhreyfingu á tímabilinu. Þá sigraði lið starfsmanna úr fagmannaverslun Húsasmiðjunnar í kílómetrakeppninni í landsátakinu Hjólað í vinnuna, vorið 2020, og búast má við góðri þátttöku starfsmanna aftur í ár.“

Nánari upplýsingar um samfélagsstefnu Húsasmiðjunnar má finna á [www.husa.is](http://www.husa.is).



Adalheiður Snæbjarnardóttir og Reynir Smári Atlason, sérfræðingar í sjálfbærni hjá Landsbankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Græn fjármögnun er allra hagur

Hjá Landsbankanum hefur um árabil verið lögð áhersla á sjálfbærni. Stór skref hafa verið tekin í grænni fjármögnun og starfsemi síðasta árs hefur fengið alþjóðlega vottun á kolefnisjöfnun.

Landsbankanum starfa nú tveir sérfræðingar á sviði sjálfbærni, þau Adalheiður Snæbjarnardóttir og Reynir Smári Atlason. Lengi hefur verið unnið af krafti að sjálfbærnimálum í bankanum, svo sem á sviði ábyrgra fjárfestinga, í jafnréttismálum og minnkun kolefnisspors. Fyrir átta árum varð mótuneyti bankans eitt það fyrsta sem fékk Svansvottun, rafmagnsbílum hefur verið fjölgað á kostnað bíla sem brenna eldsneyti, starfsfólk er hvatt til að nýta sér vistvænar samgönguleiðir og viðskiptavinum bjóðast betri kjör á vistvænum bílalanum, svo fátt eitt sé nefnt. En sjálfbærni í banka- og fjárfestingarstarfsemi snýst um mun meira en bara hefðbundinn rekstur.

„Undanfarin misseri höfum við stigið stór skref í átt að sjálfbærni. Við gáfum nýlega út okkar fyrstu sjálfbæru fjármálaumgjörð, lukum fyrstu grænu skuldabréfaútgáfunni okkar, fengum í fyrsta sinn alþjóðlega vottun á kolefnisjöfnun starfseminnar fyrir árið 2020 og tókum áfram virkan þátt í þróun PCAF-loftslagsmælis fyrir fjármála fyrirtæki, en fyrsta útgáfa hans kom út í nóvember á síðasta ári,“ segir Adalheiður.

## Fyrsta græna skuldabréfaútgáfan

Eftirspurn eftir fjármálaumgjörðum sem stuðla að sjálfbærni, svo sem grænum skuldabréfum og innlánun þar sem fjármagn er ráðstafað í sjálfbær verkefni, hefur aukist til muna undanfarin misseri. Landsbankinn lauk nýlega við sína fyrstu grænu skuldabréfaútgáfu í evrum og fékk mjög góðar

Við náðum þarna til breiðari fjárfestahóps en áður og til þeirra sem horfa sérstaklega til sjálfbærnimála í sínum fjárfestingum.

viðtökur meðal erlendra fjárfesta. „Þetta var stór áfangi og við erum virkilega ánægð með hvernig til tókst enda felast mikil tækifæri í grænni skuldabréfaútgáfu,“ segir Reynir. „Þetta var sala á nýjum grænum skuldabréfaflokkum á fjárhæð 300 milljónir evra. Umfram- eftirspurnin var rúmlega þreföld og nam tæpum milljarði evra frá yfir 80 fjárfestum. Skuldabréfin voru seld til fjárfesta í Bretlandi, á meginlandi Evrópu og Norðurlöndunum. Við náðum þarna til breiðari fjárfestahóps en áður og til þeirra sem horfa sérstaklega til sjálfbærnimála í sínum fjárfestingum. Þetta var bankinn fékk í þessari útgáfu eru með þeim bestu sem við höfum fengið.“

Í útgáfunni var stuðst við nýja sjálfbæra fjármálaumgjörð bankans. „Umgjörðin eykur möguleika okkar á að fjármagna umhverfisvæn og félagsleg verkefni á borð við orkuskipti, umhverfisvæna innviði og fleira. Með henni er skilgreint með skýrum hætti hvaða verkefni stuðla að sjálfbærni og hún tryggir gagnsæi. Margir fjárfestar vilja vita og fylgjast



5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLÆBLSLA



Heimsmarkmiðin þrjú sem Landsbankinn leggur áherslu á.

með í hvað fjármagni þeirra er veitt. Vottunaraðili fer í gegnum áætlun á ráðstöfun fjármagnsins og greinir hvort verkefni eða reksturinn stuðli í raun og veru að sjálfbærni,“ segir Reynir.

## Á nýjum slóðum í kolefnisjöfnun

Reynir segir jafnframt að það hafi verið stórt framfaraskref að fá alþjóðlega vottun á kolefnisjöfnun starfseminnar fyrir síðasta ár og að bankinn hafi þar með bæst í hóp leiðandi alþjóðlegra fyrirtækja sem vilja stuðla að sjálfbærri framtíð.

„Starfsemin okkar er kolefnisjöfnuð í samstarfi við Natural Capital Partners í gegnum alþjóðlega vottuð verkefni, þar sem keyptar eru kolefniseiningar sem hlotið hafa ströngustu gæðavottun, og sannarlega hafa leitt til bindingar eða minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda. Kolefnisjöfnunin á við hefðbundna starfsemi bankans, svo sem orku- og eldsneytislosun, vinnuferðalög starfsfólks o.s.frv. Með þessu móti náum við að vega á móti þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem óhjákvæmilega verður í rekstrinum,“ segir Reynir og bætir við að það sé mikilvægt að þekkja nákvæmlega hver losunin er frá starfseminni áður en ráðist er í að kolefnisjafna hana.

## Ítarlegri upplýsingar um kolefnisspor

„Traust og gagnsæi skipta miklu máli þegar kemur sjálfbærni-vinnu,“ segir Adalheiður. Í því samhengi er góð og nákvæm upplýsingagjöf mjög mikilvæg. „Þetta á meðal annars við þegar kemur að því að mæla og greina frá kolefnislosun. Í nýjustu árs- og sjálfbærni-skýrslunni okkar birtum við enn ítarlegri upplýsingar um kolefnisspor okkar en áður. Næsta skref er svo að greina frá loftslagsáhrifum í gegnum lána- og eignasöfn okkar en það er eitt víðamesta verkefni sem bankar standa frammi fyrir í þessum málaflökki. Við munum meta þessi áhrif í gegnum þátttöku okkar í PCAF, en í þeirri samvinnu höfum við tekið þátt í að þróa aðferðafræði fyrsta alþjóðlegra loftslagsmælisins fyrir banka. Loftslagsmælirinn gerir fjármála- fyrirtækjum um allan heim kleift að mæla og greina frá kolefnislosun í lána- og eignasafni sínu á vísindalegan og samræmdan hátt. Það hjálpar okkur að vinna að markmiðum Parísarsamkomulagsins fyrir alvöru,“ segir Adalheiður.

## Heimsmarkmiðin og óháð mat þriðja aðila

Landsbankinn vinnur að þremur heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með

markvissum hætti. Markmiðin eru jafnrétti kynjanna (nr. 5), góð atvinna og hagvöxtur (nr. 8) og ábyrg neysla og framlæbilsa (nr. 12). „Markmiðin tengjast öll starfsemi okkar með beinum hætti og því getur vinnan að þeim hámarkað jákvæð áhrif bankans á umhverfi og samfélag,“ segir Adalheiður.

Hún segir að núorðið sé horft til þess hvernig fyrirtæki samþætta umhverfismál, félagslega þætti og góða stjórnarhætti (UFS) kjarnastarfsemi sinni og að þetta sé farið að skipta mun meira máli en áður. Óháð mat þriðja aðila er einnig farið að spila stórt hlutverk. Í svokölluðum UFS-áhættumótum (e. ESG risk rating) fer þriðji aðili yfir starfsemina út frá þessum þáttum. „Við fengum tvö slík áhættumót á síðasta ári. Í UFS-áhættumati frá alþjóðlega matsfyrirtækinu Sustainalytics í maí í fyrra kom í ljós að við stýrum okkar sjálfbærniáhættu nú þegar mjög vel. Við vorum metin númer 2 af 382 bönkum sem starfa í Evrópu og fyrirtækið hafði metið. Við fengum sömu- leiðis framúrskarandi einkunn í UFS-áhættumati Reitunar síðar á árinu. Þetta voru ánægjulegar niðurstöður og þarna fengum við staðfestingu á því að öflug vinna okkar í þessum málum hafi skilað sér,“ segir Adalheiður.

Reynir tekur undir það. „Það borgar sig að samþætta sjálfbærni og kjarnastarfsemina því þar er hægt að hafa mestu áhrifin. Við munum halda ótrauð áfram að vinna að þessu málum af krafti og ekki síður að hjálpa viðskiptavinum okkar að gera slíkt hið sama,“ segir Reynir að lokum.

# Sóknarfæri í sjálfbærri framtíð

Miklar breytingar á heimshagkerfinu blasa við samhliða aukinni áherslu á sjálfbærni. Baráttan við loftslagsbreytingar mun setja svip á alla starfsemi næstu ár, ekki síst þá sem snýr að orku.

**S**tarfsfólk Landsvirkjunar, þau Jóhanna Hlín Auðunsdóttir verkefnastjóri loftslagsmála og Sigurður H. Markússon nýsköpunarstjóri, segja að baráttan við loftslagsbreytingar muni setja svip sinn á alla starfsemi næstu ár og áratugi, ekki síst í þeim greinum sem snúi að orku og framleiðslu. Loftslagsbreytingar eru ótvíræð ögn fyrir allt mannkyn, en á sama tíma muni þær breytingar sem fram undan eru og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum skapa ný tækifæri sem gætu haft mikil áhrif hér á landi til framtíðar. Landsvirkjun leggja mikla áherslu á að vera hreyfiafl til jákvæðrar framþróunar og að styðja við og stuðla að þeim tækifærum.

*Hvaða hlutverki gegna fyrirtæki í sjálfbærri þróun?*

**Jóhanna Hlín:** „Sjálfbær þróun er svo gríðarlega stórt hugtak. Það er mikilvægt að átta sig á að fyrirtæki getur ekki orðið sjálfbært eitt og sér, heldur þarf að skoða hvaða hlutverki það gegnir við að stuðla að sjálfbærri þróun og hvernig það verður hluti af sjálfbærri samfélagi. Að því sögðu er hlutverk fyrirtækja í þessari vegferð mikilvægt, hvort sem þau eru smá eða stór. Það er þó ólíkt hvernig tíma okkar og fjármunum er best varið til að stuðla á sem áhrifamestan hátt að sjálfbærri þróun. Góð regla er að horfa á þetta út frá hlutverki hvers fyrirtækis, stærsta framlag hvers fyrirtækis til loftslagsmála og sjálfbærrar þróunar felst í kjarnastarfsemi þess og hæfni fyrirtækisins til að beita sínum styrkleikum í tengdar lausnir og nýsköpun.“

*Hvaða breytingar blasa við í orkugeiranum?*

**Sigurður:** „Krafan um endurnýjanlega orku hefur stuðlað að miklum nýfjárfestingum í orkukerfum heimsins. Kostnaður við að beisla vind- og sólarorku hefur lækkað ævintýrlega á síðustu árum og þessir orkukostir leiða umbreytinguna yfir í endurnýjanlega orku. Þetta hefur gerst með aukinni tækniþróun og bættri framleiðslutækni, sem krafan um aukna sjálfbærni hefur kallað á og hefur skilað sér í nýjum lausnum sem eru ódýrari en notkun jarðefnaeldsneytis. Sem dæmi má nefna að kostnaður við beislun vind á landi lækkaði um um það bil 70% á árunum 2010-2019.“

Við Íslendingar erum þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa nú þegar byggt upp orkukerfi sem tekur mið af kröfum framtíðarinnar. Þetta skilar sér í bættri samkeppnishæfni Íslands og gerir að verkum að við erum í góðri stöðu til að einbeita okkur að öðrum þáttum eins og orkuskiptum í samgöngum, flutningum og iðnaði.“

**Jóhanna Hlín:** „Orkugeirinn á heimsvísu spilar gríðarlega stórt hlutverk, hvort sem horft er á sjálfbæra þróun almennt eða á loftslagsbreytingar. Það er ljóst að vinnsla endurnýjanlegrar orku þarf að taka alveg við af óendurnýjanlegum orkugjöfum, á sama tíma og heildarorkuvinnsla heims þarf að aukast, til að sjálfbær framtíð verði að veruleika.“

Orkugeirinn á Íslandi er einstakri stöðu, því hér framleiðum við þegar græna orku með afar litlu kolefnisspori. Aukin áhersla á sjálfbærni gefur okkur hins vegar færi á að vekja athygli á stöðu okkar að þessu leyti.“

*Hvert er hlutverk Landsvirkjunar í þessari þróun?*

**Jóhanna Hlín:** „Við vinnum græna raforku úr endurnýjanlegri orku. Hlutverk okkar er fyrst



Sigurður H. Markússon nýsköpunarstjóri og Jóhanna Hlín Auðunsdóttir, verkefnastjóri loftslagsmála hjá Landsvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Nokkrir staðreyndir

- Loftslagsbókhald Landsvirkjunar 2020 sýnir fjórðungs samdrátt í losun vegna eldsneytisnotkunar, annað árið í röð.
- Kolefnisspor Landsvirkjunar minnkaði um 25% árið 2020.
- Losun Landsvirkjunar minnkaði um 6% á árinu 2020.
- Innra kolefnisverðið árið 2021 er 58 USD/tonn CO<sub>2</sub> ígildi
- Kostnaður við nýtingu vindorku minnkaði um u.þ.b 70% á árunum 2010-2019.
- Eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku í Evrópu mun sexfaldast til ársins 2050.
- Landsvirkjun hefur sett 788 milljónir í stuðning við rannsóknir frá stofnun Orkurannsóknasjóðs.

og fremst að halda þeirri vinnslu áfram, enda er hún ein stærsta lausnin í baráttunni við loftslagsbreytingar. Það losar okkur auðvitað ekki undan ábyrgð, enda erum við sífellt að leita nýrra leiða til að haga starfsemi okkar með þeim hætti að hún stuðli sem best að sjálfbærri þróun.

Við gegnum einnig mikilvægu hlutverki sem stórfyrirtæki á íslenskum markaði. Loftslagsstýring fyrirtækja er að þróast hratt. Við trúum að við getum haft áhrif til góðs í íslensku fyrirtækjaumhverfi, með því að innleiða bestu starfsvenjur og vera á táknum og með því vera fyrirmynd annarra fyrirtækja. Við erum þegar í hópi leiðandi fyrirtækja í loftslagsmálum á heimsvísu, eins og staðfest var þegar við fengum einkunnina A-, fyrst íslenskra fyrirtækja, hjá alþjóðlegu samtökunum CDP. Það felur í sér að við erum ekki aðeins meðvituð og að stýra þeim áhrifum sem

loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra hafa á starfsemi okkar og viðskiptaumhverfi heldur erum við einnig markvisst að búa okkur undir komandi breytingar, greina möguleg tækifæri og áhættu og gera okkur þannig kleift að taka af skarið og vera ákveðið hreyfiafl í átt að breytingum.“

**Sigurður:** „Sem stærsta fyrirtækið í orkuvinnslu hérlendis berum við ábyrgð á því að leiða ákveðna þróun og stuðla að samstarfi og samvinnu um lausnir. Við verðum að tryggja að það sé andrúmsloft fyrir breytingar og framfarir og vinna náð með samfélaginu að þeim lausnum sem henta best fyrir alla aðila. Við verðum til að mynda að taka þátt í því að tryggja nægilega orku fyrir þessi umskipti sem fram undan eru. Við megum ekki horfa eingöngu á kjarnastarfsemi okkar, heldur verðum við að horfa vítt á alla virðisæðjuna og skilja hvert hlutverk okkar er sem hreyfiafl á þessu sviði.“

*Að hverju er Landsvirkjun að vinna að í loftslagsmálum?*

**Jóhanna Hlín:** Starfsemin okkar, eins og flestra, á svo marga snertifleti við loftslagsbreytingar og loftslagsmál, og við höfum unnið gott starf í þessum málum í langan tíma. Við tökum okkar hlutverk í baráttunni alvarlega og vinnum að loftslagsmálum eftir því. Síðustu ár höfum við skerpt mjög á loftslagsstýringu okkar, það er hvernig við erum að stýra þeim loftslagsáhrifum sem við erum að valda og þeim afleiðingum sem loftslagsbreytingar hafa á okkar starfsemi. Aðgerðaáætlun okkar í loftslagsmálum nær þvíert á alla starfsemi fyrirtækisins og á að tryggja að við horfum á málaflökinn á heildstæðan hátt.

Ef við horfum inn á við ber helst að nefna metnaðarfull en iðgrunduð samdráttarmarkmið okkar og þær fjölmörgu aðgerðir sem liggja þar að baki dreifast vitt um fyrirtækið. Þá stefnum við að

**” Sem stærsta fyrirtækið í orkuvinnslu berum við ábyrgð á því að leiða ákveðna þróun og stuðla að samstarfi og samvinnu um lausnir.**

því að vera jarðefnaeldsneytislaus árið 2030. Nýútgefið loftslagsbókhald okkar fyrir árið 2020, sem er rýnt og staðfest af óháðum endurskoðendum, sýnir okkur að við erum á réttari leið með minnkandi losun og hratt lakkandi kolefnisspori. Við beitum innra kolefnisverði til að forgangsraða lausnum í fjárfestingum og taka upplýstar og loftslagsvænni ákvarðanir, því við vitum að það er hagkvæmt til lengri tíma lítið. Þessi innri vinna styður svo aðrar aðgerðir okkar í loftslagsmálum, til dæmis þær sem tengjast grænni fjármögnun og nýjum tækifærum til virðis-sköpunar.

Nálgun okkar er heildræn, við erum öll að vinna saman að loftslagsmálum, bæði með því að taka ábyrgð á okkar eigin losun og skapa og nýta tækifæri.“

*Hvaða helstu tækifæri blasa við?*

**Sigurður:** „Virði endurnýjanlegrar orku er að aukast. Samspil orkuauðlinda hér og annarra auðlinda, svo sem vatns, hreins lofts og landrýmis, styður við tækifæri framtíðarinnar þar sem sjálfbærni er loftslagsvæn og þar erum auðvitað vel stödd hvað þessi viðmið varðar í augnablikinu, en það eru allar aðrar þjóðir á þessari vegferð líka. Tækifærin í „grænum“ iðngreinum sem nýta sér þessar aðstæður eru mýmörg hérlendis og miklir möguleikar til erlendirar fjárfestingar og fjölgunar starfa. Í þessu sambandi má nefna vetni og rafeldsneyti, framleiðslu á rafhlöðum og matvælaframleiðslu, svo örfá dæmi séu nefnd.“

Við getum gert hlutina hér á

sjálfbærari hátt en margir aðrir. Sem dæmi má nefna náttúrulega kælingu gagnavera með köldu lofti, í stað þess að knýja slíka ferla með jarðefnaeldsneyti. Það væri hægt að taka mjög mörg svona dæmi þar sem aðstæður okkar henta vel.

Það er nauðsynlegt að ólíkir aðilar vinni saman að því að þróa og ná þessum markmiðum og kerfið okkar hér virki vel til að styðja við uppbyggingu slíkra verkefna. Þannig getum við tekið forystu í ákveðnum loftslagsvænum lausnum. Til að mynda erum við í dauðafæri til þess að verða fyrst til að skipta algjörlega út jarðefnaeldsneyti. Við þurfum líka að huga að hringrásarhagkerfinu og finna lausnir í að nýta hráefni og úrgang frá framleiðslu betur, til dæmis með því að tengja betur saman iðnfyrirtæki. Þar hefur meðal annars verið horft til vistvænna iðngarða. Til að sækja þessi tækifæri þurfum við þó að auka vinnslu endurnýjanlegrar orku töluvert til að geta stutt við nýsköpun í framleiðsluhagkerfinu og þannig stuðlað að raunverulegum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.“

*Hvaða dæmi eru um nýsköpun hjá Landsvirkjun?*

**Sigurður:** „Við höfum tekið þátt í stofnun þriggja samstarfsverkefna á landsbyggðinni þar sem markmiðið er að styðja við nýsköpun og efla orkutengd tækifæri á ákveðnum svæðum. EIMUR á Norðurlandi hefur unnið með þau tækifæri sem felast í bættri nýtingu jarðhita, Orkídea á Suðurlandi vinnur að framþróun orkutengdrar matvælaframleiðslu og nýstofnaður Blámi á Vestfjörðum mun horfa sérstaklega til orkuskipta í sjávarútvegi.“

Með þátttöku í framangreindum verkefnum viljum við vera hreyfiafl til jákvæðrar og loftslagsvænnar framþróunar og gera okkar ýtrasta til að þau tækifæri sem felast í endurnýjanlegri orku séu nýtt eins og mögulegt er.“

# Ábyrgur rekstur fasteigna

Fasteignafélagið Reginn beitir margs konar aðgerðum til að minnka neikvæð umhverfisáhrif af rekstri fasteigna sinna og stefnir á að helmingur eignasafnsins verði umhverfisvottaður árið 2025.

Reginn er brautryðjandi og framsækið fasteignafélag sem leitast við að vera eftirsóknarverður samstarfsaðili og vinnuveitandi. Félagið einsetur sér að vera leiðandi í mótun og rekstri fasteigna, auk þess að stuðla að velferð samfélags og bættum lífsgæðum og umhverfi íbúa. Rekstur og skipulag fasteigna hefur umtalsverð áhrif á umhverfi og lífsgæði íbúa en tugir þúsunda manna dvelja daglega í fasteignum Regins við leik eða störf. Með markvissum aðgerðum í rekstri fasteigna, fjárfestingum, skipulagi, nýbyggingum og samvinnu við leigutaka getur Reginn átt ríkan þátt í að móta umhverfi fólks þannig að daglegt líf verði betra, ánægjulegra og öruggara.

„Á árinu 2019 mótaði Reginn sér sjálfbærnistefnu sem tekur á umhverfislegri, félagslegri og efnahagslegri sjálfbærni. Samhliða setti félagið sér mælanleg markmið í þessum þremur flokkum sem unnið var að á árinu 2020. Í lok árs 2020 voru markmiðin endurskoðuð með reynslu og árangur ársins til hliðsjónar,“ segir Sunna Hrönn Sigmarsdóttir, sem starfar sem framkvæmdastjóri hjá Regni. „Árangur í sjálfbærni verður áfram mældur með markvissum hætti og starfsmenn, viðskiptavinir og fjárfestar upplýstir um markmiðin og þann árangur sem næst.

Lögð er áhersla á að samþætta Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við rekstur félagsins og það leggur megináherslu á sex markmið sem daglegur rekstur þess hefur mest áhrif á: heilsu og vellíðan, framleiðslu og aðgerðir í loftslagsmálum, jafnrétti kynjanna, sjálfbærar borgir og samfélög, sjálfbæra orku og ábyrga neyslu,“ útskýrir Sunna.

## Umhverfisvottanir

Fasteignir eru ábyrgar fyrir um það bil þriðjung af losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og fellur þessi losun einnig til á rekstrartíma fasteignanna. Á síðastliðnum árum hafa verið gerðar ítarlegar greiningar á þeim þáttum sem hafa hvað mest umhverfisáhrif í rekstri eigna Regins.

„Sem fasteignafélag sem sér um rekstur í fasteignum í um þriðjung eignasafns síns er félagið í einstakri aðstöðu til að minnka neikvæð umhverfisáhrif fasteigna sinna. Stór þáttur í að mæta þessum neikvæðu áhrifum eru umhverfisvottanir fasteigna,“ segir Sunna. „Með umhverfisvottunum fasteigna er meðal annars hægt að greina þær áhættur sem hver bygging skapar fyrir umhverfið og er staðfesting þriðja aðila á því að rekstraraðili fylgi bestu stöðlum og kröfum í rekstri fasteigna.

Á árinu 2020 hlaut turninn á Höfðatorgi umhverfisvottun og var þar með önnur fasteign félagsins til að hljóta BREEAM In-use vottun þar sem fylgt er alþjóðlegum kröfum um umhverfisþætti, áhættustýringu og rekstur. Smáralind var fyrsta eign félagsins sem hlaut BREEAM In-use vottun,“ segir Sunna. „Með umhverfisvottun fasteigna er einnig komið til móts við siauknar kröfur viðskiptavina um umhverfisvænar byggingar og upplýsingagjöf um hina ýmsu umhverfisþætti í rekstri þeirra.

Umhverfisvottun fasteigna er hluti af sjálfbærnimarkmiðum Regins og undirbúningur að



Sunna Hrönn Sigmarsdóttir er framkvæmdastjóri hjá Regni.

MYNDIR/ADSENDAR



Ein flottasta hjólageymsla landsins hefur verið opnuð í Smáralind. Þar er hægt að hlaða hjól, pumpa í dekk og hjólin eru örugg í vöktuðu umhverfi.

umhverfisvottun fleiri eigna félagsins er hafinn,“ segir Sunna. „Félagið stefnir á að helmingur eignasafnsins verði umhverfisvottaður árið 2025 en nú þegar hafa 23% af fasteignum félagsins verið vottuð.“

## Kolefnisjöfnun og losun gróðurhúsalofttegunda

Félagið hefur sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri og við framkvæmdir ásamt því að kolefnisjafna losun sem tengist starfsemi félagsins. Þá skal nýta náttúruauðlindir með ábyrgum hætti, ásamt því að hámarka hlutfall endurnýjanlegar orku. Lágmarka skal notkun á vörum sem eru skaðlegar umhverfinu og áhersla lögð á að draga úr magni sorps og auka flokkunarhlutfall þess. Á árinu 2020 kolefnisjafnaði Reginn árlega losun 707,4 tonna af CO2 frá starfsemi sinni með endurheimt votlendis hjá Votlendissjóði.

„Með kolefnisjöfnun er verið að jafna út losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi félagsins með því að draga úr losun þessara lofttegunda annars staðar,“ segir Sunna. „Þetta er í annað skipti sem félagið kolefnisjafnar starfsemi

sína hjá Votlendissjóði en það var fyrst gert árið 2019. Það sem helst orsakar losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi Regins er hvers kyns orkunotkun.“

## Snjalllausnir

Unnið hefur verið að þróun raf-rænna lausna sem styðja við sjálfbærnimarkmið félagsins.

Snjallsorpslausn hefur verið í mótun í eignum Regins frá 2018 og var fyrsta sorpflokkunarstöðin tekin í notkun á Hafnartorgi haustið 2019. Snjallsorpið skráir magn og sorpflokka niður á leigutaka og gerir þannig hvern leigutaka ábyrgan fyrir sinni flokkun og þeim kostnaði sem hlýst af því sorpi sem til fellur.

Reynsla er nú komin á snjallsorpið og hefur lausnin gefið góða raun. Sést það best á greinilegum mun á árangri í flokkun en hlutfallið á Hafnartorgi var 25% hærra en í öðrum eignum í rekstri árið 2020. Undirbúningur fyrir innleiðingu snjallsorps í Smáralind er þegar hafinn og verður ný og endurbætt flokkunarstöð tekin í gagnnið þar á vormánuðum 2021. Lausnin í Smáralind byggir á sömu grunnhugmynd og sú á Hafnartorgi en verður töluvert umfangsmeiri. Þá er til skoðunar að setja



Smáralind er fyrsta byggingin sem fékk BREEAM In-use umhverfisvottun.



Með Snjallsorpi er notkun, magn og flokkur sorps skráð niður á notanda með rafrænum hætti. Þessi lausn hefur aukið árangur í flokkun sorps.

upp snjallsorpi í fleiri eignum félagsins. Með aðstoð tækninnar geta notendur nálgast upplýsingar um eigin árangur í sorpflokkun og þróun milli mánaða á þjónustuvef Regins, sem er mikilvægt verkfæri í sjálfbærniþróun félagsins. Aðgengi að umhverfisupplýsingum eins og frá snjallsorpi gerir fyrirtækjum kleift að setja sér mælanleg umhverfismarkmið og fylgjast með árangri sínum Lausnir sem þessar eru jafnframt liður í að hvetja og styðja viðskiptavini í sinni grænu vegferð.“

## Fullkomin aðstaða fyrir hjólandi viðskiptavini

Við fasteignir Regins eru um 1.000 hjólastæði og í Smáralind, sem

Reginn á og rekur, hafa verið opnaðar stórglæsilegar hjólageymslur, ein fyrir starfsfólk hússins og önnur fyrir viðskiptavini þess.

„Hjólageymslan er hönnuð fyrir reiðhjól, rafhjól og rafhlaupahjól og þar er hægt að hlaða hjólin, pumpa lofti í dekkinn og hlúa að þeim. Hjólageymslan er vöktuð með öryggiskerfi og hún er upplýst og upphituð,“ segir Sunna. „Þá hafa hjólastæði umhverfis Smáralind einnig verið margfölduð. Reginn leggur áherslu á að aðbúnaður fyrir hjólandi viðskiptavini og starfsfólk sé góður og við höfum stóraukið við hleðslustæði fyrir umhverfisvænni fararskjóta við fasteignir okkar og munum halda því áfram á næstu árum.“

# Fjölbreyttar samfélagsáherslur

Samfélagsleg gildi hafa verið framarlega í starfsemi Kviku banka undanfarin ár og hugmynda- vinna hefur leitt af sér ýmsar jákvæðar breytingar. Lögð er áhersla á menntun og nýsköpun.

Íris Arna Jóhannsdóttir, forstöðumaður á skrifstofu forstjóra, og Anna Þórdís Rafnsdóttir, lögmaður á lögfræðisviði, hafa verið í forsvari fyrir þessar breytingar. „Árið 2017 urðu töluverðar breytingar hjá Kviku með samruna bankans við Virðingu og nýjum forstjóra og aðstoðarforstjóra. Í kjölfar breytinganna var farið í ítarlega stefnumótun sem allt starfsfólk bankans kom að,“ segir Íris. „Eitt af því sem var sérstaklega skoðað í þeirri vinnu var hver gildi Kviku væru og hvað við vildum sem fyrirtæki leggja áherslu á í samfélagsmálum. Það er auðvelt að tapa sér í að vilja gera allt en með því að ákveða hvar áherslur okkar liggja er auðveldara að velja verkefni og hafa raunveruleg áhrif.“

## Samfélagsleg ábyrgð

Niðurstaðan varð margþætt. „Við vildum leggja áherslu á menntun og nýsköpun og styðja um leið við jafnrétti og réttindabaráttu kvenna,“ segir Íris. „Við gerum okkur einnig grein fyrir því að bankinn getur haft einna mest áhrif á samfélagið með því að beita sér á þeim sviðum sem tengjast starfsemi bankans. Því höfum við einnig lagt áherslu á að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu og virkni fjármálamarkaða, þar á meðal með virkri umræðu um fjármálamarkaði og fjölbreyttari fjárfestingarkostum, s.s. í gegnum starfsemi Kviku í Bretlandi. Þessar áherslur Kviku í samfélagslegri

Íris Arna Jóhannsdóttir, forstöðumaður á skrifstofu forstjóra hjá Kviku banka, og Anna Þórdís Rafnsdóttir, lögmaður á lögfræðisviði.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI



ábyrgð falla vel að gildi og stefnu bankans, sem eru langtímahugsun og að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið.“

## Hvatningarsjóður Kviku

Á grundvelli framangreinds setti Kvika árið 2018 á laggirnar Hvatningarsjóð Kviku sem hefur það að markmiði að styrkja ungt fólk til iðn- og kennaranáms. „Í gegnum sjóðinn hefur Kvika stutt tæplega fjórutíu einstaklinga til iðn- og kennaranáms,“ segir Anna. „Skortur er á starfsfólki í þessum greinum sem hefur reynst hamlandi fyrir starfsemi fyrirtækja og skóla.

Með sjóðnum vill Kvika vekja athygli á þessum mikilvægu störfum. Við mat á umsóknum og úthlutun styrkja er meðal annars horft til vöntunar í viðkomandi tegund náms og kynjahlutfalla og stuðlað þannig að því að jafna kynjahlallann í störfum sem gjarnan eru ýmist talin vera karl- læg eða kvenlæg.“

## FrumkvöðlaAuður

Auk Hvatningarsjóðsins rekur Kvika gödgerðarsjóðinn FrumkvöðlaAuði sem hefur það að markmiði að hvetja konur til athafna og frumkvæðis. Sjóðurinn hefur verið starfandi allt frá árinu

2009, en hann var stofnaður af Auði Capital og hét upphaflega AlheimsAuður. „Í upphafi var einkum horft til kvenna í þróunar- löndum en í seinni tíð hefur sjóðurinn litið til nærumhverfisins og styður núna við frumkvöðlastarf kvenna hér á landi,“ segir Íris og bætir við: „Sýnt þykir að konur koma síður fram með hugmyndir sínar en karlar, auk þess sem þær eiga oft mun erfiðara með að sækja fjármagn til að framkvæma þær. Gaman er að segja frá því að frá árinu 2009 hefur sjóðurinn styrkt yfir þrjátíu verkefni kvenna sem skila sér með jákvæðum hætti inn í samfélagið.“

## Umhverfið

Með þessu eru samfélagslegar áherslur Kviku þó ekki upp taldar að sögn Önnu. „Bankinn hefur jafnframt lagt töluverða vinnu í að ná utan um umhverfisfótspor starfseminnar sem og að sinna félagslegum þáttum og stjórnar- háttum, sem saman mynda UFS þættina. Eitt mest knýjandi verkefni samtímans er án efa að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og á meðal aðgerða sem Kvika hefur gripið til í þeim efnum má nefna samstarf bankans við Votlendissjóð og Kolvið. Þá erum við með ýmislegt fleira á þróunum í þessum efnum sem verið er að vinna í.“

Nánari upplýsingar um samfélags- ábyrgð Kviku má finna á heima- síðu bankans, [www.kvika.is](http://www.kvika.is)



# Nýtt upphaf og nýjar áskoranir

Festa stóð fyrir ráðstefnu um samfélagsábyrgð og sjálfbærni í janúar. Þar var rætt um hvernig má nýta núverandi stöðu til að auka sjálfbæra þróun og tækifærin sem hún býður upp á.

Festa — miðstöð um samfélags- ábyrgð og sjálfbærni eru frjáls félagasamtök með aðsetur í Háskólanum í Reykjavík. Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð og sjálfbærni fyrir- tækja, stofnana og skipulagsheilda og hvetja til samstarfs og aðgerða á þessu sviði.

„Festa var stofnað fyrir 10 árum sem fræðslu- og umræðu- vettvangur um samfélagsábyrgð. Starfsemin hefur svo þróast og vaxið í takt við þróun í þessum málaflokkum og aukna áherslu á sjálfbærni hjá fyrirtækjum og hinu opinbera,“ segir Tómas Njáll Möller, formaður Festu. „Á sama tíma hafa samtökin verið virkur þátttakandi og leiðandi í þessari þróun, bæði með fræðslustarfsemi og með áherslu á að auka samstarf með því að brúa bilið milli ólíkra sjónarmiða og leiða.“

## Snýst um samskipti og fræðslu

Festa stóð fyrir stórráðstefnu í janúar síðastliðnum þar sem nokkrir leiðandi sérfræðingar í samfélagsábyrgð héldu erindi. „Janúarráðstefna Festu snýst um samfélagsábyrgð og sjálfbærni stofnana, fyrirtækja og félaga. Þetta er stærsti viðburður sem Festa stendur fyrir á hverju ári og henni hefur vaxið ásmegin undan- farin ár,“ segir Tómas. „Ráðstefnan gengur fyrst og fremst út á að leiða saman fólk sem hefur góða reynslu og þekkingu á sínu sviði og getur



Tómas Njáll Möller, formaður Festu.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTONBRINK

miðlað til annarra reynslu sinni. Aðalmálið er að skiptast á skoðunum og vekja umræðu. Um leið er ráðstefnan öflugur fræðsluvettvangur og vettvangur fyrir fólk til að hittast og kynnast.

Í ljósi aðstæðna var áherslan í ár á nýtt upphaf (e. The Great Reset). Þ.e.a.s. hvernig við getum spilað sem best úr núverandi aðstæðum. Í kjölfar heimsfaraldursins þarf að ráðast í heilmiklar fjárfestingar og endurskipulagningu. Við veltum því upp hvernig mætti nýta aðstæðurnar til að takast á við áskoranir sem snúa að sjálfbærni, bæði hvað varðar umhverfis- og félagslega þætti.“

## Ýmsar áskoranir

„Þátttakendur ráðstefnunnar voru sammála um aukið mikilvægi sjálfbærni í allri starfsemi fyrirtækja og opinberra aðila og að það skipti máli að setja skýr og mælanleg markmið og fylgja þeim eftir,“ segir Tómas. „Það er líka að verða mikilvæg viðhorfs- breyting í þessum efnum sem er ástæða til að fylgja eftir. Margir leiðandi fjárfestar leggja t.a.m. aukna áherslu á sjálfbærni og samfélagsábyrgð og það er meiri áhersla á hana alþjóðlega, m.a. í tengslum við Parísarsamkomu- lagðið og heimsmarkmið Sam- einuðu þjóðanna um sjálfbæra

þróun. Vegna EES samningsins hefur löggjöf um sjálfbærni varðandi umhverfis- og félagsmál og stjórnarhætti fyrirtækja líka þróast hér á landi.

Annað sem var mikið rætt á ráðstefnunni er hvernig íslensku fyrirtæki geta fótad sig í þessari þróun og jafnvel nýtt hana sem samkeppnisforskot,“ segir Tómas. „Fyrirtækin sem keppast við að aðlagast breyttu umhverfi ættu að vera í betri stöðu en keppinautar sem bregðast ekki jafn hratt við.

Þá var líka fjallað um áskoranir sem fylgja hamfarahlýnun og félagslegt réttlæti í rekstri fyrirtækja,“ segir Tómas. „Það

er t.d. mikil áskoranir sem getur fylgt langri virðiskerju fyrir- tækja. Þegar starfsemin teygist yfir margar heimsálfur minnkar stundum áherslan á umhverfis- mál, velferð starfsmanna og aðra samfélagslega þætti.“

## Öflugir þátttakendur

„Við fengum öflugan hóp alþjóð- legra fyrirlesara á ráðstefnunna, m.a. Höllu Tómasdóttur, forstjóra B Team, og fjóra erlenda leiðtoga á sviði fjárfestinga og stefnumótunar tengdum sjálfbærni. Það voru líka þrennar pallborðsum- ræður með öflugum leiðtogum úr íslensku atvinnulífi þar sem málin voru krufin og rædd frá ólíkum sjónarhornum,“ segir Tómas.

„Þar sem aðstæður leyfðu okkur ekki að halda hefðbundna ráð- stefnu var ákveðið að halda hana rafrænt, sem gaf okkur tækifæri til að fá fleiri erlenda fyrirlesara og að miðla þessu til mun fleiri en áður,“ segir Tómas. „Upptak af ráðstefnunni hefur þegar fengið mörg þúsund áhorf svo umfjöll- unin er greinilega að hitta í mark.“

Nánari upplýsingar um Festu má finna á [www.samfelagsabyrgd.is](http://www.samfelagsabyrgd.is). Efst á undirsíðu helgaðri janúar- ráðstefnunni 2021 má finna hlekk á upptöku af allri ráðstefnunni en einnig er hægt að horfa á klippur úr henni á YouTube-síðunni, Festa samfélagsábyrgð.



# Betra fyrir okkur og jörðina

Vistvænt vöruúrval fer sífellt vaxandi í verslun IKEA. Eitt markmiða okkar er að gera sjálfbæra lífnaðarhætti raunhæfan kost fyrir sem flesta. Græni plúsinn gefur til kynna að varan hafi sjálfbæra eiginleika. Hún gæti til dæmis verið úr endurunnu hráefni, endurvinnanlegu efni eða farið sparlega með auðlindir jarðarinnar – þú finnur nánari upplýsingar hjá græna plúsnum.



GRÁVAL ungbarna-  
/barnastóll með borði

**19.900,-**

GRÁVAL barnastóllinn er úr endurvinnanlegu birki úr vottaðri skógrækt. Stóllinn er breytilegur eftir stærð, aldri og þörfum barnsins og nýtist því í fjölda ára. Gott fyrir jörðina, fjárhaginn og framtíðina.



Verslun opin 11-20 alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)

# Verðmæti fyrir íslenskt samfélag

Klappir grænar lausnir hf. er íslenskt almenningshlutfélag með yfir 300 íslenska hluthafa. Klappir hafa þróað stafrænar lausnir á sviði umhverfismála sem miða að því að lágmarka vistspor.

Klappir voru skráðar á First North markað Nasdaq á Íslandi árið 2017. Stafrænar lausnir Klappa styðja við aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og stafrænt Ísland á mörgum sviðum. Lausnirnar hafa verið þróaðar á undanfönum átta árum og mynda einstaka samverkandi heildarlausn á sviði umhverfismála á Íslandi, að sögn Jóns Ágústs Þorsteinssonar, forstjóra Klappa.

Með hugbúnaði Klappa má lágmarka vistspor, tryggja fylgni við umhverfislöggjöf hverju sinni, og sýna fram á árangurinn – á sama tíma og dregið er úr rekstrar-kostnaði. Stafrænar lausnir Klappa henta ólíkum aðilum, svo sem fyrirtækjum, opinberum aðilum og heilum ríkjum – hvar í heiminum sem er.

„Klappir líta á uppbyggingu á stafrænni tækni fyrir umhverfismál sem eina af mikilvægustu forsendum þess að árangur náist í umhverfis- og loftslagsmálum. Uppbygging á stafrænni tækni fyrir umhverfismál er í raun mjög brýnt innviðamál en Klappir hafa þróað áherslur umhverfis- og loftslagsmála inn í atvinnulíf á Íslandi, auk þess sem Klappir vinna að því að auka og efla umhverfisvitund í samfélagi okkar. Þetta skapar einstök verðmæti fyrir íslenskt samfélag – við Íslendingar erum því vel í stakk búin til að ná góðum árangri í umhverfis- og samfélagsmálum á komandi árum,“ segir Jón Ágúst, forstjóri Klappa.

Jón Ágúst útskýrir að stafræna



Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Klappa.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
STEFÁN

tækni hafi það afl sem þarf til að tengja okkur saman og flytja okkur áfram sem eina heild, við getum stutt hvert annað og verið félagar í þessu mikilvæga ferðalagi.

„Stafræn tækni heldur utan um árangur okkar mánuð fyrir mánuð og ár fyrir ár. Hún skilar okkur sönnun, gagnsæjum og rekjanlegum upplýsingum sem hjálpa okkur í okkar sókn að sjálfbærni. Það stafræna kerfi sem nú er búið að þróa af Klöppum hefur þann kost að viðmiðin eru þau sömu hjá okkur öllum og við getum vakt að framlag okkar við að ná þeim alþjóðlegu markmiðum sem Ísland hafa skuldbundið sig til að ná,“ segir Jón Ágúst.

Hann tekur sem dæmi að hafnirnar hafa nú samskipti við skipin sem koma til landsins, Umhverfisstofnun, umboðsmenn og þjónustuaðila með stafrænni tækni.

„Ríkið, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir eru nú hver af annarri að nýta sér þennan stafræna lausnarpall eða vistkerfi eins og við stundum nefnum hugbúnaðinn okkar. Nú eru meira en 4.000 notendur um allan heim tengdir inn á kerfið,“ segir hann.

## Sýna þarf fram á ábyrga umhverfisstefnu

Umhverfismál koma til með að vegna æ þyngra í rekstri fyrir-

tækja og sveitarfélaga að sögn Jóns Ágústs og því segir hann sífellt mikilvægara að halda sérstakt bókhald utan um umhverfis- og samfélagsáhrif fyrirtækja, sveitarfélaga og stjórnvalda.

„Fyrirtæki, sveitarfélög og stjórnvöld sem sinna þessu vel ná að spara háar fjárhæðir þegar þau hafa tekið umhverfismálin föstum tökum. Græna hagkerfið fer ört stækkandi. Félög sem láta umhverfis- og samfélagsmálin mæta afgangi geta vænst þess að dyr sem áður stóðu þeim opnar munu lokast og viðskiptavinir, lánastofnanir og fjárfestar leita annað,“ segir Jón Ágúst.

„Sýna þarf fram á ábyrga

umhverfisstefnu í viðskiptum á milli fyrirtækja en mikilvægt er að fyrirtæki geti sýnt fram á að þau séu að vinna með markvissum hætti í átt að sjálfbærni. Með notkun á stafrænni tækni má stuðla að því að virðisdeðja fyrirtækja verði sjálfbærari.

Til að tryggja að fyrirtæki nái þeim árangri sem það vill ná þá þarf það að vinna með allri virðisdeðjunni sinni – oft er það þannig að losun gróðurhúsalofttegunda vegna aðfanga, ferðalaga og flutninga geta verið allt upp í 80% af heildarlosun fyrirtækis. Með því að nýta stafræna tækni má tengja saman árangur uppgjörsfyrirtækis og þjónustuaðila og setja þeim sameiginleg markmið.

Jón Ágúst segir Íslendinga á góðum stað til að ná árangri. „Á Íslandi er nú góð reynsla af hugbúnaði Klappa þar sem fjöldi aðila er að vinna á samræmdan hátt að aukinni sjálfbærni. Í gegnum hugbúnað Klappa geta aðilar miðlað til annarra reynslu og þekkingu og þar með stutt samfélagið í heild sinni,“ segir hann.

„Ef við vinnum þétt saman á komandi árum þá náum við að byggja upp sjálfbærara samfélag fyrir komandi kynslóðir og minnkum líkurnar á því að við þurfum að kaupa losunardeildir.“

Það gerum við með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og verja lífríkið, byggja upp skóga, endurheimta votlendi og svo framvegis.“

# Tækifæri til að hafa áhrif

Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir ákvað ásamt samstarfsfélaga sínum að fara af stað við þróun hugbúnaðar sem gerir fyrirtækjum kleift að hafa yfirsýn yfir umhverfisáhrif sín.

Ólöf er fædd og uppalin í Skagafirði, en flúttist til Reykjavíkur fyrir nokkrum árum til þess að stunda nám við Háskóla Íslands, þaðan sem hún er útskrifaður hagfræðingur með meistaraþróf í umhverfis- og auðlindafræði.

„Ég á tvö börn með sambýlismanni mínum og tíkina Svölu, sem er elsta barnið mitt. Ég hef verið náttúrubarn frá því að ég man eftir mér, var á kafi í hestum á meðan ég bjó fyrir norðan og er núna komin með náttúruhlaupabakteríuna.“

## Leiðarvísir fyrirtækja

„Ég tók þátt í því að stofna Greenfo í nóvember 2020 því ég sá spennandi tækifæri til þess að hafa áhrif á umhverfisvitund fyrirtækja og einstaklinga og í leiðinni að skila heiminum betri til komandi kynslóða. Markmiðið okkar er að hjálpa fyrirtækjum að taka ákvarðanir út frá hagkvæmni reksturs og ávinningi í þágu umhverfisins og samfélagsins.“

Ólöf segir hugmyndina að fyrirtækjunni hafa kviknað þegar hún

vann í Landsvirkjun. „Ég og Stefán Kári, meðstofnandi Greenfo, unnum saman í umhverfisdeild Landsvirkjunar þar sem við komum að gerð loftslagsbókhalds, aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum, sjálfbærnisráðgjafum o.fl. Við þá vinnu fannst okkur vanta hugbúnað sem myndi halda utan um öll gögn sem tengjast umhverfisáhrifum fyrirtækja á einfaldan hátt. Hugmyndin þróaðist síðan áfram í að nýta upplýsingarnar, sem eru nú þegar til hjá fyrirtækjum, til þess að reikna og kortleggja kolefnisspor og setja fram markvissar aðgerðir til þess að draga úr því. Við stefnum á að búa til hugbúnað sem er leiðarvísir fyrir fyrirtæki í átt að sjálfbærni.“

Menntun Ólafar hefur reynst vel í þessari vinnu. „Þessi samblanda af hagfræði og umhverfis- og auðlindafræði nýtist mér mjög vel. Umræðan um sjálfbærni og umhverfismál er oft og tíðum tvískipt, sumir sjá eingöngu efna-hagsleg áhrif aðgerða á meðan aðrir hugsa lítið um þá hlið og horfa eingöngu á umhverfisáhrif.



Ólöf segir umhverfisáhrif fyrirtækja oft ekki nægilega sýnileg. MYND/ADSEND

Ég hef góðan skilning á hvort tveggja og tel mikilvægt að líta til beggja hliða þegar skoðað er í hvaða aðgerðir á að fara.“

## Fyrirmynd í sjálfbærni

Ólöf segir þátttöku fyrirtækja í loftslagsmálum sérstaklega áriðandi. „Allir þurfa að leggja sitt af mörkum ef framtíðar kynslóðir eiga að fá að búa við svipuð náttúrugaði og við höfum gert hingað til, það á við um einstaklinga jafnt og fyrirtæki. Fyrirtækin leika lykilhlutverk í því að gefa einstaklingum tækifæri á því að breyta sínum neyslunum. Einstaklingar búa við takmarkaðar upplýsingar sem neytendur og

hver og einn getur ekki kynnt sér í þau starfsemi allra þeirra fyrirtækja sem hann ákveður að eiga viðskipti við, það væri of tímáfrekt, en hægt og rólega verða þeir meðvitaðri um sjálfbærni og að auðlindir okkar á þessari jörð eru takmarkaðar.“

Nálgun fyrirtækja á þessu mál hafi þá enn fremur bein áhrif á velgengi fyrirtækja. „Það má heldur ekki gleyma því að neytendur eru jafnframt starfsfólk fyrirtækjanna, svo að fyrirtæki sem ætla sér að halda velli á samkeppnismarkaði og keppast um hæft starfsfólk þurfa að hafa þessi mál í forgrunni. Við sjáum það að fólk velur ekki bara vinnu út af laununum, þó

að þau skipti máli, en margir eru einnig farnir að velja vinnustaði sem þeir geta verið stoltir af því að vinna hjá. Það er því miður staðan að fæst fyrirtæki þekkja áhrifin af sínum rekstri. Umhverfisáhrif fyrirtækja virða ekki landamæri og oft eiga yfir 80% umhverfisáhrifa sér stað annars staðar í virðisdeðjunni og eru því falin fyrir stjórnendum jafnt sem neytendum.“

„Við erum að þróa hugbúnað sem auðveldar fyrirtækjum að kortleggja umhverfisáhrif frá allri virðisdeðjunni sinni. Með lausninni okkar munu fyrirtæki m.a. geta kortlagt kolefnisspor sitt, mengun, áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og vatnsnotkun niður á þau lönd sem áhrifin eiga sér stað í. Þegar fyrirtæki vita hvar neikvæð áhrif af starfsemi þeirra liggur skapast tækifæri fyrir þau til þess að draga úr þeim á markvissan hátt. Fyrirtæki geta þá fylgst með árangri í rauntíma, spáð fyrir um losun og forgangsráðað verkefnum út frá kostnaði og umhverfisáhrifum. Markmið okkar hjá Greenfo er að hjálpa öðrum að gera betur í þessum málum, en eitt af gildum okkar er að vera fyrirmynd í sjálfbærni og gera sjálf það sem við ráðleggjum öðrum, við veljum til dæmis vörur og þjónustu út frá þessum viðmiðum.“

Ólöf telur að kröfur um ábyrgð fyrirtækja muni færast í aukana í framtíðinni. „Ég held að samfélagsleg ábyrgð verði ekki síðri þáttur í rekstri fyrirtækja á komandi árum en rekstrarreikningurinn, þá sérstaklega loftslagsmálin. Það eru ekki lengur bara fjárfestar sem gera kröfur á fyrirtæki um arðsemi fjármagns, neytendur eru að taka við sér og ég sé þá ekki bremsa á næstunni. Það vilja flestir gera vel og draga úr sínum umhverfisáhrifum en hefur kannski vantað tæki, töl og þekkingu til þess.“



Sjálfbærni er orðin mikilvægur þáttur í starfsemi margra fyrirtækja, segja þau Helga Harðardóttir meðeigandi og Bjarni Herrera, Senior Manager hjá KPMG. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sjálfbærni er forsenda samkeppnishæfni

KPMG hefur byggt upp öflugt og fjölbreytt teymi með djúpa sérþekkingu til að aðstoða viðskiptavinum sína við sjálfbærni- og sjálfbærni-ferð þeirra. Neytendur og aðrir hagaðilar eru sífellt meira vakandi fyrir sjálfbærni í rekstri fyrirtækja sem er mjög jákvætt, að sögn Bjarna Herrera.

**K**PMG er í fremstu röð í ráðgjöf og þjónustu á sviði sjálfbærni og sjálfbærna fjármála. Í dag er sjálfbærni orðin mikilvægur þáttur í starfsemi margra fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga sem vilja vera samkeppnishæf, hvort sem um ræðir þegar kemur að tekjum, fjármögnun eða starfsfólki, segja Bjarni Herrera, Senior Manager og Helga Harðardóttir meðeigandi.

## Fólk, jörðin og hagsæld

Hugtakið sjálfbært fyrirtæki vefst kannski fyrir einhverjum bætir Bjarni við. „Við getum kannski sagt að hugtakið sjálfbærni sé hreyfanlegt markmið. Fyrirtæki og stofnanir geta því alltaf orðið sjálfbærari og sjálfbærnin sem sliker nær eiginlega engum endapunktur heldur er hún eitthvað sem þarf að viðhalda og þróa áfram. Huga þarf um sjálfbærni fyrirtækja út frá þremur meginstöðum: mannfólkinu, umhverfinu og hagsæld (á ensku People, Planet, Prosperity). Þannig má sem dæmi nefna að rekstrareiningar þurfa að afla meiri tekna en sem nemur útgjöldum, huga þarf að jöfnuði í launum og aðgengi fólks að störfum, og aðgengi og nýtingu náttúruauðlinda okkar, svo dæmi séu tekin.“

Bjarni var framkvæmdastjóri og einn eigenda CIRCULAR Solutions, ráðgjafarfyrirtækis sem sérhæfði sig í sjálfbærni. KPMG keypti fyrirtækið í desember 2020 og hóf Bjarni þá störf hjá KPMG. Bjarni er með gráðu í lögfræði og með MBA gráðu frá Yonsei háskóla í S-Kóreu ásamt því að hafa starfað sem ritari stjórnar Arion banka. Helga Harðardóttir er reynslumikill endurskoðandi sem hefur starfað á ráðgjafarsviði KPMG síðan 2007. Áður starfaði hún sem innri endurskoðandi hjá Símanum og Glitni. Helga er sérhæfð í áhættustýringu og innri endurskoðun sem er ómetanlegt þegar endurskoðunar- og sjálfbærniheimarnir mætast um þessar mundir.

## Einföldum vegferðina

KPMG leggur áherslu á að auðvelda vegferð viðskiptavina sinna með því að vísa þeim í rétta átt. „Teymið okkar veitir margvíslega ráðgjöf, t.d. við stefnumótun, áhrifaskýrslugjöf, við vörubrúun og nýsköpun og til fjármála- markaða. Allt með mikilvægis- og áhættustýringarsjónarmið að leiðarljósi svo hægt sé að leysa úr læðingi þau viðskiptatækifæri sem í sjálfbærni felast á sama tíma og að hafa góð áhrif.“ segir Helga. „Við erum í raun að einfalda

**” Huga þarf um sjálfbærni fyrirtækja út frá þremur meginstöðum: mannfólkinu, umhverfinu og hagsæld.**

fyrirtækjum þessa vegferð og látum stjórnendur þess horfa á það sem raunverulega skiptir máli.“ bætir Bjarni við. „Aðstæður fyrirtækja eru líka svo ólíkar. Þannig fer fjármálastofnun eina leið, ef fyrirtæki leggja ekki áherslu á mikilvæga þætti, að mikill tími og kostnaður fari fyrir bí og ekki sé verið að stýra áhættu sem skiptir máli og því líklegri að ekki sé hægt að nýta viðskiptatækifærin. Félög hafa einnig sýnt aukinn áhuga á að fá sjálfbærnisráðgjöf sína staðfesta, þ.e. að þriðji aðili staðfesti réttmæti upplýsinganna. Sá áhugi endurspeglast í aukinni kröfu t.d. fjárfesta.“

## Gott að læra af öðrum

„Íslensk fyrirtæki virðast af niðurstöðum í alþjóðlegri rannsókn KPMG á heimsvisu vera eftirbátar fyrirtækja í öðrum löndum, en þó ber að hafa þann fyrirvara á slíkum samanburði að 100 stærstu fyrirtækin á Íslandi eru minni en þau 100 stærstu í flestum öðrum löndum. Af stærstu fyrirtækjum Íslands gefa 52% út slíkar skýrslur sem er nokkuð lægra en á hinum Norðurlöndunum þar sem hlutfallið er 98% í Svíþjóð, 82% í Finnlandi og 77% í Noregi.“ segir Helga.

Að mati Bjarna er það þó ekki endilega slæmt að vera aðeins á eftir nágrannþjóðum okkar. „Við getum lært af þróuninni í Evrópu og nýtt reynsluna hér. Til dæmis þegar við hjá CIRCULAR Solutions komum að fyrstu grænu skuldabréfaútgáfunum á Íslandi, þá lögðum við mikla áherslu á að fylgja þeim viðmiðum, leiðbeiningum og bestu starfsvenjum við slíkar útgáfur. Ég tel að það hafi lagt línurnar fyrir markaðinn í heild.“

## Jákvæð áhrif til lengri tíma

Neytendur eru sífellt meira vakandi fyrir sjálfbærni í rekstri fyrirtækja og hefur það aukin áhrif á fjárfestingar, t.d. hjá lífeyris-

sjóðunum. „Hlutverk þeirra er að sjá fyrir lífeyri fólks til framtíðar. Það að þeir séu að leggja áherslu á sjálfbærni fyrirtækja sem þau fjárfesta í gerir það að verkum að til verður betra samfélag til lengri tíma þar sem ekki einungis er horft til fjárhagslegra hagsmuna. Þannig kemur pressa á fyrirtækin, t.d. að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, að þau greiði réttlátari skatta, hugi að launum milli kynja og kynjahlutföllum í stjórnnum, skattgreiðslum, netöryggi og fleiri mikilvægum sjálfbærniþáttum. Allt með það að markmiði að auka jákvæð áhrif og takmarka neikvæð áhrif.“

## Mikil tækifæri í sjálfbærni

Þau eru sammála því að helstu áskoranir stjórnenda hérlandis, þegar kemur að sjálfbærni, séu að þeir líti á sjálfbærni-ferðina sem tækifæri. „Það er mikill ávinningur fyrir fyrirtæki sem aðlaga sig að breyttri heimsmynd og breyttum aðstæðum. Neytendur eru sífellt kröfuharðari og vilja sjá breytingar á vörum og þjónustu fyrirtækja. Þar eru t.d. umhverfisvænar vörur skýrt dæmi. Það má því segja að stóru áskoranirnar felist ekki bara í að sjá og skilja áskoranirnar, t.d. loftslagsbreytingar, heldur að sjá í þeim tækifærin.“

# Allir drykkir í endurunnu plasti

Coca-Cola á Íslandi er að hætta að nota nýtt plast í flöskur sínar og skipta alfarið yfir í 100% endurunnið plast. Fyrirtækið leggur áherslu á sjálfbærni og vill vera kolefnishlutlaust fyrir 2040.

Coca-Cola á Íslandi hefur lengi reynt að minnka kolefnisfótspor og plastnotkun sína. Í ár næst stór og flottur áfangi því nú verða flöskur fyrirtækisins sem framleiddar eru hér á landi eingöngu úr 100% endurunnu plasti, sem eru einar umhverfisvænstu umbúðir sem völ er á.

„Þetta hefur verið á dagskrá í langan tíma. Árið 2016 byrjuðum við að létta flöskur og tappa til að minnka plastnotkun, sem leiddi til að hún minnkaði um 6–14%“, segir Einar Snorri Magnússon, forstjóri Coca-Cola European Partners á Íslandi. „Árið 2018 höfum við svo að nota 25% endurunnið plast í flöskur og vinna að því að þróa okkur að lokatakmarkinu sem við náum núna með 100% endurunnu plasti. Eins erum við að vinna í að nota endurunnið plast í ytri umbúðir og það verður gert í auknum mæli. Árið 2019 fórum við síðan að skila öllu plasti sem fellur til við framleiðslu og rekstur til Pure North í Hveragerði, sem endurvinnur plastið á umhverfisvænan máta.“

Yfir 90% af því rusli sem fellur til við okkar starfsemi er flokkað og endurunnið. Það á bæði við um starfseminu í Reykjavík og á Akureyri,“ segir Einar. „Á Akureyri endurvinnum við líka kolsýru sem við notum í drykkina okkar, sem minnkar kolefnisfótspor okkar um 230 tonn af CO2 á ári.“

## Með þeim fyrstu í heiminum

„Í fyrra var hlutfallið af endurunnu plasti í flöskunum sem við framleiðum orðið 50% fyrir minni umbúðir og á þessu ári fer það upp í 100% fyrir allar stærðir



Einar Snorri Magnússon, forstjóri Coca-Cola European Partners á Íslandi, er ánægður með þennan stóra áfanga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

af flöskum, sem er stór og flottur áfangi,“ segir Einar. „Við erum með þeim fyrstu í heiminum til að nota alfarið endurunnið plast fyrir drykkina okkar.“

Þar njótum við góðs af því að vera hluti af þessu stóra móðurskipi Coca-Cola og það skiptir líka máli að við höfum einblínt á sjálfbærni í langan tíma,“ útskýrir Einar. „Við höfum t.d. verið eigendur í Endurvinnslunni í yfir 30 ár og stuðlað að því að öllum drykkjarumbúðum sé skilað. Við höfum sýnt að við skilum flöskum aftur til endurvinnslu og það setur okkur ofarlega á lista þegar kemur að því að úthluta þessari takmörkuðu auðlind sem endurunnið plast er.“

Plastflaska úr endurunnu plasti sem skilar sér í endurvinnslu hefur minnsta kolefnisfótspor af öllum umbúðategundum sem Coca-Cola á Íslandi notar.



Flöskur úr 100% endurunnu plasti eru að koma í búðir um þessar mundir.

Plastflaska úr endurunnu plasti sem skilar sér í endurvinnslu hefur minnsta kolefnisfótspor af öllum umbúðategundum sem við notum og um leið minnka þær þörf á framleiðslu á nýju plasti,“ segir Einar. „Með því að skipta yfir í endurunnið plast fer notkun á nýju plasti niður um 530 tonn á hverju ári. Þetta minnkar líka kolefnisfótspor framleiðslunnar vegna plastflaskna um sem nemur ígildi 400 tonna af koltvísýringi, eða um 44%.“

Flöskur úr 100% endurunnu plasti eru að koma í búðir um þessar mundir og eru vel merktar. Við framleiddum fyrstu tveggja lítra flöskur og í síðustu viku bættum við hálfslitru flöskum af Coke og Toppi við framleiðsluna,“ segir Einar.

## Kolefnishlutleysi fyrir 2040

„Coca-Cola hefur sett upp svokallaða Net Zero 2040 áætlun. Fyrirtækið ætlar að minnka kolefnisfótspor sitt um 30% fyrir árið 2030 og verða kolefnishlutlaust fyrir árið 2040,“ segir Einar. „Það nær ekki bara til framleiðslunnar sjálfar, heldur er líka átt við aðfangakeðju, flutninga og allt annað sem við kemur rekstrinum. Þetta verður fyrst og fremst gert með sjálfbærum lausnum, en mótvægiságerðum verður beitt til að veita upp það sem er erfitt eða vonlaust að koma í veg fyrir.“

# Áhugavert að nota viðskipti til góðs

Alma Dóra Ríkhardsdóttir er viðskiptafræðingur og meistaranemi í kynjafræði. Ástríða hennar er samfélagsdrifin fyrirtæki en hún er sjálf að byggja upp sprotafyrirtæki eftir sigur í Gullegginu.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is



Alma heldur úti hlaðvarpinu Konur í nýsköpun, en hún segir hlaðvarpið snúast um að fjölga fyrirmyndum og auka sýnileika kvenna í nýsköpun.

„Ég er menntaður viðskiptafræðingur og hef alltaf haft áhuga á nýsköpun. En það sló mig svolítið þegar ég hitti fyrsta kvenframkvæmdastjórnann og fyrsta kvenfrumkvöðulinn. Það var skrytið af því við búum í svo miklu forrétindasamfélagi þar sem eru margar konur að gera frábæra hluti. Ég hef alltaf haft áhuga á að skoða það betur,“ segir Alma.

„Ég fékk það verkefni í háskólanum, af því ég er meistaranemi í kynjafræði, að skoða sjóði á vegum atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins út frá því að tölur sýndu okkur að konur voru ekki að fá nema 20% af þessu fjármagni. Ég skoðaði það betur út frá tölfræðinni og rannsóknum um stöðu kvenna í nýsköpun. Þá datt mér í hug að tala við kvenfrumkvöðla, fjárfesta og áhrifakonur úr nýsköpunarumhverfinu á Íslandi. Ég ákvað að búa til hlaðvarpið út frá þessu svo að aðrir gætu hlustað á viðtölin.“



Alma er drifin áfram af samfélagslegum ágóða. MYND/ADSEND

Þetta er smáforrit sem sér um verkaskiptingu og hugræna byrði inni á heimilinu.

## Smáforrit fyrir húsverkin

Alma er sjálf frumkvöðull, en hún vann Gulleggið á síðasta ári fyrir hugmyndina um smáforritið Heima.

„Þetta er smáforrit sem sér um verkaskiptingu og hugræna byrði inni á heimilinu á leikjavæddan og jafnréttismíðaðan máta. Ég er núna að vinna í því að byggja upp sprotafyrirtæki í kringum þetta en við erum komin með heimasíðu, heimaapp.is og síðu á bæði Facebook og Instagram. Meðstofnandinn minn, Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir, er með BS í hugbúnaðarverkfræði og er að vinna hörðum höndum að því með teyminu okkar að búa til vöruna. Hún kemur mögulega út í sumar,“ segir Alma.

Fyrirtækið er samfélagsmiðað en Alma tók meistaraþróf í alþjóðaviðskiptum í San Francisco í Hult International Business School þar sem áhersla er lögð á samfélagsmiðað fyrirtæki.

„Ég er mjög drifin áfram af

samfélagslegum ágóða og fannst áhugavert að sjá hvernig hægt var að nota viðskipti til góðs og stuðla að því að hægt sé að hafa áhrif markvisst með því að byggja jákvætt viðskiptamódel í kringum slíkar hugmyndir,“ segir hún.

Alma útskýrir að samfélagslegan ágóða standa jöfnum fæti við fjárhagslega sjálfbærni.

„Fyrirtækið er að stuðla að einhverju jákvæðu í samfélaginu. Það getur verið á ýmsum sviðum og þú fórnar því ekki. Þetta er öðruvísi en fyrirtæki sem eru að gera eitthvað gott beint eða óbeint með sínum rekstri, en eru samt fyrst og fremst að spá í hagnaðarmöguleikanum. Hjá samfélagsmiðaðu fyrirtæki er það partur að DNA-inu að gera eitthvað jákvætt fyrir samfélagið, en það verður að vera sjálfbært viðskiptamódel þar að baki til að hægt sé að hafa veigamikil áhrif úti í samfélaginu.“

Alma segir að Heima sé núna að taka þátt í viðskiptahraðli sem heitir Snjallræði og er fyrir samfélagsdrifna sprota.

„Þar setjum við heimsmarkmið 5.4, sem snýst um að viðurkenna húsverk og jafna ábyrgðina inni á heimilinu jöfnum höndum við fjárhagslega sjálfbærni okkar í rekstri. Við erum að finna sjálfbæra leið til að stuðla að því að uppfylla þetta heimsmarkmið.“

# Samfélagsábyrgð eykur samkeppnishæfni fyrirtækja

Samkaup hefur um árabíl lagt áherslu á samfélagsábyrgð í rekstri fyrirtækisins. Utan þess styrkir fyrirtækið samfélagið með ýmsum hætti, meðal annars í gegnum Samfélagssjóð Samkaupa. Hugað er að þessari samfélagslegu ábyrgð á öllum stigum rekstursins í ákvarðanatökum.

Árið 2020 var fyrsta árið sem Samkaup gáfu út formlega samfélagskýrslu en um árabíl hefur fyrirtækið lagt áherslu á að samfélagsábyrgð sé samþætt allri starfsemi þess. Hugað er að þeirri ábyrgð á öllum stigum rekstursins, í stefnumótun og daglegum ákvörðunum. Það er fyrirtækjum stór áskorun í dag að huga vel að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð, ekki aðeins því sem skrifað er í samfélagskýrslu heldur að orðum fylgi raunveruleg markmið og stefna.

Til að mynda skrifuðu Samkaup undir yfirlýsingu, sem afhent var á loftslagsráðstefnunni í París árið 2015, um aðgerðir í loftslagsmálum þar sem helsta markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og leggja áherslu á endurvinnslu og endurnýtingu. „Fyrirtæki í dag eru oft á tíðum að starfa í umhverfi sem einblínir of mikið á rekstrarlegan árangur. Það hefur þó sýnt sig að með aukinni samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni verður samkeppnishæfni fyrirtækja meiri. Neytendur okkar og samfélagið í heild gerir sívaxandi kröfur um að við stöndum okkur vel í því verkefni,“ segir Heiður Björk Friðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Innkaupasvið Samkaupa leggur til dæmis mikinn metnað í að velja inn vörur sem eru umhverfisvænni og miða að breyttu neyslumynstri viðskiptavina, bætur Stefán Guðjónsson, framkvæmdastjóri innkaupasviðs, við. „Dæmi um þetta er Anglamark vörumerkið, sem stendur fyrir sjálfbærni, en þær vörur eru lífrænar, umhverfisvænar og án ofnæmisvaldandi efna.“

## Fjölbreytni og sveigjanleiki

Samkaup reka 62 verslanir víðs vegar um landið. Þær spanna allt frá lágvöruverðsverslunum til hverfisverslana. Helstu vörumerki Samkaupa eru Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin og Iceland. „Samkaup er leiðandi fyrirtæki í viðskiptaháttum, vörugæðum og þjónustu sem og virkur þátttakandi í samfélaginu. Við störfum á íslenskum dagvörumarkaði og byggjum reksturinn á gæðum, góðri þjónustu og fjölbreyttu vöruvali á eins hagstæðu verði og vól er á,“ segir Ómar Valdimarsson, forstjóri Samkaupa. „Grunnurinn í þjónustu Samkaupa er fjölbreytni og sveigjanleiki til þess að uppfylla hinar ýmsu þarfir viðskiptavina sem og tengsl við viðskiptavini í öllum byggðum landsins. Samkaup leggja áherslu á að vera eftirsóttur vinnustaður með öflugt lið starfsmanna sem eru um 1.300 talsins þar sem markvíst er lögð áhersla á jafnrétti, menntun fyrir alla og heilsu og velferð starfsmanna.“


## Samfélagið styrkt

Samfélagsverkefni Samkaupa beinast aðallega að því sem tengist starfsemi fyrirtækisins beint og varðar einkum starfsfólk, viðskiptavini, birgja og samstarfsaðila, vörur og þjónustu. Þá er einnig stuðningur við verkefni sem stuðla að betra samfélagi án þess að þau



Framkvæmdastjóri: Gunnar Egill Sigurðsson, Gunnur Líf Gunnarsdóttir, Ómar Valdimarsson, Heiður Björk Friðbjörnsdóttir og Stefán Guðjónsson.

MYNDIR/ÁSENDAR



Valdis Eyrún Sigurðardóttir og Jóhanna Salvör Erlendsdóttir, starfsmenn Iceland Seljabraut.

tengist starfsemi, segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs. „Verkefni ársins eru afar fjölbreytt. Áfram er unnið markvíst í umhverfismálum, en Samkaup hafa innleitt umhverfisbókhalð sem heldur utan um losun á CO2 og sett sér markmið um að lágmarka áhrif okkar og fara í mótvægisáðgerðir. Við stefnum ótraud áfram í að gera verslanir okkar að grænum verslunum, þar sem unnið er eftir orkuskiptaáætlun, þar sem freon er skipt út fyrir CO2.“

Után þess er áframhaldandi áhersla á styrki út í samfélagið, meðal annars gegnum Samfélagssjóð Samkaupa. „Markmið Samkaupa er að vinna markvíst að því að bæta samfélagið hvort sem um er að ræða nærsamfélagið, landið allt eða á heimsvísu. Til þess kappkosta Samkaup að vera með skýra samfélagsstefnu, síðareglur um hegðun fyrirtækisins og metnaðarfull markmið ár hvert sem fylgja þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem samræmast starfsemi fyrirtækisins. Lykilverkefni félagsins, lítil sem stór og allt að 200 talsins, endurspeglar þessi markmið á hverju ári.“



Rebekka Magnúsdóttir – starfsmaður í Kjörbúðinni Sandgerði.

Að sögn hans hafa Samkaup, eftir ítarlega skoðun, tekið ákvörðun um að einblína á eftirfarandi 8 af 17 heimsmarkmiðum: Heilsu og velliðan, menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, góða atvinnu og hagvöxt, nýsköpun og uppbyggingu, ábyrga neyslu og framleiðslu, aðgerðir í loftslagsmálum og samvinnu um markmiðin.

## Lærdómsríkt ár

Árið 2020 var óvenjulegt á marga

vegu og hægt er að draga lærdóm af þeim áskorunum sem upp hafa komið í samfélagi okkar. „Á þessum fordæmalausu tímum höfum við hjá Samkaupum lagt áherslu á að styðja vel við öfluga framlinu okkar og vera þannig í forsvari fyrir velferð starfsmanna. Við erum afskaplega stolt af þeim aðgerðapakka sem við lögðum fram fyrir okkar starfsfólk auk þess að setja upp til framtíðar viðtæka velferðarþjónustu Sam-

kaupa, sem snýr alfarið að heilsu og velliðan starfsmanna og um leið styrkir okkar samfélag,“ segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannaússviðs.

Það er í gegnum fræðslu og aukna menntun starfsmanna sem helsta áhersla fyrirtækisins liggur í að gera starfsfólk meðvitaðra um samfélagslegu ábyrgð, umhverfið og hvernig hver og einn starfsmaður getur haft áhrif til góðs. „Við nýtum margs konar leiðir til fræðslunnar, hvort sem það er rafræn fræðsla eða staðbundin. Árið 2020 hlutu Samkaupa Menntasprotann fyrir nýsköpun í menntun og fræðslu. Við erum mjög þakklát fyrir þessa viðurkenningu sem hvetur okkur til að gera enn betur og halda áfram þeirri vegferð sem Samkaup eru á, um að vera eftirsóknarverðasti vinnustaður á Íslandi.“

## Í fararbroddi í nýsköpun

Mörg spennandi verkefni eru fram undan á árinu sem endurspeglar að Samkaup er framsækið verslunarfyrirtæki sem er þekkt fyrir að fara alla leið í þágu vörugæða og þjónustu ásamt því að vera í fararbroddi í nýsköpun. „Áhersla ársins mun vera í nýsköpun og nýtingu á tækni til að stuðla að minni sóun, umhverfisvænni aðferðum við verslun og hagstæðari leiðir fyrir viðskiptavini og samfélagið. Við erum spennt fyrir komandi tímum,“ segir Ómar Valdimarsson.

„Styrking á innviðum Samkaupa á vettvangi samfélagsábyrgðar og umhverfis hefur verið sérstakt áhersluverkefni síðustu ár. Mikill kraftur hefur verið settur í málaflokkinn og frekari styrking hans er ein af lykiláherslum í stefnumótun félagsins til framtíðar. Eins og komið hefur fram, þá markar 2020 ákveðin tímamót, þar sem Samkaup gefa út fyrstu samfélagskýrslu sína en hana er hægt að nálgast á vef okkar innan tíðar, á samkaup.is.“

# Viðskipti við Múlalund er frábært samfélagsverkefni

Múlalundur vinnustofa SÍBS, býður fyrirtækjum og einstaklingum fjölbreytta þjónustu, sem skapar um leið tækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku til að leggja sitt af mörkum til atvinnulífsins. Heimsmarkmiðin, hringrásarhagkerfi og útvistun verkefna eiga öll færi á Múlalundi.

Á Múlalundi vinnustofu SÍBS fást allar almennar skrifstofuvörur á einum stað, pappír og ritföng. Þar fást einnig fjölbreytt úrval vara sem nýttist fjölbreyttum hópi viðskiptavina, s.s. íþróttavörur, fallettar vörur til heimilisins, þjónavörur, vörur fyrir safnara, stuðningsvörur fyrir fatlaða og margt fleira. Þá tekur starfsfólk Múlalundar að sér fjölbreytt verkefni fyrir viðskiptavinum, oft verkefni sem kalla á handavinnu, sem mun hagkvæmara er að láta starfsfólk Múlalundar um en að þau taki orku frá öðrum verkefnum í fyrirtækjum viðskiptavina. Vefverslun Múlalundar má finna á slóðinni [mulalundur.is](http://mulalundur.is).

Múlalundur er stöðugt að sníða vöru og þjónustu að þörfum fyrirtækja og treystir á að fyrirtæki skoði möguleika á samfélagslegri ábyrgð. Það er því mikilvægt að stjórnendur fyrirtækja skapi sér stefnu um að reyna að nýta sér þjónustu fyrirtækja eins og Múlalundar.

Stjórnendur fyrirtækja hafa ærna ástæðu til að bæta það samfélag sem þau starfa í. Komið hefur í ljós að fyrirtæki sem sýna samfélagslega ábyrgð eru vinsælli hjá fjárfestum, þau hafi betra orðspor og eru líklegri til að laða að og halda í gott starfsfólk.

Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja hefur áhrif á kauphegðun fólks.

## Fólkið þarf næg verkefni

Múlalundur þarf á samfélagslegri ábyrgð að halda. „Um þessar mundir er verið að lyfta samkomutakmörkunum og hefur það þau áhrif á Múlalundi að fleiri geta mætt til vinnu og oftast en mögulegt hefur verið undanfarna mánuði. Duglegt fólk þarf að hafa næg verkefni og því köllum við út í samfélagið eftir fjölbreyttum verkefnum svo okkar duglega fólk geti látið hendur standa fram úr ermum næstu mánuði,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS.

„Í fyrirtækjum koma oft upp fjölbreytt handavinnuverkefni sem þarf að framkvæma og taka tíma frá öðrum verkefnum. Þá geta fyrirtæki haft samband við Múlalund, fengið tilboð í verkefni og síðan skutlar viðskiptavinur þeim til okkar eða við sækjum þau. Við klárum verkin hratt og vel og sendum verkefni aftur til viðskiptavinarins. Sum fyrirtæki fá t.d. sendar vörur erlendis frá í hverri viku, þar sem merkningar uppfylla ekki reglugerðir um íslenskar leiðbeiningar eða þar sem strikamerki þarf vörur upp á nýtt. Viðskiptavinir okkar skutla þá viðkomandi brettum til okkar, við merkjum þau og svo eru þau sótt. Á meðan getur starfsfólk viðskiptavinarins sinnt mikilvægari verkefnum á sama tíma og fyrirtækið skapar störf fyrir fólk með skerta starfsorku.“

## Vinsæl vefverslun

Á heimasíðunni [mulalundur.is](http://mulalundur.is) er rekin stór og vinsæl vefverslun. „Þar geta viðskiptavinir valið



Það er góður hópur fólks sem starfar á Múlalundi og er alltaf tilbúinn í fleiri verkefni. Frábærar vörur eru í boði.

## Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja hefur áhrif á kauphegðun fólks.

úr glæsilegu úrvali fjölbreyttra vara og bæði verð og úrval koma ánægjulega á óvart. Einfalt er að versla á netinu og sendum við vörurnar yfirleitt strax daginn eftir,“ upplýsir Sigurður. Fari pöntun yfir 20.000 krónur er fri heim-sending um land allt en ef pantað er fyrir lægri upphæð er tekið lágt sendingargjald.

## Heimsmarkmiðin, hreinleiki og umhverfisvernd

Á Múlalundi hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri í 62 ár. Æskilegast er að samfélagsleg ábyrgð sé fléttuð inn í hefðbundna starfsemi fyrirtækja. „Við segjum stundum að það að panta vörur af Múlalundi sé einfaldasta samfélagsverkefnið. Vörur sem hvort sem er þarf að kaupa og fá þær sendar daginn eftir,“ segir Sigurður Viktor. „Þá er fyrirtækið búð að láta gott af sér leiða þann daginn.“

Á Múlalundi starfa dugmiklir einstaklingar sem í kjölfar slyss eða heilsuþrengingar hafa þurft að takast á við andlega eða líkamlega fötlun eða veikindi.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 8 tekur til þess að vinna skuli vera „í boði fyrir alla, konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk“. Þegar fyrirtæki kaupa rekstrarvörur eða þjónustu hafa þau val um að kaupa þær af Múlalundi vinnustofu SÍBS og stuðla þannig að fjölbreyttum störfum fyrir fólk með skerta starfsorku.

Yfirleitt er jákvætt umhverfislega að framleiða vörur stutt frá notkunarstað. Hráefni í framleiðsluvörum Múlalundar er evrópskt plast sem skráð er í evrópska

gagnagrunna um íblöndunarefni. Það uppfyllir líka staðla EN-71-3 um efni til notkunar í leikfangaframleiðslu þar sem gert er ráð fyrir því að börn stingi efninu upp í sig. Það tryggir heilnæmt umhverfi notenda varanna.

## Fyrirtæki útvisti verkþáttum

Í sumum tilfellum hafa viðskiptavinir séð sér hag í því að útvista tilteknum hluta starfsemi sinnar til Múlalundar. Þá sér fyrirtækið t.d. um markaðsmál, innkaup og samskipti við viðskiptavinum, en Múlalundur um að afgreiða pantanir og vinna það sem þarf að vinna. Þetta hentar m.a. einrykjum og nýsköpunarfyrirtækjum sérstaklega vel þar sem þeir geta einbeitt sér að viðskiptavinum og uppgangi fyrirtækisins. Þetta hentar t.d. þegar álag er ekki jafnt og þétt heldur eins og ein eða fleiri afhendingar á viku. Þá hentar illa að ráða eigið starfsfólk í verkefnið.

## Hringrásarhagkerfið

Mikilvægt er að fyrirtæki og stofnanir leggi áherslu á hringrásarhagkerfið þar sem vörur eru ekki framleiddar, notaðar og þeim hent, heldur séu þær endurnnar og endurnýttar eins og frekast er unnt. Það kallar á að vörur séu teknar í sundur eftir að notkun lýkur og flokkaðar eftir efnun. Þannig fást hreinir straumar til endurvinnslu sem hámarkar virði þeirra sem og líkur á því að hægt sé að endurnýta og endurvinna vörurnar til fulls. Múlalundur getur sinnt þessum mikilvæga þætti í hringrásinni. „Þá eru slegnar tvær samfélagslegar flugur í einu höggi, umhverfisfótsporid lágmarkað og á sama tíma sköpuð mikilvæg störf fyrir fólk með skerta starfsorku,“ segir Sigurður Viktor.

## Öllum er mikilvægt að vinna

Múlalundur hefur frá árinu 1959 verið rekinn af SÍBS með stuðningi Hapdrættis SÍBS. Frá því starfsemi hófst hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfs-

## Örfá dæmi um vörur sem fyrirtæki kaupa af Múlalundi:

- Áletraðar dagbækur með merki fyrirtækis/nafni starfsmanns eða viðskiptavinar
- Áletraðar tóskur undir atvinnuskirteini sjómanna
- Áletraðir bréfpokar og gjafapokar
- Áletraðar möppur með merki fyrirtækisins. Gögn fara síður á flakk
- Bilasöluvasar til að hengja á spegla
- Bréfpokar og gjafapokar í mörgum litum og stærðum
- Dagatöl | stór á vegg, músamottur og fleira
- Fundabækur/minnisbækur með útliti fyrirtækisins
- Hálsbönd og barmmerki
- Klemmubækur og-spjöld með og án áletrunar
- Löggtur skjalapappír
- Matseðlakápur staðlaðar eða sérframleiddar með merki fyrirtækisins
- Músamottur með auglýsingum og skilaboðum
- Möppur af öllum stærðum og gerðum
- Rafhlöður og USB lykklar
- Ráðstefnubækur
- Sjúkrahúsvörur
- Skólavörur fyrir sveitarfélög
- Skrifstofuvörur, s.s. pappír, gatar, heftarar, minnismiðar/blokkir
- Sótthreinsivörur (sprittpúðar, andlitsgrímur, hanskar, klútar, handspritt)
- Tesa límbandi (mikið úrval)
- Tóskumerki með auglýsingum og skilaboðum
- Verkstæðismöppur og rekkar fyrir bilaverkstæði
- ... og fjölmargt fleira

## Örfá dæmi um verkefni sem fyrirtæki og félög fá Múlalund til að vinna fyrir sig:

- Múlalundur sér um frágang pantana í hverri viku
- Lima strikamerki og íslenskar leiðbeiningar á innfluttar vörur
- Endurpökkun á vörum vegna gallaðra umbúða
- Endurpökkun á vörum í smærri umbúðir eða magnumbúðir
- Talning og pökkun á servéttum, tilboðspökkum og mörgu fleiru
- Pökkun á tímaritum og fylgibréfum fyrir félagsamtök
- Pökkun á bókum í pappirs-umbúðir
- Pökkun á líni
- Pökkun á fatnaði
- Brot á öskjum
- Samsetning á borðspilum
- Talning
- Flokkun
- ... og fjölmargt fleira

Á Múlalundi vinnustofu SÍBS er glæsileg verslun við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562- 8500. Skoðið úrvalið á [mulalundur.is](http://mulalundur.is)

## Örfá dæmi um vörur sem einstaklingar kaupa af Múlalundi:

- Áletraðar fallegar minningarbækur og -gestabækur
- Áletraðar tóskur undir atvinnuskirteini sjómanna
- Barmmerki fyrir ættarmót
- Falleg LED kerti, sum með fjarstýringu
- Fermingarmöppur og -gestabækur
- Hlíðarumslög fyrir vinylplötur
- Íþróttavörur, s.s. æfingateygjur, göngustafir og fleira
- Kórmöppur fyrir nótur eða spjaldtölvur
- Ljósmýndaalbúm og gatapokar
- PECS lausnir fyrir myndrænt boðskiptakerfi
- Þjónar og hannyrðavörur
- Pönnukökupönnur (þessar einu sönnu frá Hellu)
- Safnaravörur fyrir pennasafnara, spilasafnara, myntsafnara og fleiri
- Skirnar- og brúðkaupsmöppur og -gestabækur
- Skólavörur
- Sokkar úr bambus sem anda sérstaklega vel
- Spilahaldarar
- ... og fjölmargt fleira

orku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný.

„Múlalundur stendur sjálfur undir stórum hluta tekna sinna, sem er allt að því einsdæmi á vinnustofum fólks með skerta starfsorku. Hver einasta króna skiptir Múlalund máli og ávinn-ingurinn er samfélagsins í heild, því saman hjálpum við fleirum sem glíma við skerta starfsorku að komast á vinnumarkað. Starfsemi stendur og fellur með viðskiptavinum okkar og í dag standa mörg fyrirtæki sig vel í að flétta daglegri starfsemi saman við samfélagslega ábyrgð. Þá vinna allir.“

# Með loftslagsmálin í brennidepli

Össur hefur um árabíl lagt áherslu á samfélagsábyrgð í sinni starfsemi. Það hefur meðal annars verið gert með því að styðja sérstaklega við fjögur af heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun.

**B**ergþóra Hlíðkvist Skúladóttir hefur unnið hjá Össuri frá árinu 2015. „Ég er lífefnafræðingur í grunninn en bætti síðan við mig þverfaglegu og alþjóðlegu námi í sjálfbærni, og hef unnið við ýmis störf því tengd,“ segir hún.

„Starfsheiti mitt er Global Sustainability and EHS manager og er ég ábyrg fyrir stefnumótun fyrirtækisins í umhverfis- og öryggismálum og leiði auk þess verkefni sem kallast Össur for Sustainability, þar sem stefna fyrirtækisins í sjálfbærni er mótuð, markmið sett og árangur metinn.“

## Heimsmarkmið 3 stutt beint

Össur hefur lengi látið samfélagsábyrgð sig varða. „Við höfum verið aðilar að UN Global Compact um árabíl og gefið út skýrslu um samfélagsábyrgð síðan árið 2013. Árið 2019 grandskoðuðum við hvar fyrirtækið gæti lagt mest af mörkum til að styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, og vinnum nú að því að styðja sérstaklega við fjögur heimsmarkmiðanna.“

Bergþóra bendir á það hvernig kjarninn í starfsemi Össurar snúi að einu markmiðinu. „Helstu áhrif Össurar á samfélög er í gegnum vörurnar okkar, rannsóknir og sérfræðipækkingu á stoðtækjum og stuðningsvörum. Öll okkar vinna miðast við að þróa og framleiða vörur sem bæta hreyfanleika fólks og stuðla að lífi án takmarkana. Þannig styðjum við beint við heimsmarkmið 3 um Góða heilsu og vellíðan.“

Í því samhengi var ákveðið að beina sjónum sérstaklega að eldri notendum. „Í dag leggjum við sérstaka áherslu á að þróa vörur fyrir eldri borgara en tölur sýna að eingöngu um 30-40% þeirra sem misst hafa fót hafa aðgengi að



Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir hjá Össuri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

stoðtæki. Meðalaldur þessa fólks er 65-70 ára og sýna rannsóknir að lífslíkur þeirra minnka til muna ef það getur ekki hreyft sig. Því er lykilatriði að tryggja þessum hópi aðgengi að stoðtækjum sem hönnuð eru með hans þarfir að leiðarljósi.“

## Loftslagsmálin áberandi

Bergþóra greinir frá hinum markmiðunum sem kapp er lagt á að framfylgja. „Auk heimsmarkmiðs 3 þá leggjum við sérstaka áherslu á að styðja við heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna, 12 um ábyrga notkun og framleiðslu, og 13 um loftslagsaðgerðir. Heimsmarkmið 12 og 13 snúa bæði að umhverfismálum, annars vegar að draga úr umhverfisáhrifum frá okkar vörum og hins vegar frá okkar rekstri. Búið er að skilgreina verkefni með mælanlegum markmiðum fyrir öll heimsmarkmiðin sem voru valin.“

Loftslagsmálin eru ofarlega á listanum. „Okkur finnst afar mikil-

vægt að leggja okkar af mörkum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Nú er oft spurt: „Hvað getum við gert?“ og þetta er það sem fyrirtæki geta gert, það er að vera kolefnishlutlaus. Það er hægt að líkja loftslagsbókhalda við púsluspil og við höfum unnið hörðum höndum undanfarna mánuði við að bæta nýjum bitum í „púslu“ til sjá myndina betur, það er kolefnispor fyrirtækisins. Hér hafa margir lagt hönd á plóg, þvert á deildir og landamæri,“ segir Bergþóra.

„Helstu áskoranirnar hafa verið aðgengi að gögnum, að innleiða nýja nálgun og samræma þvert á fyrirtækið og starfsstöðvar víða um heim. Í upphafi ætluðum við að verða kolefnishlutlaus 2025 en þegar við sáum að það var raunverulegur möguleiki að ná því á sjálfu 50 ára afmælisárinu, 2021, var bara sett í fluggírinn með hugrekkið að leiðarljósi. Við vinnum með alþjóðlega fyrirtækinu First Climate sem fer yfir og sannreynir alla okkar útreikninga því eins og

„Í upphafi ætluðum við að verða kolefnishlutlaus 2025 en þegar við sáum að það var raunverulegur möguleiki að ná því á sjálfu 50 ára afmælisárinu, 2021, var bara sett í fluggírinn með hugrekkið að leiðarljósi.“

alltaf, þá leggjum við mikla áherslu á gegnsæi og heiðarleika.“

Bergþóra segir þau munu fara ýmsar leiðir til að ná markmiðinu. „Við nálgumst verkefnið þannig að við viljum draga úr okkar losun með bætri orkunýtingu og nýrri nálgun á ákveðnum sviðum, þá stefnum við að því að kaupa eingöngu rafmagn frá endurnýjanlegum orkugjöfum, og að lokum styrkjum við gæðavottuð, alþjóðleg verkefni sem draga úr losun. Þau verkefni sem við höfum valið styðja við orkuskipti í viðkomandi landi, en einnig við góða heilsu og jafnrétti kynjanna. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að við getum ekki „skrúfað fyrir“ losun frá okkar starfsemi frekar en önnur fyrirtæki, en við ætlum að gera okkar besta til að draga úr losun og taka ábyrgð með því að verða kolefnishlutlaus.“ Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar til 26 ára, hefur látið hafa eftir sér að honum þyki mikilvægt að fyrirtæki taki ábyrgð sitt á þessu sviði alvarlega. Össur hefur einsett sér að styðja við aukin lífsgæði allra, ekki aðeins með framúrskarandi vörum og þjónustu, heldur einnig með framlagi til samfélagslegrar ábyrgðar og sjálfbærrar þróunar.

## Jafnrétti á heimsvisu

Þá eru jafnréttismálin einnig í brennidepli. „Össur er með höfuðstöðvar á Íslandi og með starfsemi í 27 löndum um allan heim. Norræna samfélagsgerðin er hluti af okkar sjálfsmynd og þar er jafnrétti kynjanna ein af meginstöðunum. Við erum með nokkuð jafna skiptingu á milli karla og kvenna þegar horft er til fyrirtækisins í heild, en erum nú að leggja áherslu á jafnari skiptingu á meðal stjórnenda.“

Bergþóra segir fyrirtæki hafa mikil áhrif á samfélög í kringum sig og bera því ríka ábyrgð. „Það er ekki nóg að veita fólki atvinnu, framleiða og þróa góðar vörur og skila hagnaði til eigenda, heldur þurfa fyrirtæki að horfa á áhrif sín í stóra samhenginu. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett fram 17 heimsmarkmið um sjálfbæra þróun þar sem aðalmarkmiðið er að tryggja að komandi kynslóðir, börnin okkar og barnabörn, geti notið sömu lífsskilyrða og við. Hér þurfa allir að leggja á áramar og fyrirtæki eru í auknum mæli að hlýða kallinu.“

Að sögn Bergþóru eru þessi atriði þegar farin að hafa veruleg áhrif á velgengni fyrirtækja. „Við sjáum líka að fyrirtækjum, sem taka ábyrgð sína alvarlega, vegnar betur, þau eru eftirsóttur vinnustaður því fólk í dag, og þá sérstaklega unga kynslóðin, spyr út í þessi mál í starfsviðtölum. Þegar kemur að umhverfisáhrifum og umhverfisstjórnun innan fyrirtækja þá hafa aðgerðir sem draga úr mengun nær undantekningarlaust fjárhagslegan sparnað í för með sér. Hér, eins og annars staðar, þarf að finna hið gullna jafnvægi. Við erum að tala um að fara betur með auðlindir, og koma í veg fyrir óþarfa sóun.“

ÖSSUR.  
CO<sub>2</sub>  
NEUTRAL

Össur verður  
kolefnishlutlaust  
árið 2021



## Við styðjum Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Við bjóðum upp á vörur og þjónustu sem stuðla að góðri heilsu og vellíðan, notum ábyrgar framleiðsluaðferðir, styðjum aðgerðir í loftslagsmálum og vinnum að jöfnum rétti kynjanna.



Maron Kristófersson og Helgi Már Þórðarson eru stofnendur Aha.is. Þeir þurftu að skipta um húsnæði til að koma upp nægilega mörgum hleðslustöðvum fyrir bílaflotann. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Tvær ferðir til tunglsins og aftur til baka á rafmagni

Aha.is er markaðstorg með sölu og markaðssetningu ásamt heimkeyrslu á veitingum, matvörum og varningi. Bílaflotinn er eingöngu rafbilar. Maron Kristófersson og Helgi Már Þórðarson, stofnendur Aha.is, segja að í framtíðinni muni drónar, sjálfkeyrandi bílar og vélmenni bætast í flotann.

Í mars eru tíu ár frá því að Aha.is var sett á stofn en frá upphafi hefur fyrirtækið vaxið jafnt og þétt, enda þægilegt og fljótlegt að kaupa vörur, veitingar og þjónustu á vefsíðu fyrirtækisins. „Markmið Aha.is er að aðstoða hefðbundna veitingastaði og verslanir við að gera allt ferlið frá upphafi til enda við verslun á netinu aðgengilegt, auðvelt og fljótlegt. Þær verslanir sem selja sínar vörur hjá Aha.is þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur af tæknihliðinni því við sjáum alfarið um hana. Frá upphafi hefur stefnan verið að starfrækja fyrirtæki sem byggir á velvild og trausti viðskiptavinarins, með því að veita góða þjónustu og breitt úrval af vörum á hagstæðu verði, bæði til söluaðila okkar og kaupenda,“ segir Maron Kristófersson, stofnandi Aha.is, en nafn fyrirtækisins stendur fyrir „allra hagar“.

## Netverslun er kostnaðarsöm

Það getur verið kostnaðarsamt fyrir verslanir að opna sjálfar verslun á netinu og sjá um að uppfæra hana reglulega. „Okkar markmið er að bjóða þessa þjónustu á hagkvæmu verði og finna um leið bestu leiðina til að koma vörum til viðskiptavinnanna. Okkar stefna er afar einföld; að þetta sé hagkvæmt

fyrir þá sem selja sínar vörur í gegnum Aha.is og þá sem kaupa vörur á Aha.is,“ segir Maron en á annað hundrad fyrirtæki eru skráð á Aha.is.

„Við sjáum um alla tæknihlið og heimkeyrslu fyrir yfir 90 veitingastaði, netverslun Nettó í matvöru og auk þess er mikið framboð af bókum, útivistarvörum, rafmagnsvörum og gjafavörum, svo eitthvað sé nefnt. Allar vörur eru afgreiddar strax, eða á nákvæmri tímasetningu sem viðskiptavinur velur, en til gamans má geta þess að við höfum afgreitt brúðargjafir á rúmum hálf tíma frá pöntun. Þá getur fólk pantað mat á Aha.is og fengið hann sendan á innan við klukkutíma – en oftast í kringum 40 mínútur þessa dagana. Við höfum reiknað út að hvert heimili fer 78 sinnum á ári út í búð og eyðir 46 mínútum þar í hvert skipti. Þetta gerir tvo og hálfan sólarhring á ári, bara úti í búð, sem eru 7,4 8 tíma vinnudagar. Það er því til mikils að vinna að versla á netinu og fá vörur sendar heim, ekki bara tímans vegna, heldur er það líka gott fyrir umhverfið í okkar tilfelli,“ bendir Maron á.

## Tvisvar til tunglsins

Aha.is nýtur mikilla vinsælda



og á degi hverjum keyra sendlar fyrirtækisins um tvö þúsund kílómetra samtals, sem samsvarar þeirri vegalengd sem er á milli Reykjavíkur og London. „Síðan við skiptum yfir í rafmagnsbíla erum við búin að keyra til tunglsins og til baka, tvisvar sinnum, á rafmagni. Umhverfismál eru okkur

hjá Aha.is afar hugleikin og því var ákveðið snemma að skipta bensín- og dísilbílum alfarið út fyrir rafbíl. Fyrsti rafbíl Aha.is kom á götuna árið 2015 og tveimur árum síðar ákváðum við að skipta alfarið yfir í rafbíl í heimsendingum. Það tók að visu heilt ár að fá alla þessa bíla en það er

eindregin stefna fyrirtækisins að nota eingöngu rafbíl við heimsendingar. Ef við hefðum haldið áfram að keyra á bensín- og dísilbílum væri kolefnisspor Aha.is þrjú þúsund sinnum stærra en það er í dag, fyrir utan það kolefnisspor sem verður til við framleiðslu bílanna. Miðað við starfseminu í

Aha.is þurfti að skipta um húsnæði til að koma fyrir nógu mörgum hleðslustöðvum fyrir bílaflotann.



”Við höfum reiknað út að hvert heimili fer 78 sinnum á ári út í búð og eyðir 46 mínútum þar í hvert skipti. Þetta gerir tvo og hálfan sólarhring á ári, bara úti í búð, sem eru 7,4 8 tíma vinnudagar. Það er því til mikils að vinna að versla á netinu og fá vörur sendar heim, ekki bara tímans vegna heldur er það líka gott fyrir umhverfið í okkar tilfelli.

Maron Kristófersson

dag hefðum við þurft að kaupa um 5 tonn af bensíni á mánuði á þá 25 bíla sem við erum með í rekstri. Við þurftum að skipta um húsnæði til að koma fyrir nógu mörgum hleðslustöðvum fyrir bílafлотann, sem eru tíu talsins, en við ætlum að kaupa 30 nýjar stöðvar á næstu tveimur árum. Auk þess þurfti að skipuleggja vel hvenær og hvernig bílarnir eru hlaðnir, því það var ekki sjálfgefið að hægt væri að hlaða þá alla nógu hratt til að geta sinnt öllum okkar viðskiptavinum. En það tókst eftir mikla yfirlegu og þælingar,” segir Maron, en rafbílaflotinn samanstendur af Renault Zoe, Nissan e-NV200 og Tesla.

„Höfuðstöðvar Aha.is eru miðsvæðis þannig að bílarnir eru fljótir að fara út í umferðina, sem sparar mikinn tíma og minnkar slit á gatnakerfinu. Í hverjum bíl eru sendingar á nokkra staði, en við höfum hannað og þróað tölvukerfi sem skipuleggur þetta í rauntíma betur en við gætum gert sjálf,” segir Maron, sem ver að jafnaði um helming vinnutímans í að stjórna hönnun og forritun og hinum helmingnum í viðskiptaþróun.

#### Gott vinnuumhverfi

Samfélagsleg ábyrgð hefur verið höfð að leiðarljósi frá stofnun Aha.is. „Allra hagur er okkar mottó. Við viljum skapa gott vinnuumhverfi fyrir okkar starfsfólk og um leið gera eitthvað gott fyrir þá einstaklinga sem versla hjá okkur. Markmiðið er líka að fyrirtækið skili hagnaði til eiganda, annars er sjálfhætt. Í dag eru allir sem starfa hjá okkur launþegar, en ekki verktakar eins og oft tíðkast í þessum geira, ekki síst erlendis. Síðasta ár var mjög erfitt, þrátt fyrir að við höfum ekki þurft að skera niður eins og mörg fyrirtæki. Sveiflur í rekstri voru þó verulegar og við erum ánægð með að hafa getað fjölgað störfum og stolt af því fólk sem stóð vaktina í COVID-19. Á tímabili réðum við tíu nýja bílstjóra samtímis, en í upphafi kórónuveirufaraldursins margfaldaðist veltan hjá okkur,” segir Maron, en núna vinna um 70 manns við útkeyrslu og um 10 á skrifstofu í tæpum 50 stöðugildum. „Síðandi lukka er best og við viljum reka þetta fyrirtæki með sóma,” bætir Maron við.

#### Nýtt app skilur íslensku

Stutt er síðan Aha.is setti nýtt og ótrúlega hentugt app í loftið en það skilur íslensku. „Nýja appið okkar kemur líka inn á samfélagslega ábyrgð því það skilur íslensku sem við teljum mjög mikilvægt í þeirri hröðu þróun sem á sér aðallega stað á ensku og kínversku í tækniheiminum. Appinu hefur verið mjög vel tekið og það kom okkur ánægjulega á óvart að eldri borgarar hafa tekið því jafn vel og yngsti markhópurinn. Það er hægt að segja appinu hvað það eigi að setja á innkaupalistann og varan birtist á sekúndubroti til að setja



Á annað hundrað fyrirtæki eru skráð á Aha.is. Lögð er áhersla á hagkvæmni fyrir viðskiptavinum og seljendum vöru. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

í innkaupakörfuna. Það er líka hægt að lesa innihald uppskriftar fyrir appið og raða í körfuna. Þetta tekur miklu styttri tíma en að gera slíkt á netinu og var markmið okkar að stór heimilispöntun tæki aðeins 5 mínútur frá því að appið

er opnað þar til pöntun hefur átt sér stað,” segir Maron, en hægt er að hlaða appinu í símann í gegnum App Store og Google Play. „Við leggjum áherslu á að koma með nýjungar til að einfalda samskipti við tækin og stytta tímamann sem

fer í innkaup, líka á netinu. Það er ekki jafn spennandi að spara tíma í búð ef pöntun tekur lengri tíma á netinu,” bætir hann við.

#### Spennandi tímar í þróun drónaflugs yfir borgum

Þegar talið berst að því hvaða framtíðarsýn Aha.is hefur varðandi heimsendingar segir Maron að sú þjónusta eigi án vafa eftir að aukast enn meira með tímanum. „Tækninni fer líka stöðugt fram og það er ekki útilokað að drónar, sjálfkeyrandi bílar og vélmenni bætist við bílafloata með bílstjórum innan næstu 5–15 ára. Við höfum þegar gert tilraunir með dróna sem hluta af flotanum okkar og þeir eru enn notaðir við sérstök tækifæri. Með því að nota dróna í staðinn fyrir rafbíl minnkar kol-efnissporið tuttugufalt, fyrir utan að þjónustan er hraðari og betri,” segir Maron, en Aha.is var fyrsta fyrirtækið í heimi til að fá leyfi til að nota dróna við heimsendingar.

„Við höfum fylgst mjög grannt með þessari tækniþróun og nú eru komin fimm ár síðan við höfum

viðræður við Samgöngustofu um leyfi vegna drónaflugs og hefur samstarfið verið mjög gott. Í dag erum við í samstarfsverkefni með Boeing, Flugumferðarstjórn Evrópu, Toulouse-borg og fleirum í að hanna skipulag og áætlanir um eftirspurn vegna ómannaðra loftfara og dróna yfir borgum í Evrópu. Það eru mjög spennandi tímar fram undan fyrir neytendur þegar þetta verður að raunveruleika. Drónaflugi fylgja mikil þægindi og öryggi og það er mikill kostur að lyfta flutningum af jörðinni. Við stefnum á að gera frekari prófanir með dróna við heimsendingar í sumar,” segir Maron en Aha.is hefur vakið athygli um allan heim vegna drónaheimsendinga.

Þegar Maron er spurður hvað fyrirtæki geti almennt gert til að sýna samfélagslega ábyrgð, segir hann að það megi t.d. læra margt af kórónuveirufaraldrinum. „Við mætum gera meira af því að versla innanlands. Það skapar störf og byggir upp atvinnulífið, öllum til hagsbóta – allra hagur,” segir hann að lokum.

Fyrir stuttu setti Aha.is nýtt app í loftið sem skilur íslensku. Appinu hefur verið mjög vel tekið. Það hefur komið starfsfólki Aha.is ánægjulega á óvart að eldri borgarar hafa tekið því jafn vel og yngsti markhópurinn. Hér eru þeir með dróna sem á eftir að þjóna viðskiptavinum.





Friðgeir Sigurðsson, forstjóri PwC, segir starfsmenn fyrirtækisins finna fyrir meiri kröfu en áður frá viðskiptavinum varðandi samfélagsábyrgð félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tími aðgerða er að renna upp

Samfélagsábyrgð og sjálfbærni skipta æ meira máli í rekstrarumhverfi ráðgjafar- og endurskoðunarfyrirtækisins PwC. Á síðasta ári birti félagið í fyrsta skipti samfélagskýrslu sína.

Eigendur og stjórnendur ráðgjafar- og endurskoðunarfyrirtækisins PwC hafa á síðustu árum orðið sífellt meðvitaðri um samfélagsábyrgð og sjálfbærni og lagt sífellt meiri áherslu á þá þætti í rekstri fyrirtækisins, segir Friðgeir Sigurðsson, forstjóri félagsins. „Árið 2017 samþykktum við samfélagsstefnu sem tók mið af fjórum meginþáttum. Í fyrra var þessi stefna svo endurskoðuð um leið og við birtum í fyrsta sinn samfélagskýrslu PwC. Aftur voru það fjórir meginþættir sem við leggjum áherslu á; ábyrga stjórnunarhætti, mannaúð og sérfræðipækkingu, umhverfismál og samfélagslega þátttöku. Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að það eru fjölmargir aðrir þættir sem vert er að horfa til. Í þeim efnum horfum við m.a. til svokallaðra heims-markmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.“

Hann segir beint framlag fyrirtækisins og þátttöku hafa verið hvað sýnilegasta í gegnum stuðning þess við íþrótt-, góðgerðar- og mannúðarstarfsemi. „Framlag okkar í gegnum þjónustu á sviði ábyrga stjórnunarháttanna og með menntun starfsmanna okkar er ekki síður mikilvægt að okkar álit.“

## Auknar kröfur viðskiptavina

Friðgeir segir starfsmenn PwC finna fyrir meiri kröfu en áður frá viðskiptavinum varðandi samfélagsábyrgð. „Við erum til dæmis farin að fá beiðnir frá núverandi viðskiptavinum um upplýsingar um hvernig við stöndum okkur í sjálfbærnimálum. Bæði er þetta í formi spurningalista sem við erum beðin um að fylla út en líka erum við að byrja að upplifa það að partur af tilboðsgerð okkar er að veita upplýsingar um sjálfbærnimál okkar.“

## Góðir og vandaðir stjórnarhættir

Að sögn Friðgeirs er það álit stjórnenda PwC að öll fyrirtæki eigi að huga að samfélagsábyrgð. „Ábyrgð okkar sem þjónustufyrirtækis byggir að miklu leyti á sérfræði-ábyrgð endurskoðenda, lögfræðinga og annarra sérfræðinga sem starfa hjá okkur. PwC sinnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu með því að staðfesta áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og skapa þannig traust í viðskiptum. Við höfum lagt áherslu á að leggja okkar af mörkum til faglegar uppbyggingar á starfssviði fyrirtækisins, í menntakerfinu með því að skapa svigrúm hjá starfsmönnum okkar

“Ábyrgð okkar sem þjónustufyrirtækis byggir að miklu leyti á sérfræðiábyrgð endurskoðenda, lögfræðinga og annarra sérfræðinga sem starfa hjá okkur.

til kennslu og í viðskiptaumhverfinu með því að þjálfa fjölda hæfra sérfræðinga. PwC ber jafnframt viðtækari ábyrgð sem þátttakandi í samfélaginu.“

Hann segir PwC leggja áherslu á góða og vandaða stjórnarhætti sem samræmist þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. „Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að ábyrgri stjórnun og vandaðri ákvörðunartöku og stuðla að traustum samskiptum á milli eigenda, stjórnar, stjórnenda, starfsfólks og annarra hagaðila og draga úr líkum á hagsmunarárekstrum.“

## Verk að vinna

Störf endurskoðenda hafa í gegnum tíðina að stórum hluta falið í sér staðfestingu á fjárhagslegum upplýsingum segir Friðgeir. „Þessi þáttur mun áfram verða mikilvægur en ekki síður staðfesting á margvíslegum ófjárhagslegum upplýsingum. Hlutverk okkar er samt ekki einskorðað við staðfestingu slíkra upplýsinga heldur felst þjónusta okkar ekki síður í að veita ráðgjöf á sviði sjálfbærnimála og aðstoða við gerð sjálfbærnisráðgjöf.“

Hann segir skipta miklu máli sú vitundarvakning sem hefur átt sér stað undanfarin ár því hún sé forsenda fyrir breytingum. „Þrátt fyrir það er það tilfinning okkar að tími aðgerða hafi ekki nema að takmörkuðu leyti runnið upp hjá íslenskum fyrirtækjum. Á því eru þó undantekningar því sannanlega eru mörg fyrirtæki sem standa sig vel.“

Meirihlutinn er hins vegar kominn mjög skammt áleiðis. Það er því verk að vinna.“

## Virkt þátttaka ráðgjafarfyrirtækja

Meiri meðvitund hefur átt sér stað í greininni undanfarin ár, bæði hérlendis og erlendis, þegar

kemur að samfélagsábyrgð að sögn Friðgeirs. „Við teljum okkur vita að flest íslensk fyrirtæki sem starfa á sama sviði og við, a.m.k. þau stærri, eru mjög meðvituð um þessi málefni. Við skynjum þetta sterkt í gegnum þau fagfélög sem PwC og starfsmenn okkar eru aðilar að, svo sem Félag löggildra endurskoðenda.“

Starfsmenn PwC hafa einnig verið þátttakendur í samtali milli stóru endurskoðunarfélaganna á vettvangi Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð. „Það samtal, sem hefur gengið út á hvernig þessi fyrirtæki geta lagt málefnið líð, er ekki síst sprottið upp úr því að öll þessi fyrirtæki hafa á alþjóðavettvangi tekið þátt í samstarfi, t.d. innan vébanda „World Economic Forum“, sem hefur það að markmiði að auka skilning og stuðla að markvissri framkvæmd sjálfbærnimála.“

Þá hefur PwC á heimsvísu sett sér háleit markmið, svo sem á sviði loftslagsmála. Þau markmið hafa verið formuð í svokallaðri „Net Zero“ áætlun sem gengur út á skuldbindingu allra PwC fyrirtækja til að minnka kolefnisspor sitt um 50% á næstu fimm árum og ná algjöru kolefnishlutleysi árið 2030.“



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, forstöðumaður Sameinnviðs SA. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hugmyndin um lífsins tré mikilvægari en nokkru sinni

Krafan um ábyrga starfshætti og framlag til aukinnar velferðar og umhverfis í daglegum rekstri er alltumlykjandi, að sögn Ingibjargar Aspar hjá Samtökum atvinnulífsins. Verðmæt tækifæri geta falist í jafn mikilvægum málaflokki og samfélagsábyrgðin er í alþjóðlegri umgjörð.

Samtök atvinnulífsins eru tengiliður Íslands við Global Compact – sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Um er að ræða eitt öflugasta framtakid í heiminum á sviði samfélagsábyrgðar fyrirtækja. En um hvað snýst Global Contact og með hvaða hætti nýtist tengingin við sáttmála SA?

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs SA, segir að verðmæt tækifæri felist í að geta unnið að jafn mikilvægum málaflokki og samfélagsábyrgðin er í alþjóðlegri umgjörð, undir merkjum og viðurkenningu sem er vel þekkt í viðskiptalífi um allan heim.

„Vettvangurinn er rúmlega 20 ára gamall en til hans var stofnað árið 2000. Í honum felst ásetningur viðskiptalífsins, fyrirtækja og stofnana, um að starfa í takt við þau viðmið Sameinuðu þjóðanna er varða samfélagsábyrgð.

Vissulega búum við einstaklega vel hér á landi hvað þetta varðar, þar sem segja má að umgjörð og umhverfi íslensks viðskiptalífs og samfélags er með þeim hætti að þessi 10 viðmið sem sáttmálin byggir á eru okkur nærtæk og eðlilegur hluti af lífi okkar og viðhorfum. Viðmiðin sem unnið er með eru á sviði mannréttinda, vinnu- markaðsmála, umhverfismála og baráttu gegn hvers kyns spillingu. Allt eru þetta þættir sem við höfum

náð góðum árangri með í okkar samfélagi og þó lengi megi gott bæta þá stendur íslenskt atvinnulíf heilt yfir vel hvað þetta varðar.“

Grundvallarviðmiðin tíu sem unnið er með í Global Compact eru:

## ■ Mannréttindi

Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda. Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

## ■ Vinnumarkaður

Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga. Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu. Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt. Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

## ■ Umhverfi

Fyrirtæki styðja beitingu varúðarreglu í umhverfismálum. Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu. Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni.

## ■ Gegn spillingu

Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

„Líkt og sjá má á viðmiðum Global Compact er verkefnið náskyld heimsmarkmiðum og þeim áskorunum sem þar er tekist á við. Grundvallarmunur er sá að heimsmarkmiðin eru, eðli markmiða samkvæmt, afmörkuð í tíma. Global Compact er vettvangur sem er viðvarandi og byggir kannski frekar á stöðugri þróun og umbótum. Þetta er vettvangur sem gerir ráð fyrir því að ákveðnum forsendum eða grunni sé náð en að síðan geti aðilar haldið áfram að þróa sína vegferð. Allir sem taka þátt í verkefninu þurfa árlega að gera grein fyrir því hvernig staðið er að vinnu með þessi viðmið og í mörgum tilfellum eru aðilar jafnframt að vinna með heimsmarkmiðin sem styrkir verkefnið þá enn frekar.

Það má kannski segja að hugmyndafræði Global Compact minni um margt á ask Yggdrasils í norrænu goðafræðinni sem stóð upp í gegnum allan heiminn og snerti með hverjum anga einhvern hlut heimsins. Þannig þarf samfélagsábyrgðin að virka og þannig vill Global Compact starfa. Við verðum að hlúa að og næra lífsins tré á hverjum tíma, það er sameiginlegt viðfangsefni okkar, enda teygir það anga sína um allan heim.“

Með hvaða hætti geta fyrirtæki eftl samfélagsábyrgð sína?

„Vitund fyrirtækja og stofnana

“ Raunin er að aukin krafa er á íslensk fyrirtæki um ábyrga afstöðu þegar kemur að samfélagsábyrgð.

um mikilvægi samfélagsábyrgðar er að aukast og eflast. Oft held ég að skilgreiningarvandi sé að þvælast fyrir okkur og að margir séu í vanda með hugtök sem tengjast samfélagsábyrgð, sjálfbærni og fleiri viðfangsefnum sem tengjast Global Compact. Það breytir því ekki að við finnum við ríkan vilja hjá fyrirtækjum til að standa sig betur. Árangur á sviði samfélagsábyrgðar og sjálfbærni er oft og tíðum farinn að grundvalla ákvarðanir þegar kemur að fjárfestingum og fjármögnun á sama tíma og stefnumótun tekur í auknum mæli til þessara þátta. Viðfangsefnið er ekki lengur skemmtileg viðbót við mjúku málin, skýr sýn og djúpur skilningur verður smám saman forsenda sóknar og þróunar, þetta er reyndar orðin raunin í mörgum tilfellum. Ein birtingarmynd þessarar þróunar er umfang málaflokksins í ársskýrslum félaga og stofnana.“

Hvers vegna er samfélagsábyrgð fyrirtækja mikilvæg samfélaginu?

„Í hugmyndafræði samfélagsábyrgðar felst ásetningur fyrirtækja og stofnana til þess að hafa til

hlíðsjónar í allri sinni ákvarðanatöku velferð og hag þeirra sem samfélagið byggja. Í því felst t.a.m. velferð viðskiptavina, starfsmanna, umhverfis og allra þeirra sem einingin snertir eða hefur áhrif á í sínum daglega rekstri.“

Er aukin krafa um að fyrirtæki geri grein fyrir hvernig samfélagslegri ábyrgð er háttá innan fyrirtækjanna?

„Raunin er sannanlega sú að aukin krafa er á íslensk fyrirtæki um ábyrga afstöðu þegar kemur að samfélagsábyrgð. Krafan um ábyrga starfshætti og framlag til aukinnar velferðar og umhverfis í daglegum rekstri er alltumlykjandi.

Samfélagið gerir í dag ríkari kröfur til atvinnulífs, opinberra aðila og stjórn mála en áður voru gerðar. Væntingar eru um að þessir aðilar gangi lengra en lög og reglur kveða á um. Slíkt þarf auðvitað alltaf að skapa grunninn en til viðbótar koma væntingar um siðferði og gildi sem byggja meðal annars á alþjóðlegum viðmiðum sem við sjáum kristallast í Global Compact.

Það er m.a. þess vegna sem við sjáum hvað Global Compact getur gagnast vel sem verkfæri sem styður fyrirtæki í að ramma inn stefnu á sviði samfélagsábyrgðar. Stefnu sem þarf svo að innleiða á öllum sviðum rekstrar og tengja við öll grundvallargildi fyrirtækis á hverjum tíma í öllum lögum.“

# KRÓNAN

## Nú eru allar Krónuverslanir **Svansvottaðar!**



### **Krónan hefur náð eftirfarandi árangri í Svansvottunarferlinu:**

- 20% af öllum rekstrarvörum sem Krónan selur eru umhverfsvottaðar (vottaðar með Svaninum eða Evrópublóminu)
- 4% af matar- og drykkjarvöru eru lífrænt vottaðar
- Markviss áhersla er lögð á að sporna gegn matarsóun og flokkun er til fyrirmyndar
- Krónan notar einungis umhverfsvottaðar ræsti- og hreinlætisvörur fyrir eigin þrif og rekstur
- Krónan er með virka orkustefnu sem dregur úr orkunotkun

**Pssst ...  
kynntu þér  
málið betur á  
kronan.is**



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)



**Adalheiður Jacobsen, framkvæmdastjóri Netparta.**  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

# Koma niðurrifi bíla í umhverfisvænan farveg

Úr sér gengnir bílar geta valdið miklum umhverfisspjöllum. Netpartar ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfisvænni endurvinnslu bifreiða og er starfrækt á Selfossi.

Íslendingar eru nokkuð meðvit- aðir um nauðsyn endurnýtingar og endurvinnslu en fæstir huga þó að því hvað verður um bílinn þegar hann er seldur eða lendir í tjóni. Margir eru heldur ekkert að hugsa um að hægt væri að nota heilu varahlutina úr bílunum,“ segir Adalheiður Jacobsen, eigandi og framkvæmdastjóri Netparta. „Mikilvægt er að taka bíl til niðurrifs með umhverfisvænum hætti þannig að bæði sé hægt að endurnýta varahluti úr honum og tryggja réttan farveg fyrir annað hráefni. Í bílum eru enn alls kyns spilliefni eins og olía, bensín, kæli- vökví og fleira sem þarf að losa. Úr sér genginn bíll getur verið mikil umhverfismengun ef ekki er vel að hugað.“

Adalheiður stofnaði fyrirtækið árið 2009 og þar starfa nú átta starfsmenn. „Leiðarljós Netparta er að ekkert sé urðað, og allt sé endurunnið og minnka þannig soun eins og hægt er,“ segir hún og bætir við: „Það tekur einn starfs- mann 1–2 daga að rífa bíl, flokka og merkja varahluti og koma fyrir á lager, en í gegnum fyrirtækið fara rúmlega 300 bílar á ári í umhverfis- vænt niðurrif.“ Frá upphafi hefur það verið markmið eiganda að koma niðurrifi bíla í umhverfis- vænan farveg og efla innlenda varahlutasölu. Adalheiður segir að í dag séu 85% af úr sér gengnum bílum hjá Netpörtum endurunnin með því að endurnýta varahluti fyrir bíla sem enn eru í notkun og setja afgang í endurvinnslu brotajárns, gúmmís og fleira, sam- kvæmt stöðlum, lögum og reglum. Markmiðið sé að ná 95% markmiði Evrópusambandsins.

## Samfélagslega ábyrg endurvinnsla

Netpartar hlutu verðlaun á Umhverfisdegi atvinnulífsins 2020 fyrir framtak ársins á sviði umhverfismála. Á vef Samtaka atvinnulífsins kemur fram að Netpartar fái viðurkenninguna fyrir að vera leiðandi í umhverfis- málum við niðurrif bíla og sölu varahluta. „Já, þetta var mikilvæg viðurkenning á umhverfisvænni starfsemi fyrirtækisins og liður í að fá fleiri bílapartasölur til að skilgreina sig sem umhverfisvæna endurvinnsluaðila. Starfsemin er samfélagslega ábyrg, og snertir alla hluta reksturs fyrirtækisins á jákvæðan hátt, hvort sem um er að ræða viðskiptavinina, starfsmenn eða birgja.“

## Auka nýtingu notaðra varahluta

Netpartar er eina bílapartasalan á landinu með vottun BSI á umhverf- isstjórnunarkerfi, ISO 14001. Að auki hafa Netpartar vottun á gæða- stjórnunarkerfi, ISO 9001. Þetta er liður í því að hifa þennan geira upp hvað varðar umhverfismálin enn frekar. Adalheiður segir enn mjög langt í land með að gera notkun á varahlutum almenna hér á landi. „Í dag stendur notkun íslenskra bifreiðaeigenda á notuðum vara- hlutum í um 3–4%. Í Svíþjóð er almenn notkun notaðra vara- hluta í bifreiðar um 15% og stefna sett á 20%,“ segir hún sem dæmi um hvernig Íslendingar standi í samanburði við aðrar þjóðir á þessum vettvangi. „Netpartar vilja því „normalisera“ meiri notkun á notuðum varahlutum á meðal bif- reiðaeigenda til dæmis með því að tryggja félögin hvetji enn frekar

„Leiðarljós Net- parta er að ekkert sé urðað og allt sé endurunnið og minnka þannig soun eins og hægt er.“

til notkunar notaðra varahluta og verði virk í þeim efnum.“ Liður í þessu verkefni er að bæta mynd partasölu, en þar sem Netpartar eru bæði með umhverfsvottun og með gæðavottun á sölu og þjónustu í kringum notaða vara- hluti, þá getur fyrirtækið ábyrgt rekjanleika og ásigkomulag til upprunabifreiðar. „Þannig geta viðskiptavinir treyst því úr hvaða bíl varahluturinn kemur og ef hann stenst ekki kröfur um notkun þá bjóðum við endurgreiðslu. Notaður varahlutur hjá Netpörtum er alltaf 50% ódýrari en nýr og í mörgu tilfellum mun ódýrari en það.“ Oft getur verið betra að nota rekjan- lega og upprunalega varahluti, þá sérlega hafi þjónustuferlið verið gæðavottað. Of oft kaupir fólk almenna varahluti frá Kína jafnvel, sem svo passa ekki þrátt fyrir allt. Þá átta margir sig ekki á því að það getur líka verið dýrara þegar upp er staðið og klárlega óumhverfis- vænna.

## Þarf að efla innlenda flokkun

Adalheiður bendir á að hægt sé að vinna betur að því innan stjórn- sýslunnar að efla innlenda flokkun og endurvinnslu bifreiða, og því er hún mjög ánægð með að vinna að stefnumótun á vegum umhverfis-

ráðuneytisins um meðhöndlun úrgangs 2021–2032 og kallast „Í átt að hringrásarhagkerfi“ sé hafin. „Við höfum einnig talað fyrir bættu regluumhverfi varðandi rafmagns- batterí. Nú kostar það rafmagns- bílaeigendur um 250 þúsund krónur að skila slíkri rafhlöðu inn til endurvinnslu en slíkt fyrir- komlag er ekki að finna í löndum Evrópusambandsins,“ segir hún og bætir við að bifreiðaeigendur hafi getað skilað inn rafbatteríum án endurgjalds til Netparta. „Þann- ig er hægt að tryggja að rafhlöðan geymist með öruggum hætti og án þess að hún skemmist, þar til henni er fundinn réttur farvegur. Þessar rafhlöður eru þannig úr garði gerðar að þær eiga eftir allt að 80% af afkastagetu þrátt fyrir að geta ekki þjónað rafbílnum meira, og það býður upp á alls konar nýsköp- unarmöguleika.“

## Endurnýting rafhlöðna úr rafbílum

Í þessu sambandi taka Netp- artar ásamt Hringrás þátt í nýju og spennandi samnorraenu verk- efni sem kallast PROACTIVE, en verkefnið snýst um að bæta ferlið við meðhöndlun rafhlöðna úr raf- bílum á Norðurlöndunum. „Þetta er tveggja ára verkefni sem hófst núna í ágúst, stýrt af sænskum aðila og fjármagnað af Nordic Innova- tion,“ segir Adalheiður. „Samstarfs- verkefnið hefur það að markmiði að finna skilvirkt og öruggt ferli sem leiðir til réttrar meðhöndlunar á endurhlaðanlegum rafhlöðum á Norðurlöndum, með áherslu á Ísland, Færeyjar og Grænland. Langtímamarkmið þessa verkefnis tengist orkuskiptum í bilaiðnaðin- um og að gera alla meðhöndlun raf-

bilabattería sjálfbæra áður en orku- skiptin verða, svo til mikils er að vinna. Verkefninu er því ætlað að styrkja uppbyggingu á iðnaðinum í kringum meðhöndlun á slíkum rafhlöðum á Norðurlöndunum og nýta þá þekkingu sem hlýst sem viðmið fyrir það sama í Evrópu- löndunum. Umhverfisvænni bílum fer fjölgandi á götunni, en þetta eru bílar sem mikilvægt er að viðhalda vel ekki síður en eldri bílum sem enn eru í umferð. Því betur sem staðið er að þessu, því minni þörf verður á framleiðslu nýrri vara- hluta.“

## Ávinningur fyrir efnahag og umhverfi

Fyrir utan augljósan ávinning fyrir umhverfi og loftslag sem hlýst af umhverfisvænni endurvinnslu bifreiða, þá fer það einnig saman við efnahagslegan ávinning, að sögn Adalheiðar. „Í Finnlandi hefur verið reiknað út að trygginga- félög þar í landi hafi getað lækkað kostnað við varahlutakaup um 20% með því að kaupa notaða og rekjanlega varahluti í tjónabíla. Flest hver starfa þau svo eftir stefnu um samfélagslega ábyrgð svo það styður við stefnu þeirra. Þetta er gott dæmi um samfélagslega ábyrg viðskipti,“ segir hún og nefnir enn fremur að viðhorf til rekstrar sé einnig að breytast. „Það snýst ekki lengur bara um að skila hagnaði til hluthafa, heldur að gera það án þess að það sé á kostnað umhverfisins eða samfélagsins sem við búum í. Rekstur sem ekki er ábyrgur í umhverfismálum eða hefur til- einkað sér samfélagslega ábyrgð er ekki ásætlanlegur til framtíðar og mun heldur ekki lifa af í samkeppni framtíðarinnar.“

# Verið velkomin í skýið hjá dk

## Eitt vinsælasta bókhalds- og sölukerfið

Yfir 7.000 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag. Það gerir dk að einu stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Lítil sem stór fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk og nýta sér þannig fjölbreytta þjónustu þess í hugbúnaðar- og hýsingarlausnum. Bókhaldskerfi, birgðakerfi, innkaupakerfi, sölukerfi, sjálfsafgreiðsla, rafrænar lausnir ásamt tengingum við banka og opinbera aðila hérlendis. Hafið samband við okkur og fáiið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir ykkar fyrirtæki.



dk hugbúnaður  
510 5800 | dk@dk.is | dk.is  
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi  
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri



Stefán Ólafur Stefánsson, Jónína Waagfjörð og Þorsteinn Hilmarsson hjá VIRK. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRING

# Fjölgum hlutastörfum og aukum sveigjanleika á vinnumarkaði

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður sinnir því mikilvæga hlutverki að styðja og efla starfsgetu einstaklinga sem hafa vilja og getu til þess að komast aftur á vinnumarkað eftir veikindi eða slys.

VIRK leggur áherslu á að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir einstaklinga í þjónustu og styðja þá til endurkomu inn á vinnumarkaðinn. Á hverju ári útskrifast fjöldi einstaklinga úr starfsendurhæfingu frá VIRK og er tæplega 80% þeirra virk á vinnumarkaðinum við útskrift; fer í vinnu, nám eða virka atvinnuleit. Árið 2020 útskrifuðust 1.601 einstaklingur frá VIRK og voru 1.265 þeirra, eða 79% af þeim, virkir á vinnumarkaði við útskrift.

Umtalsverður hluti þeirra sem útskrifast úr starfsendurhæfingu fara aftur til sinna fyrri starfa eða í ný störf með aðstoð ráðgjafa VIRK í starfsendurhæfingu. Þó er ávallt ákveðinn hluti einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK en eru enn með skerta starfsgetu við útskrift. Þessi hópur þarf oft aukna aðstoð við að komast inn á vinnumarkaðinn á farsælan hátt með því að tengja einstaklinga við störf við hæfi og útvega fyrirtækjum gott starfsfólk ásamt því að halda uppi virkri atvinnuþátttöku á Íslandi og stuðla að heilbrigðu samfélagi.

## VIRK Atvinnutenging

Þegar ráðgjafar VIRK telja að einstaklingar í starfsendurhæfingu gætu nýtt sér frekari aðstoð við endurkomu á vinnumarkaði geta þeir vísað þeim til atvinnulífstengla VIRK. Þjónustan sem atvinnulífstenglar veita er meðal annars aðstoð við gerð ferilskrár og kynningarbréfs, undirbúningur fyrir atvinnuviðtöl og aðstoð við atvinnuleitina sjálfa. Meginmarkmiðið er að undirbúa þessa einstaklinga sem best fyrir atvinnuleit og fylgja þeim síðan eftir, jafnvel eftir að í starf er komið eða eins og þörf er á, en ferlið er sniðið eftir þörfum hvers og eins.

Lögd er áhersla á að þeir

þjónustubegar sem þess þurfa fái tækifæri til að koma inn á vinnumarkaðinn með stigvaxandi hætti og í þeim tilfellum er oft unnin sérstök virkniáætlun í samvinnu við einstaklingana sjálfa og yfirmenn þeirra. Í slíkum áætlunum er tekið mið af verkefnum, vinnuferlum, aðstæðum og vinnutíma á viðkomandi vinnustað.

Lögd er áhersla á að styðja bæði einstaklinginn og ekki síður vinnustaðinn. Meðan á eftirfylgni stendur aðstoða atvinnulífstenglar við úrlausn vandamála sem upp geta komið í endurkomuferlinu í samráði við starfsmanninn og vinnustaðinn.

## Gott samstarf við fyrirtæki

Markmiðið með atvinnutengingunni er að ljúka starfsendurhæfingu á farsælan hátt með því að tengja einstaklinga við störf við hæfi og útvega fyrirtækjum gott starfsfólk ásamt því að halda uppi virkri atvinnuþátttöku á Íslandi og stuðla að heilbrigðu samfélagi.

Gott samstarf við fyrirtæki er því grundvöllur farsællar atvinnutengingar. Atvinnulífstenglar VIRK gegna lykilhlutverki í því að tengja einstaklinga við fyrirtæki eða stofnanir út frá óskum beggja og aðstoða einstaklinginn, en ekki síður vinnustaðinn, við aðlögun og endurkomu til vinnu.

Samstarf við fyrirtæki og stofnanir hefur gengið vel og viðtökur verið góðar. Yfir 1.300 fyrirtæki eru skráð inni í upplýsingakerfi VIRK og er stór hluti þeirra með skráða tengiliði, en það auðveldar öll samskipti við fyrirtækin þegar leitað er að störfum hjá þeim. Af þessum fyrirtækjum eru yfir 300 fyrirtæki búin að undirrita sérstakan samstarfssamning við VIRK. Í gegnum

» VIRK leitar stöðugt eftir samstarfi við ný fyrirtæki og stofnanir sem eru hvött til þess að afla sér nánari upplýsinga á virk.is eða með því að senda póst á atvinnutenging@virk.is.

allt þetta ferli hafa hundruð einstaklinga fengið vinnu með aðstoð atvinnulífstengla VIRK.

## Mikilvægi hlutastarfa

Þátttaka á vinnumarkaði á Íslandi er mismunandi milli hinna ýmsu þjóðfélagshópa, t.d. er atvinnuþátttaka einstaklinga með skerta starfsgetu minni en hjá einstaklingum með fulla starfsgetu. Einstaklingar með skerta starfsgetu sem eru á vinnumarkaðinum eru einnig mun líklegri til að vera í hlutastörfum í samanburði við þá sem eru með fulla starfsgetu.

Rannsóknir sýna að það að vera með vinnu er mikilvægt fyrir bæði heilsu og velferð einstaklingsins og því er mikilvægt að fjölga tækifærum einstaklinga með skerta starfsgetu til þátttöku á vinnumarkaði. Fjölgun hlutastarfa á íslenskum vinnumarkaði væri ein leið til þess en samkvæmt tölum frá Hagstofunni eru einungis um 23% af öllum störfum í landinu skilgreind sem hlutastörf.

## Telja mögulegt að fjölga hlutastörfum

Skráning fyrirtækja hjá VIRK hófst árið 2016 í tengslum við þróunar-

verkefnið Aukin atvinnutenging í starfsendurhæfingu, sem við lok verkefnis var innleitt inn í ferli starfsendurhæfingar sem VIRK Atvinnutenging. Árið 2018 fékk VIRK gott tækifæri til að skoða afstöðu fyrirtækja sem skráð voru í upplýsingagrunn VIRK. Það ár tók VIRK þátt í undirbúningi og útfærslu á rannsókn sem velferðaráðuneytið stýrði, þar sem kanna átti styðjandi og hindrandi þætti fyrir atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu út frá sjónarmiðum atvinnurekenda.

Spurningakönnunin var framkvæmd af Gallup og var um að ræða þversniðskönnun meðal íslenskra fyrirtækja, fyrsta könnunin sem gerð hefur verið á viðhorfum vinnuveitenda á Íslandi gagnvart því að ráða starfsfólk með skerta starfsgetu í vinnu.

Niðurstöður könnunarinnar, sem kynntar voru í ársriti VIRK 2019 og finna má á vefsíðu VIRK, sýna m.a. að nær helmingur fyrirtækjanna (45%) sem tóku þátt í rannsókninni töldu mögulegt að fjölga hlutastörfum á vinnustaðnum þeirra.

Niðurstöðurnar sýndu einnig að vinnuveitendur með fyrri reynslu af því að ráða einstaklinga með skerta starfsgetu voru marktækt líklegri til að vilja ráða aftur slíka starfsmenn á næstu tveimur árum og þeir voru líka líklegri til að telja mögulegt að fjölga hlutastörfum á vinnustaðnum. Tæp 60% fyrirtækjanna sem höfðu reynslu af því að ráða starfsmenn með skerta starfsgetu sögðu reynsluna hafa verið frekar eða mjög góða. Einungis 4% fyrirtækjanna sögðu reynsluna hafa verið frekar eða mjög slæma. Fyrirtækin með góða reynslu af slíkum ráðningum voru

líka marktækt líklegri til að svara játandi að hægt væri að fjölga hlutastörfum á vinnustaðnum þeirra.

## Fjölbreytileiki á vinnumarkaði mikilvægur

Í könnuninni kom einnig skýrt fram mikilvægi þess að vera í góðu sambandi við vinnuveitendur, þar sem þátttakendur frá fyrirtækjum sem voru úr upplýsingagrunni VIRK en þau höfðu fengið sérstaka kynningu á starfsemi VIRK og atvinnutengingu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu, sýndu jákvæðari viðhorf en önnur fyrirtæki í rannsókninni gagnvart þessum hópi starfsmanna hvað varðar t.d. fjarveru frá vinnu og sveigjanleika í vinnu. Þeir töldu enn fremur að fjölbreytileikinn sem skapaðist við að ráða starfsmenn með skerta starfsgetu væri mikilvægur fyrir vinnustaðinn.

Könnunin kallaði fram samfélagslegt mikilvægi þess að skapa rými á vinnumarkaðinum fyrir einstaklinga með mismunandi starfsgetu með því m.a. að fjölga hlutastörfum.

## Hafðu samband!

Mikilvægur þáttur í starfi atvinnulífstengla VIRK er að vera í góðu sambandi við vinnustaði og veita bæði almenna fræðslu og stuðning sem og meira sérhæfða ráðgjöf þegar einstaklingar sem eru að ljúka starfsendurhæfingu eru að koma til baka inn á vinnustaðinn.

VIRK leitar stöðugt eftir samstarfi við ný fyrirtæki og stofnanir sem eru hvött til þess að afla sér nánari upplýsinga á virk.is eða hafa samband við atvinnulífstengla VIRK með því að senda póst á atvinnutenging@virk.is.



# Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og til 44 þéttbýliskjarna. Lengd dreifikerfisins er yfir 9.000 km og þar af eru 70% jarðstrengir.

[www.rarik.is](http://www.rarik.is)

 **RARIK**



Margrét Pétursdóttir, Snjólaug Ólafsdóttir, Gunnar S. Magnússon og Hólmfríður K. Árnadóttir er reynslumikið starfsfólk sem myndar sjálfbærniteymi hjá EY á Íslandi. MYND/ADSENÐ

# EY styður við sjálfbærni í íslensku atvinnulífi með sjálfbærniteymi

Fyrirtæki þurfa að stórauка áherslu á að skapa langtíma virði, veita traustar sjálfbærniupplýsingar, stefna að kolefnishlutleysi og sinna jafnréttismálum af alúð. EY hvetur fyrirtæki til aðgerða.

**E**Y á Íslandi hefur stofnað sjálfbærniteymi með reynslumiklu fólki úr atvinnulífinu. Teymið skipa Gunnar S. Magnússon, sem mun leiða framsókn EY á sviði sjálfbærni en hann var áður hjá Íslandsbanka, dr. Snjólaug Ólafsdóttir, sérfræðingur á sviði sjálfbærni í rekstri, stefnumótunar og markmiðasetningar fyrirtækja og stofnana, og Hólmfríður K. Árnadóttir, sérfræðingur í stefnumótun, verkefnastýringu, grænum fjármálum og jafnréttismálum. Jafnframt mun Margrét Pétursdóttir forstjóri starfa náið með teyminu í tengslum við sjálfbærni, upplýsingagjöf og staðfestingarvinnu auk þess að samþætta sjálfbærni inn í aðra starfsemi EY. Teymið mun vinna þvert á önnur svið EY og mynda sterk tengsl við alþjóðleg CCaSS (e. Climate Change and Sustainability Services) teymi EY, sérstaklega á Norðurlöndunum.

## Kolefnishlutlaust EY

Uppbyggingin á Íslandi er í samræmi við áherslur EY á alþjóðavísu en þar hefur verið mikill vöxtur í sjálfbærniádrögjöf og staðfestingarvinnu. Þetta á bæði við um þjónustu við viðskiptavinum og gagnvart eigin rekstri en EY náði markmiði sínu um að jafna kolefnissporið sitt að fullu í lok árs 2020. Við ætlum að gera betur í ár og halda áfram að

minnka kolefnissporið en um leið kolefnisjafna meira en við losum. Samþykkt hefur verið tímasett og mælanleg aðgerðaáætlun til að ná „net-zero carbon emissions“ á árinu 2025. Sem hluta af þeirri vegferð tekur EY þátt í alþjóðlegu samstarfi sem kallast Science Based Targets initiative, þar sem fyrirtæki geta séð hversu mikið og hversu hratt þau þurfa að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að koma í veg fyrir verstu áhrif loftslagsbreytinga. EY er enn fremur með sterka áherslu á jafnréttismál og fjölbreytileika og hefur m.a. tekið þátt í að stofna SHE Index vísitöluna, sem mælir frammistöðu fyrirtækja út frá þessum þáttum.

## EY leggur áherslu á langtíma virði

Í ljósi þeirra áskorana sem blasa við okkur vegna loftslagsbreytinga og annarra sjálfbærniþátta eru viðskipti eins og við þekkjum þau ekki valkostur lengur. Hefðbundinn tilgangur fyrirtækja, sem hefur verið að hámarka hagnad eigenda sinna, er að líða undir lok. Nú þurfa fyrirtæki að huga að fleiri hagsmunum, líkt og starfsfólki, umhverfi, viðskiptavinum og samfélaginu. Þau fyrirtæki sem ekki breytast og það hratt, munu verða skilin eftir af samkeppnisáðilum sínum sem standa sig vel út frá sjálfbærni og viðmiðum

## » EY á Íslandi ætlar að styðja viðskiptavinum sína við innleiðingu á sjálfbærni í stefnu sína út frá þáttum líkt og LTV og EPIC.

um umhverfis- og félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). Í könnun sem EY gerði í lok árs 2018 kemur fram að 96-97% fjárfesta horfa til sjálfbærniupplýsinga við mat á fjárfestingakostum og að 90-95% þeirra myndu útiloka fjárfestingakosti með slaka UFS frammistöðu. Frá árinu 2016 hefur EY verið í samstarfi við sjálfseignarstofnunina Coalition for Inclusive Capitalism („EPIC“), við að skilgreina alþjóðlega mælikvarða til að meta og skýra frá langtíma virði (e. long-term value (LTV)) fyrirtækja, ekki bara fyrir fjárfesta heldur fyrir víðari hóp hagsmunaaðila. Áherslan er að hverfa frá hinum hefðbundna tilgangi fyrirtækja um að hámarka virði til eigenda sinna (e. shareholder value) yfir í það að auka virði allra hagsmunaaðila í víðasta skilningi þess orðs (e. stakeholder value). Árið 2018 var svo birt skýrsla um EPIC

með leiðbeiningum til að hjálpa fyrirtækjum að sýna fjárfestum fram á það hvernig langtíma stefna þeirra skapar virði til allra hagsmunaaðila.

## Samræming í sjálfbærni upplýsingagjöf

Í dag er fjöldinn allur af reglum, stöðlum og leiðbeiningum um framsetningu á lykilsjálfbærniupplýsingum (700 til 800 talsins). Við þetta ástand er nánast ógerningur fyrir notendur að bera saman upplýsingar á milli félaga og því er samræming gríðarlega mikilvæg. Gjarnan er vitnað til þessara staðla sem stafrófssúpunnar (e. alphabet soup) en einkum er horft til hinna fimm stóru: GRI, CDSB, CDP, IR og SASB. Mikil vinna hefur verið lögð í að þróa viðurkenndan og samræmdan staðal við framsetningu á sjálfbærniupplýsingum. Stefnit er að því að kynna tímalínu fyrir innleiðingu samræmds sjálfbærnistáðals í haust í tengslum við loftslagsfund SP í Glasgow. Það þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi slíks staðals þar sem fyrirtæki og stofnanir munu fá skýra mynd um hvað og hvernig þau eiga að veita upplýsingar út frá sjálfbærni í rekstri sínum. Samræmdur staðall mun auðvelda endurskoðendum að veita staðfestingu á sjálfbærniupplýsingum fyrirtækja sem fjárfestar, viðskiptavinir og hið opinbera geta nýtt sér. Því er

ekki seinna vænna fyrir fyrirtæki að taka ákveðin skref í þessum málum til að vera undirbúin auknum kröfum um ítarlega og nákvæma sjálfbærniupplýsingagjöf til viðbótar við hefðbundnið fjárhagsuppgjör.

## Spennandi sjálfbærnivegferð

EY á Íslandi ætlar að styðja viðskiptavinum sína við innleiðingu á sjálfbærni í stefnu sína út frá þáttum líkt og LTV og EPIC. Við viljum hjálpa fyrirtækjum að finna leiðir til að mæla árangur og skýra frá honum á gagnsæjan og ábyrgan hátt. Við viljum undirbúa viðskiptavinum okkar fyrir gildistöku nýrra alþjóðlegra reglna um sjálfbærni líkt og flokkunarkerfi ESB.

Við munum hvetja hagsmunaaðila til ábyrgar kolefnisjöfnunar, þátttöku í hringrásarhagkerfinu og hjálpa þeim að nýta sér sjálfbæra og græna fjármögnunarkosti. Við munum einnig veita fyrirtækjum óháða staðfestingu á sjálfbærniupplýsingum til að auka traust á starfsemi þeirra út frá helstu sjálfbærniþáttum. Við trúum því að með þessu móti munu viðskiptavinir EY styrkja rekstrargrundvöll sinn og auka langtíma virði eigna og þjónustu sinnar. Það er spennandi sjálfbærnivegferð fram undan hjá EY og við hlökkum til að hefja hana með viðskiptavinum okkar.

# Jafnaðu þig hjá Orkunni



## Kolefnisjafnaðu aksturinn strax með Orkulyklinum!



Lykil- og korthafar skrá  
sig í kolefnisjöfnun  
á orkan.is



5 króna afsláttur  
af hverjum lítra fer  
í kolefnisjöfnun



Votlendissjóðurinn  
kolefnisjafnar þitt  
framlag



Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is



**Sigurjón Þórhallsson, Rebekka Katrín Arnþórsdóttir, Sigurður Júlíus Jónsson, Jóna Guðrún Kristinsdóttir, Hildur Vala Hjaltadóttir og Viðar Magnússon.** BYKO valdi fjögur af Heimsmarkmiðum Sameinu þjóðanna sem er mest viðeigandi fyrir reksturinn til að hafa að leiðarljósi, en styðja um leið óbeint við önnur heimsmarkmið. BYKO vinnur að innleiðingu þessara fjögurra kjarnamarkmiða inn í alla starfsemi fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# BYKO leggur áherslu á sjálfbærni

BYKO leggur mikið upp úr samfélagsábyrgð og sjálfbærni til framtíðar. Stjórnendur og starfsfólk leggja mikið upp úr góðum stjórnarháttum og áherslu á jákvæð langtímaáhrif á starfsemina.

**S**amfélagsábyrgð hefur verið hluti af rekstri BYKO frá stofnun þess árið 1962 en þá stunduðu eigendur garðrækt og síðar meir skógrækt til að láta gott af sér leiða til náttúrunnar, segir Berglind Ósk Ólafsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála hjá BYKO. „Fyrirtækið hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á umhverfismál og samfélagsábyrgð en nú er tímabært að hugsa lengra inn í reksturinn með sjálfbærni að leiðarljósi. Sjálfbærni byggist ekki eingöngu á umhverfismálum, heldur einnig á félagslegum þáttum, menningarmálum, heilsu og velferð og efnahagslífi.“

**Viðurkennd umhverfismerki**  
BYKO hefur sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs, mæla árangurinn og upplýsa um stöðu mála, segir Berglind. „Við leggjum áherslu á að umhverfisstærni séu vottuðar af óháðum aðilum og að umhverfismerkin séu viðurkennd merki. Timbur er almennt umhverfisvænt byggingarefni og allt okkar timbur kemur frá sjálfbærri skógrækt en vottun á skógrækt þýðir að timbríð sé ræktad samkvæmt ákveðnum sjálfbærni-viðmiðum. BYKO kaupir rekjanleikavottað timbur þar sem allir helstu birgjar fyrirtækisins eru með rekjanleikavottun.“ Árið 2019 setti BYKO sér heildstæða sjálfbærnistefnu byggða á þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem fyrirtækið vinnur að ásamt því að gefa út fyrstu samfélagskýrslu fyrir rekstrarárið 2019.

## Ánægðara starfsfólk

Hún segir það mestu máli skipta, bæði í dag og til framtíðar, að starfsfólki fyrirtækisins líði sem best í vinnunni, að upplifun viðskiptavina sé sem best og að þekking og upplýsingagjöf skili sér til neytenda, viðskiptavina, starfsfólks og birgja fyrirtækisins. „Helsti ávinningur samfélagsábyrgðar gefur betri og skýrari



**Berglind Ósk Ólafsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.**

rekstur, rekstrarsparnað og hjálpar stjórnendum að greina helstu áhættuþættina, greina hvar tækifærin eru, hvar sóun er og gefur fyrirtækjum samkeppnisforskot á markaði. Starfsfólk verður einnig ánægðara, horft er til heilsu og öryggis starfsmanna og síðast en ekki síst vilja fyrirtæki mæta komandi kynslóðum þar sem þau hafa skyldur gagnvart þeim að ganga ekki um of á takmarkaðar auðlindir jarðar.“

## Vistvæn byggingarefni

Byggingariðnaðurinn hefur lykilhlutverki að gegna í loftslagsmálum og er hann ábyrgur fyrir um 39% af kolefnislosun og 40% af úrgangsmýndun á heimssviðu, að sögn Berglindar.

„BYKO ber ábyrgð í þeirri virðisdeðju og í gegnum sjálfbærnistefnu fyrirtækisins leggjum við áherslu á að geta boðið upp á vistvæn byggingarefni í öllum okkar vöruflokkum til framtíðar. Þá skiptir máli að fræðsla sé í fyrirrúmi, bæði í innra starfi, þar sem starfsfólk okkar fær reglulega þjálfun í umhverfismálum og vistvænum byggingarefnum, sem og að fræða markaðinn um vistvænt vöruframboð og geta boðið viðskiptavinum upp á þann valmöguleika að velja vistvænni efni.“

## Hvatning til nýsköpunar

BYKO hefur einnig skilgreint vistvænt vöruframboð sem hentar vel í framkvæmdir sem eiga að vera BREEAM vottaðar, en það er ákveðið vistvottunarkerfi sem kom fyrst fram árið 1990. „Í dag er BREEAM með yfir 80% markaðshlutdeild í Evrópu þegar kemur að mati á umhverfisáhrifum bygginga. Kerfið hefur verið mikil hvatning til nýsköpunar í bygg-



Í verslun BYKO í Breiddinni er mikið úrval fyrir fólk í framkvæmdum.

ingageiranum og er notað í yfir 70 löndum á heimssviðu. BYKO hefur því skilgreint inn á heimasíðu sinni þar vörur sem henta fyrir BREEAM annars vegar og Svaninn hins vegar.“

Fyrir nokkrum árum tók BYKO þátt í verkefni í samstarfi með Visthús þar sem fyrsta Svansvottada íbúðarhúsið var byggt á Íslandi. „Þar öðluðust starfsmenn BYKO mikla reynslu og þekkingu gagnvart vistvænum byggingum en hlutverk fyrirtækisins var að koma með vistvæn byggingarefni, annaðhvort Svansvottaðar vörur eða vörur sem væru leyfilegar í Svansvottuð hús.“

Einnig hófst nýlega samstarf milli BYKO og Visthönnunar um byggingu Svansvottaðs einbýlishúss í Hafnarfirði. „Þar veitum við Visthönnun ráðleggingar varðandi efnisval. Með tilkomu þess verkefnis munum við geta miðlað þekkingu okkar áfram og öðlast nýja sýn og nálgun á Svansvottuð verkefni.“

## Auknar kröfur hins opinbera

Í gegnum umhverfisstefnu fyrirtækisins býður BYKO upp á

valmöguleikann á að kaupa vistvænni byggingarefni og hjálpa viðskiptavinum sínum með því að útvega ýmis gögn, til dæmis vottanir á verkefni sem er verið að byggja eftir ákveðnum vistvottunarkerfum, eins og t.d. BREEAM. „Þetta styður til að mynda við heimsmarkmiðið um ábyrga neyslu og framleiðslu. Ríki og sveitarfélög eru í auknum mæli farin að gera auknar kröfur um að byggingaraðilar byggi eftir ákveðnum vistvottunarkerfum. Svona kerfi taka á mörgum þáttum en vægi byggingarefna er þó mismikið.“

Með því að birta rétt gögn, til dæmis umhverfisyfirlýsingar eða hvers kyns vottanir sem til þarf í slík vottunarkerfi, þá er BYKO að auðvelda viðskiptavinum sínum, t.d. hönnuðum, verkfræðingum, arkitektum og verktökum sem eru að byggja eftir slíku kerfi, að afla sér þessara gagna á auðveldari hátt.

„Við birtum þessi gögn í gegnum vöruframboð okkar á heimasíðu BYKO og með því móti geta þeir sem þurfa sótt sér þessi gögn sjálfir og fengið þau stig sem til þarf í



viðkomandi vottunarkerfi, en BREEAM vottunarkerfið byggist á stigagjöf úr ýmsum flokkum, og er byggingarefni einn af þeim flokkum.“

## Meðvituð um hlutverk sitt

Hún segir samfélagsábyrgð og sjálfbærni skipta BYKO mjög miklu máli til framtíðar og að stjórnendur fyrirtækisins leggi mikið upp úr góðum stjórnarháttum og áherslu á jákvæð langtímaáhrif á starfsemina.

„Áskoranir BYKO liggja í að gera byggingariðnaðinn og byggingarefni á Íslandi umhverfisvænni. Við viljum stuðla að aukinni notkun timburs, bjóða upp á byggingarefni sem hafa ekki skaðleg áhrif á umhverfið eða heilsu fólks og minnka kolefnisspor við flutninga, hvort heldur sem er innanlands eða á milli landa.

BYKO er leiðandi birgi byggingarefnis á Íslandi og gerir sér grein fyrir sínu hlutverki og ábyrgð.

# Sjálfbær byggingariðnaður lágmarkar auðlindanotkun og úrgangsmyndun

Það er okkar samfélagsábyrgð sem ráðgjafarfyrtækis að tryggja að þjónusta, ráðgjöf og hönnun taki mið af loftslagsvandannum, segir Sigríður Ósk Bjarnadóttir hjá VSÓ Ráðgjöf og bendir á að þáttur byggingariðnaðarins í loftslagsbókhaldi hafi verið lítið til umræðu og mjög vanmetinn.

**S**igríður Ósk Bjarnadóttir, byggingarverkfræðingur Ph.D. og sérfræðingur í sjálfbærni og loftslagsmálum í mannvirkjagerð, er verkefnastjóri Grænu leiðarinnar.

Að sögn Sigríðar leggur VSÓ Ráðgjöf áherslu á að í allri starfsemi fyrirtækisins sé góð umgengni við umhverfið og hugmyndafræði um sjálfbæra þróun höfð að leiðarljósi.

„Hitastig jarðar hefur hækkað á síðustu öld. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) spáir því að hitastig jarðar muni hækka um 0,3 til 4,8 °C á næstu hundruð árum. Hitastig jarðar hefur þegar hækkað um 0,8 °C á síðustu hundruð árum. Mikil hröðun hefur átt sér stað á síðustu 30 árum þar sem 75% af hækkingunni hefur átt sér stað á þeim tíma. Vísindamenn eru almennt sammála um að hlýnun jarðar sé af mannavöldum. Það hefur verið mikil aukning í losun á gróðurhúsalofttegundum og þá sérstaklega kolefnis á síðustu árum vegna aukins iðnaðar.

Árið 2015 undirrituðu 55 ríki, þar á meðal Ísland, Parísarsáttmálann, með það að markmiði að draga úr losun kolefnis og að halda hlýnun jarðar innan við 2 °C á þessari öld. Ríkisstjórn Íslands hefur sett sér það markmið að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

„Við hjá VSÓ Ráðgjöf gerum okkur grein fyrir því að byggingariðnaðurinn er mikilvægur hlekkur í að ná þessum markmiðum um kolefnishlutleysi og tryggja þar með sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir. Á heimsvísu er áætlað að byggingariðnaðurinn sé ábyrgur fyrir u.þ.b. 40% af kolefnislosun á heimsvísu.

Hingað til hefur þáttur byggingariðnaðarins í loftslagsbókhaldi Íslands verið lítið til umræðu og líklegast mjög vanmetinn.“

## Græna leið VSÓ Ráðgjafar

„Það er okkar samfélagsábyrgð sem ráðgjafarfyrtækis að tryggja að okkar þjónusta, ráðgjöf og hönnun taki mið af loftslagsvandannum. Við hjá VSÓ Ráðgjöf höfum skoðað umhverfisáhrif mannvirkja og skipulags í gegnum tíðina. Við vissum að við gætum gert betur í þessum málum þannig að sumarið 2019 settum við á fót verkefnið Græna leiðin til þess að mæta breyttum þörfum og kröfum samfélagsins. Öll þjónustusvið VSÓ koma að þessu verkefni því við vitum að besta leiðin til þess að ná umhverfismarkmiðum er að tryggja að ráðgjafar og hönnuðir á öllum sviðum vinni saman að heildstæðum lausnum. Verkefnið fór af stað með allsherjar endurskoðun innanhúss hjá VSÓ. Þverfaglegur hópur var skipaður til þess að tryggja að grænar lausnir væru skoðaðar út frá öllum sjónarhornum. Verkefni og verkferlar voru rýndir með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif og draga úr kolefnislosun og stuðla að sjálfbærri þróun.“

## Lausnir í lágmarkun kolefnislosunar

„Ég horfi helst á þrjú meginatriði til þess að stuðla að sjálfbærari byggingariðnaði og draga úr kolefnislosun; 1. Umhverfissvottun, 2.



Sigríður Ósk er byggingarverkfræðingur Ph.D., sérfræðingur í sjálfbærni og loftslagsmálum í mannvirkjagerð og verkefnastjóri Grænu leiðarinnar hjá VSÓ Ráðgjöf en öll svið fyrirtækisins koma að verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Lífserilsgreiningar, 3. Hringrásarhagkerfið.

Umhverfissvottunarkerfi eins og BREEAM eru notuð til þess að staðfesta að byggingar og skipulagsáætlanir uppfylli vistvænar kröfur. Vistvænar byggingar nota minni orku, minna vatn og náttúrulegar auðlindir. Þær hafa í för með sér minni úrgang og soun auk þess sem þær eru heilbrigðari fyrir íbúa miðað við venjulegar byggingar. BREEAM er í dag algengasta vistvottunarkerfið fyrir byggingar í heiminum. Vottunin byggist á stigakerfi þar sem byggingar og skipulagsáætlanir þurfa að ná ákveðnum lágmarksfjölda stiga til að hljóta BREEAM vottun. Einkunn er svo gefin miðað við fjölda stiga. VSÓ Ráðgjöf býður upp á ráðgjöf á hönnun samkvæmt BREEAM en við erum með þrjá BREEAM matsmenn. Við veitum

ráðgjöf og vottum skipulagsáætlanir, nýbyggingar, endurbætur eða viðbyggingar og byggingar í rekstri.

Lífserilsgreiningar eru notaðar til þess að meta umhverfisáhrif bygginga yfir allan lífsferilinn. En með greiningunni er t.d. hægt að skoða kolefnislosun við hönnun, uppbyggingu, afnot, viðhald og loks niðurrif byggingar. Við notum lífsferilsgreiningar til þess að auðkenna þau atriði þar sem er hægt að ná mestum árangri í að lágmarka kolefnislosun.“

## Mikilvægi hringrásarhugunarhagkerfis

„Að lokum vil ég nefna mikilvægi hringrásarhagkerfisins í að ná loftslagsmarkmiðum Íslands. Eins og staðan er núna þá er byggingariðnaðurinn að mestu byggður á línulegu hagkerfi, þ.e. byggingarvörur eru framleiddar, notaðar og svo að lokum er þeim fargað. Það er þessi línuleiki sem veldur því að byggingariðnaðurinn er ábyrgur fyrir u.þ.b. 40% af hráefna- og auðlindanotkun heims, 40% af kolefnislosun og yfir 40% af manngerðum úrgangi.

Eitt af meginmarkmiðum Reykjavíkurborgar í drögum að Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021–2025 er „hringrásarhugsun“ sem snýst um að innleiða nýja hugsun í hönnun og efnis meðhöndlun þannig að ekki sé gengið á auðlindir og að úrgangur til urðunar heyri sögunni til. Mikilvægt er að eigendur fasteigna horfi til þeirra tækifæra og aðgerða sem felast í hringrásarhagkerfinu og geti skilgreint sér framtíðarstefnu um sjálfbæra uppbyggingu. Helsti vettvangur heims til þess að finna fræðsluefni um hringrásarhagkerfið áttar að það sé hægt að lækka kolefnislosun frá byggingariðnaði um 38% ef hringrásarhugsun er beitt.

Græna leið VSÓ hefur innleitt nýja þjónustu, endurnotkunaráætlanir, til þess að fasteignaeigendur geti kortlagt fasteignasafnið sitt með það markmið að hámarka virði eigna sinna og stuðla að sjálfbærni með því að nýta betur eða selja byggingarefni og -hluta sem hefði áður verið fargað. Endurnotkunaráætlunin inniheldur magntöku á helstu byggingarefnum og -hlutum. Áætlun felur í sér greiningu á leiðum til þess að endurnota eða endurnýta byggingarefni sem og mögulegum endurvinnslufarvegum fyrir efni sem ekki er hægt að endurnota/endurnýta. Þá er einnig hægt að meta það kolefnisspor sem sparast við það að endurnota byggingarhlutana ásamt því að nota niðurstöðurnar til að fá BREEAM stig í framtíðarverkefni. Með því að endurnota byggingarefni í framtíðarverkefni er hægt að draga verulega úr kolefnisspori sem og varðveita náttúrulegar auðlindir.

Samvinna er lykillinn, þess vegna vinnum við hjá VSÓ Ráðgjöf saman á öllum sviðum til þess að leggja okkar af mörkum við að leysa loftslagsvandann og stuðla að sjálfbærri þróun. Byggingar eru ábyrgar fyrir um 40% af kolefnislosun á heimsvísu þannig það er til mikils að vinna ef það er hægt að minnka kolefnislosun frá byggingariðnaðinum.“



# Leiðandi í sjálfbærri þróun

Ábyrgar lausnir ehf. er leiðandi fyrirtæki í greiningu og innleiðingu á stefnumótun með áherslu á lausnir til aukinnar sjálfbærni í rekstri.

Ábyrgar lausnir ehf. var eitt af fyrstu fyrirtækjunum á Íslandi sem aðstoðaði við kynningar og innleiðingar á UFS-viðmiðum Nasdaq og hefur síðan aðstoðað fjölda íslenskra fyrirtækja í þeirra sjálfbærnivægferð, bæði stór og smá.

„Þegar tilskipun Evrópusambandsins um upplýsingaskyldu öfjárhagslegra þátta í rekstri var innleidd í lög um ársreikninga árið 2016, þar sem ákveðnum fyrirtækjum er gert að greina frá umhverfis- og samfélagsáhrifum samhliða fjárhagslegri afkomu, myndadist mikil þörf á markaðnum,“ segir Viktoría Valdimarsdóttir, stofnandi Ábyrga lausna.

„Fyrsta árið okkar fór mikið í að byggja upp þekkingu á íslenska markaðnum og við höldum fjölda fyrirlestra og námskeiða ásamt því að aðstoða fyrstu fyrirtækin við miðlun upplýsinga. Ég er stundakennari við Háskólann í Lúxemborg og kenni námskeiðið Sjálfbær skýrslugerð, auk þess sem ég kenni

gerð viðskiptalíkana við nýsköpunar- og viðskiptahraðal fyrir frumkvöðla,“ upplýsir Viktoría og bætir við: „Það varð eins konar ástríða að miðla til Íslands því sem var að gerast í þessum málum á meginlandinu. Ísland hafði dregist nokkuð aftur úr en í dag hefur byggst upp mikil þekking. Mörg íslenskra fyrirtækja eru þó enn á því sem kalla má fyrsta stig þar sem þau einblína á að uppfylla lögin og miðla upplýsingum um UFS-þætti (umhverfi, félagslega þætti og stjórnaðhætti) og fyrirfram valin heimsmarkmið.

Það er ákveðið áhyggjuefni bæði hér heima og erlendis að sum fyrirtæki stunda svokallað „cherry picking“ á lykilmælikvörðum og grænþvott, þar sem aðalmálið er að láta allt líta vel út í skýrslu en það vantar innleiðingu á stefnumótun og starfsreglum,“ segir hún. „Það er nokkuð mikil grunnvinna eftir á markaðnum við að innleiða sjálfbæra þróun í stefnumótun og kjarnastarfseminna þar sem við-



Ábyrgar lausnir veita ráðgjöf við greiningu og innleiðingu á stefnumótun til aukinnar sjálfbærni.

skiptalíkanið er greint, haghafar eru auðkenndir og unnið er með lykilaðherslur og mælikvarða út frá eðli starfseminnar. Þannig er unnið að því að ná jafnvægi allra þátta sjálfbærrar þróunar í rekstri; efna-hags, umhverfisþátta og samfélagsþátta. Með vitundarvakningu og samstilltu átaki allra haghafa, ytri sem innri, ná fyrirtækin bestum árangri til framtíðar auk þess sem þau leggja sitt af mörkum til að vernda auðlindir okkar fyrir komandi kynslóðir.

Árni Alvar Arason kom inn sem meðeigandi í fyrirtækið í árslok 2019 sem styrkir þjónustuna verulega þar sem hann er með mjög

sterkan grunn í rekstri fyrirtækja á alþjóðavísu og þekkir mikilvægi miðlunar traustra gagnsærra upplýsinga til fjárfesta. Sem stendur erum við að vinna verkefni bæði á Íslandi, í Lúxemborg og Þýskalandi,“ segir Viktoría.

„Eitt af fjölmörgum verkefnum sem við höfum unnið að undanfarna mánuði var með Kerecis en þar vorum við fengin til að aðstoða við að innleiða sjálfbærni í þeirra starfsemi. Verkefnið fólst einnig í því að vinna með Kerecis í að útbúa ársskýrslu um sjálfbærnimarkmið fyrirtækisins. Kerecis framleiðir ígræðsluefni úr fiskroði sem annars væri hent og styður þannig við hringrásarhagkerfið. Við unnum með þeim viðskiptalíkan frá grunn og settum fram myndrænt viðskiptalíkan sem sýnir verðmætasköpun fyrirtækisins og áhrif á samfélagið sem við tengjum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Einnig aðstoðuðum við þau í að greina og miðla upplýsingum um lykilmælikvarða starfseminnar.

Innleiðing á sjálfbærni í stefnu og starfsreglum er vegferð og það er okkar reynsla að íslensk fyrirtæki hafa haldið vel utan um gögn

tengd bæði félagslegum þáttum og umhverfisþáttum sem er jú grunnurinn að því að geta miðlað traustum og gagnsæjum upplýsingum til allra haghafa, þar með talið viðskiptavina og fjárfesta.

Það eru að verða viss vatnaskil þar sem miðlun upplýsinga um fortíðarárangur nægir ekki lengur heldur líta fjárfestar í auknum mæli til stefnumótandi ákvarðana varðandi áherslur í rekstri og vöruframboði. Að sama skapi er aukin áhersla á framboð ávöxtunarleiða sem greindar hafa verið út frá sjálfbærum tækifærum. Þetta á bæði við um val á fjárfestingaleiðum einstaklinga, stofnanafjórfa og lífeyrissjóða. Tækifærin eru víða í okkar samfélagi, bæði hjá rótgrónum fyrirtækjum sem hafa brugðist við breyttum tímum og einnig í nýsköpun hjá sprotafyrirtækjum. Stefnumótun, innleiðing í kjarnastarfseminna og miðlun traustra og gagnsærra upplýsinga skiptir þar höfuðmáli.“

Nánari upplýsingar veita Viktoría Valdimarsdóttir, viktoría@abyrgarlausnir.is, og Árni Alvar Arason, arni@abyrgarlausnir.is

## Beita auði sínum fyrir betri heimi

Auðhjónin Bill og Melinda Gates eru óþreytandi í baráttu sinni fyrir jöfnuði, gegn fátækt og sjúkdómum í heiminum. Þau leggja meira af mörkum en flestir í að skapa réttlæti handa öllum.

Brynhildur Björnsdóttir  
brynhildur@frettabladid.is



Öll líferu jafn mikilvæg. Við erum óþolinmóðir bjartsýnisseggir sem vinnum að því að uppræta ójöfnuð. Þetta eru einkunnarorð stærstu góðgerðarstofnunar í heiminum sem veltir meira fjármagni en sem samsvarar fjárlögum margra þjóðríkja. Stofnunar sem einbeitir sér að stórum verkefnum eins og að uppræta malaríu og fátækt og styrkja fólk í þriðja heiminum til náms.

Hér er að sjálfsögðu verið að tala um Bill & Melinda Gates foundation. Til upprifjunar má geta þess að Bill Gates stofnaði Microsoft samsteypuna þegar hann var nítján ára og varð milljarðamæringur um 31 árs aldurrinn. Hann ákvað nokkrum árum síðar að gerast stórtækur í baráttunni fyrir betri heimi og stofnaði The William H. Gates foundation árið 1994 en þegar hann kvæntist var nafninu breytt í Bill & Melinda Gates Foundation enda þau hjónin jafn harðakveðin í því að nýta peningana sem Microsoft notendur afla þeim dag hvort til að gera heiminn betri. Og það gera þau á ýmsan hátt.

Stofnunin hefur skilgreint nokkr-

ar leiðir til að ná því markmiði að uppræta ójöfnuð í heiminum.

Þær eru:

- að koma börnum á legg með því að tryggja menntun og heilsgæslu og vinna gegn fátækt
- að valdefla fátækasta fólkið, einkum konur og stúlkur, með því að styðja sjálfbærni, fræða og lána til að hefja atvinnustarfsemi, til dæmis fyrir einföldum vélbúnaði
- að berjast gegn smitsjúkdómum sem hafa verst áhrif á fátækasta fólkið, og þá helst malaríu og HIV
- að hvetja aðra til að breyta heiminum til hins betra, með því að vinna með ríkisstjórnun og almenningi í því að breyta fjármálakerfum, raungera vísindalegar uppgötvanir og auka meðvitund um heimsáskoranir eins og loftslagsbreytingar

Auk þessara yfirlýstu markmiða styrkir stofnunin ýmiss konar verkefni og er hægt að sækja um slíka styrki. Styrkir eru þó ekki veittir einstaklingum og þeirra verkefnum, húsbýggingar eru ekki styrktar og ekki trúarleg málefni, og ekki heldur pólitískir þrýstihópar. Velta samtakanna árið 2019 var um það bil 55 milljarðar bandaríkjadala.



Microsoft hefur líka skýra starfsmannastefnu þar sem velferð starfsmanna og fjölskyldna þeirra er í fyrirrúmi. Þá hefur fyrirtækið einnig tekið til hendinni í nærumhverfi sínu í Seattle og bæði styrkt þar mennta- og heilbrigðiskerfið og menningarstarfsemi. Sem dæmi má nefna að Bill & Melinda-stofnunin greip þéttingsfast inn í Covid- viðbragðsteymi borgarinnar með 3,7 milljóna dollara innspýtingu.

Bill Gates hefur einnig beitt sér fyrir því að aðrir milljarðamæringar í svipaðri stöðu og hann sjálfur

taki samfélagslega ábyrgð. Hann og Warren Buffett sem var um tíma þriðji ríkasti maður heims og lét myndarlegan hluta eigna sinna ganga til stofnunar Bills og Melinda, stóðu í sameiningu fyrir kvöldverðarboðum þar sem þeir kynntu hugsjón sína fyrir öðrum auðmönnum og -konum og hvöttu þau til að ráðstafa auði sínum í þágu betri heims á því sviði sem þeim þætti mest þurfa. Markmiðið er að fá hina ofurauðugu til að nýta auð sinn og völd í mannúðlegum og heimsbætandi tilgangi.

Í Bandaríkjunum einbeitir

stofnunin sér að því að efla menntun og tækifæri til mennta með því að styrkja efnilega námsmenn sem búa við kröpp kjör. Árið 2019 lét hún til sín taka í 48 fylkjum Bandaríkjanna og 135 þjóðlöndum. Í bréfi á heimasíðu stofnunarinnar segja þau Bill og Melinda: „Við erum bjartsýnt fólk. Við trúum því að með því að einbeita okkur að fáum en stórum markmiðum og vinna að frumlegum og skapandi lausnum á viðvarandi vandamálum getum við veitt sérhverjum einstaklingi tækifæri til að lífa heilbrigðu og gefandi lífi.“

Sem stendur eru Ábyrgar lausnir að vinna verkefni bæði á Íslandi, í Lúxemborg og Þýskalandi.

Bill og Melinda Gates nýta auð sinn meðal annars til að uppræta sjúkdóma og uppræða almenning. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Sjálfbærni er kjarni og uppspretta Bláa Lónsins

Samfélagsleg ábyrgð er mikilvægur þáttur í rekstri Bláa Lónsins. Frá upphafi hefur fyrirtækið stundað rannsóknir á auðlindinni og aukið þekkingu í þágu samfélagsins. Sjálfbærni er kjarni og uppspretta Bláa Lónsins, að sögn gæða- og umhverfisstjóra Bláa Lónsins, Fannars Jónssonar.

Bláa Lónsins er þverfaglegt teymi sem vinnur að samfélagslegri ábyrgð að sögn Fannars. Teymið vann að sjálfbærnisráðgjafi sem kom út árið 2019 og unnið er að annarri skýrslu sem kemur út á þessu ári.

„Bæði í fyrra og núna leggjum við áherslu á GRI staðlana og tökum mið af þeim í okkar vinnu,“ segir Fannar. GRI staðlarnir eru alþjóðlega viðurkenndir staðlar um miðlun upplýsinga um samfélagslega ábyrgð og eru notaðir í yfir 100 löndum.

„Núna erum við að vinna að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Við erum að marka okkur stefnu um hvernig fyrirtækið mun vinna með heimsmarkmiðin núna og næstu árin. Í þeirri vinnu erum við ekki aðeins að draga inn skoðanir stjórnenda heldur alls starfsfólks Bláa Lónsins. Við tökum líka þátt í vinnustofu með nærliggjandi samfélagi um þeirra áherslur á heimsmarkmiðin. Við ætlum að taka mið af þessum hagsmunaaðilum og setja þannig stefnu um hvernig Bláa Lónið getur lagt af mörkum til að ná settum markmiðum,“ segir Fannar.

## Samfélagsleg ábyrgð mikilvæg

Fannar segir að samfélagsleg ábyrgð hafi alltaf verið mikilvægur þáttur í rekstri Bláa Lónsins.

„Frá upphafi hefur fyrirtækið lagt áherslu á samfélagslega ábyrgð og að hún sé bæði í takt við þróun og breytingar í rekstri fyrirtækisins og nærsamfélagsins í kringum það,“ segir hann.

„Skýrasta dæmið eru rannsóknir sem við höfum gert á jarðsjónum og vistkerfi Bláa Lónsins undanfarin 30 ár til að afla og deila þekkingu á auðlindinni. Hvaða eiginleikar búa í jarðsjónum og hvernig hann getur stuðlað að auknum lífsgæðum og velliðan. Rannsóknirnar sem við höfum verið að gera síðustu þrjú áratugi sýna að jarðsjórinn býr yfir lífvirkum efnum sem hafa mikilvæga eiginleika fyrir húðina og dregur úr öldrunareinkennum hennar. Á síðastliðnum árum höfum við búið upp á psoriasis meðferðir fyrir Íslendinga og hefur sú meðferð reynst þeim mjög vel. Meðferðin er þeim að kostnaðarlausu.“

Auk meðferðar við psoriasis hefur fyrirtækið styrkt góðgerðarmál og iþróttaiðkun í nærliggjandi samfélagi og hefur auk þess styrkt önnur heilsutengd mál sem og menningarmál. Að sögn Fannars er stöðugt verið að leita leiða til að gera enn betur í þeim efnum.

## Fullnýta auðlindarstrauma

„Bláa Lónið er sprottið upp af sjálfbærni. Við erum að fullnýta auðlindarstrauma frá nærliggjandi jarðvarmaveri til að skapa verðmæti sem koma fram í upplifun okkar gesta og í framleiðslu á vörum. Sjálfbærni er í raun kjarni og uppspretta Bláa Lónsins,“ segir Fannar.

„Við erum alltaf að horfa á jarðsjóinn og hugsa hvað við getum gert meira til að fullnýta auðlind-



Bláa Lónið hefur frá upphafi lagt áherslu á samfélagslega ábyrgð og að hún sé í takt við þróun og breytingar í rekstri fyrirtækisins og nærsamfélagsins í kringum það. MYNDIR/ÁSENDAR



Fannar Jónsson segir að sjálfbærni sé alltaf höfð að leiðarljósi í Bláa Lóninu og að rekstur þess sé samfinn nýtingu dýrmætu auðlindarstraumanna.

ina. Sú hugsun er tengd inn í allan reksturinn. Til dæmis í hönnun á okkar upplifunarferlum, vörum og byggingum. Við erum alltaf að horfa til hugmyndafræðinnar bak við sjálfbærni og hvernig við

getum unnið með þessa auðlindarstrauma í fullri sátt við umhverfið. Það má segja að allur rekstur Bláa Lónsins sé samfinn fjölnýtingu þessara dýrmætu strauma.“

Fannar segir að með rann-



Sú hugsun að fullnýta auðlindina er tengd inn í allan rekstur. Til dæmis hönnun á vörum.

sóknun á jarðsjónum sé einnig verið að skapa þekkingu sem mun lifa áfram og skapa verðmæti fyrir komandi kynslóðir.

„Besta dæmið um fullnýtingu auðlindarstraumanna er vistferli jarðsjávarins. Við köllum það „geothermal ecocycle“. Þar erum við að endurnýta auðlindarstrauma frá nærliggjandi jarðvarmaveri sem er í rauninni þetta hringrásarhagkerfi sem er mikið talað um núna. Þegar Bláa Lónið hóf að fjölnýta auðlindarstraumana þá þekktist þetta hugtak um hringrásarhagkerfi minna. Menn voru bara að hugsa um að nýta auðlindirnar. Það má segja að við höfum verið frumkvöðlar í þeim efnum á sínum tíma. Þessu höfum við alltaf haldið á lofti innan fyrirtækisins og endurspeglast í allri okkar vinnu.“

## Kolefnisjafna allan rekstur

Allur rekstur Bláa Lónsins er

kolefnisjafnaður að sögn Fannars. Bæði raforka, hiti, rútuferðir starfsmanna og meðhöndlun úrgangs.

„Við erum einnig að vinna í því að kolefnisjafna flutningsleiðir á húðvörum okkar. Við göngum því töluvert lengra en flestir. Við kortleggjum alla losun fyrirtækisins og erum í samstarfi við Kolvið um að planta trjá, til þess að jafna út losunina,“ útskýrir Fannar.

„Í fyrra plöntuðum við 18.000 trjá og náðum þannig að kolefnishlutleysa reksturinn árið 2019, sem var stærsti samningur í sögu Kolviðar. Við ræktum líka örþörungum sem notaðir eru í húðvörum Bláa Lónsins – Blue Lagoon Skincare, en þeir eiga uppruna sinn í jarðsjónum. Við notum koltvísýring frá jarðvarmaverinu til að næra þörungana, þeir binda koltvísýringinn og gefa frá sér súrefni. Þannig fer fram kolefnisbinding innan veggja fyrirtækisins.“



Samkvæmt nýrri skýrslu gera bæði starfsfólk og vinnuveitendur auknar kröfur um samfélagsábyrgð fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Margir sem vilja samfélagsábyrgð

Samkvæmt nýrri skýrslu frá tryggingafyrirtækinu MetLife gera bæði starfsfólk og vinnuveitendur auknar kröfur um samfélagsábyrgð fyrirtækja eftir heimsfaraldurinn. MetLife er eitt stærsta tryggingafyrirtæki heims með meira en 90 milljón viðskiptavinum í yfir 60 löndum, en skýrslan var unnin í Bretlandi. Hún gefur vísendingu um þá þróun sem hefur orðið í viðhorfum til samfélagsábyrgðar í N-Evrópu.

Samkvæmt Re:Me skýrslunni svokölluðu er 71% starfsfólks þeirrar skoðunar að vinnuveitendur þeirra beri samfélagslega ábyrgð gagnvart starfsfólki og eigi að leika aukið hlutverk í að tryggja velferð, heilsu og hamingju þeirra. Vinnuveitendur eru flestir sömu skoðunar, 62% þeirra eru sammála.

Starfsfólk í stærri fyrirtækjum var líklegast til að vera sammála þessu (80%), starfsfólk í miðlungsstórum fyrirtækjum var næstlíklegast til þess (70%) og starfsfólk minni fyrirtækja var minnst sammála þessu (66%).

61% sögðust ætlast til þess að vinnuveitendur taki tillit til persónulegra aðstæðna og barnaupveldis og bjóði upp á vinnuumhverfi sem er sniðið að hverjum og einum.

Fjórðungur starfsfólks sagði að traust þess til vinnuveitenda hefði minnkað í heimsfaraldurinum og álíka hlutfall vinnuveitenda sagði að traust þeirra til starfsfólks hefði minnkað eftir að það fór að vinna heima.

## Nokkur atriði sem gagnast

Það er ljóst að nálgun fyrirtækja á samfélagsábyrgð hefur veruleg áhrif á imynd og þar af leiðandi á velgengi fyrirtækisins. Hér eru nokkur atriði sem eru gagnleg í þeirri vinnu.

1) Fyrsta skrefið er að raunverulega trú á mikilvægi samfélagsábyrgðar. Það sést vel hversu mikil heilindi eru að baki og því þarf að vera alveg á hreinu hvert markmiðið sé og hvernig vinna eigi að því.

2) Þá skiptir miklu máli að gera grein fyrir áherslum fyrirtækisins en þær þurfa að vera í samræmi við gildi fyrirtækisins. Mörg fyrirtæki eru til dæmis að vinna að sjálfbærni en það þarf ekki að eiga við öll fyrirtæki. Öðrum finnst kannski mikilvægara að beina sjónum að mannréttindum eða jafnrétti og það þarf þá að endurspeglast í starfsemi fyrirtækisins.

3) Enginn er eyland og á það ekki sist við þegar kemur að samfélagsábyrgð fyrirtækja. Til þess að ná árangri er brýnt að virkja starfsmenn á öllum sviðum fyrirtækisins. Starfsmenn sem finna fyrir því að þeirra framlag skipti máli eru líklegri til þess að taka virkan þátt í að móta og framkvæma í anda stefnu fyrirtækisins.

# Sjálfbærni í brennidepli

Halla Tómasdóttir er forstjóri hjá The B Team sem endurskilgreinir hlutverk fyrirtækja. Áhersla The B Team er að fyrirtæki þurfa að skila hagnaði til að vera sjálfbær en verða líka að beita afli sínu í þágu umhverfis og samfélags. Að mati Höllu eru framúrskarandi fyrirtæki komin enn lengra en að setja sér stefnu um samfélagslega ábyrgð – þau átta sig á því að eina leiðin til að stunda

Bestu fyrirtækin eru að kjarna sjálfbærni- og samfélags-hugsun í allt sem þau gera.

viðskipti til lengri tíma lítið er að axla ábyrgð á sjálfbærni, jafnrétti, jöfnuði og gagnsæjum og heilbrigðum stjórnarháttum, stundum

kallað ESG – eða UFS á íslensku. „Bestu fyrirtækin eru að kjarna sjálfbærni- og samfélags-hugsun inn í allt sem þau gera, frá stefnumörkun til vöru- og starfsþróunar og stjórnarháttanna. Þessi mál eru ekki lengur á hliðarlínunni hjá leiðandi fyrirtækjum heimsins, til dæmis þeim sem koma saman í The B Team og má þar nefna Unilever, Danone, Allianz, Salesforce og Harley Davidson,“ segir Halla.



Halla Tómasdóttir vinnur að aukinni samfélagsábyrgð.




## Við ætlum að vera hreyfiafl til góðra verka

Íslandsbanki á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Á upphafsárunum átti bankinn meðal annars þátt í að efla sjávarútveg og var lyftistöng fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Bankinn hefur því frá upphafi verið hreyfiafl í samfélaginu.

Tilgangur okkar er að vera hreyfiafl til góðra verka og framtíðarsýnin er að veita viðskiptavinum ávallt bestu bankaþjónustuna. Við erum til staðar fyrir viðskiptavinum við þeirra ákvarðanir og tökum þátt í að gera hugmyndir að veruleika.

Við viljum vera til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi og taka virkan þátt í samfélaginu sem við búum í. Með því að stuðla að sjálfbærni í sinni víðustu mynd höfum við jákvæð áhrif, því það er mikilvægt fyrir okkur og okkar viðskiptavinum.

Við eigum að þora að tala um það sem skiptir máli, þó við séum ekki fullkomin.







# GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100



tantraverslun

LUBRICANTS

LYKILL AD GÓÐU SAMBANDI  
**TANTRA**  
ERÓTISK VERSLUN  
MEÐ YKKUR SÍÐAN 2002

Orgie Dare Yourself.

Satisfyer

Hlíðasmára 13 - 201 Kópavogur - sími:5876969 - www.tantra.is

# Falafelvfja með hnetusmjörssósu

Karen Jónsdóttir, sem er alla jafna kölluð Kaja, er þekkt fyrir frumkvöðlastörf sín, meðal annars þegar kemur að því að framleiða lífrænar matvörur.

Sjöfn Þórðardóttir  
sjofn@torg.is



Reglan hennar Kaju er einföld þegar kemur að vöruúrvali. „Allar vörur eru lífrænar, umhverfisvænar og gæðin í hámarki,“ segir Kaja og trúir því staðfastlega að við séum það sem við borðum og með þann boðskap að leiðarljósi stofnaði hún Matarbúr Kaju og Café Kaju sem blómstrar á Skaganum og gleður líkama og sál. Nýjasta afurð Kaju sem komin er í framreiðslu eru falafelbuff með chilibrauðsrápi sem hafa slegið í gegn. „Við erum búin að vera með falafelvfjur á kaffihúsinu okkar síðastliðin tvö ár við góðar undirtektir svo því var ekkert annað að gera en að koma því í framleiðslu. Í upphafi var það afgangsbrauð sem var alltaf að þvælast fyrir mér á kaffihúsinu. Mér fannst algjör dauðasýnd að fleygja gamla brauðinu og því upphófst pæling um hvað skyldi nú gera við brauðið, úr varð brauðraspur sem við prufuðum að krydda. Þar sem spæsi chili, er mitt uppahald þá byrjuðum við á því og það smellpassaði við falafelið okkar. Úr varð falafelbuff með chilibrauðsrápi sem passa í pakkningarnar okkar.“ Brauðraspurinn er unninn í samstarfi við Brauðhúsið. „Þar fáum við afgangsbrauð sem verða þurrkuð, möluð og síðan krydduð eftir kúnstarinnar reglum. En við framleiðum og seljum einnig falafelbollar.“



Karen Jónsdóttir, eða Kaja, rekur Matarbúr Kaju og Café Kaju á Akranesi.



Falafelvfja með hnetusmjörssósu og jógurtsósu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

lausu í matvöruverslunum.“ Við fengum Kaju til að ljóstra upp uppskriftinni af sínum uppáhalds rétti þessa dagana ásamt meðlæti og það var auðsött. „Mitt uppáhalds þessa dagana er falafelvfjan gömsæta, en hún getur líka verið vegan og hægt er að leika sér með meðlæti eftir smekk hvers og eins.“ Þessa vefju eiga allir sælkerar eftir að elska.

## Falafelvfja með hnetusmjörssósu

Fyrir tvo

2 stk. að eigin vali  
2 stk. falafelbuff með chili brauðraspi  
Hnetusmjörssósa - heimalöguð  
Jógurtsósa - heimalöguð  
Lambhagasalat, eftir smekk  
Klettasalat, eftir smekk  
1 stk. rauð paprika, smátt skorin  
½ stk. agúrka, smátt skorin  
½ stk. rauðlaukur, smátt skorin  
½ avókadó, niðurskorin  
Tamari ristaðar möndlur, eftir smekk  
Svört sesamfræ til skrauts

Hnetusmjörssósa  
2 dl kókosmjólk

## 2 tsk. Tamarisósa (má vera meira) 4 msk. hnetusmjör

Blandið saman kókosmjólk, tamarisósu og hnetusmjöri og hrærið vel.

## Jógurtsósa

1 grísk jógurt frá Biobú (verður að vera lífræn jógurt þar sem lífræna jógurtin er ófitusprengd og það eitt kemur fram í áferð og bragði)  
½ msk. möluð kórianderfræ  
2 msk. agavesiróp

Blandið öllu hráefninu vel saman, gríska jógurtinu, möluðu kórianderfræjunum og sirópinu og hrærið vel.

## Vefjan útbúin

Byrjið á því að steikja falafelbuffin á pönnu og skerið þau síðan í tvennt. Vefjurnar eru hitaðar á pönnunni, hnetusósa sett á aðra hliðina og jógurtsósan á hina á vefjunum. Síðan er salatið og grænmetið, eftir smekk, sett á vefjurnar ásamt avókadóinu, dass af ristudum möndlum og sesamfræjum. Fyrir þá sem eru vegan þá er algjör snilld að nota sítrónuolíu í staðinn fyrir jógurtsósuna eða bara ólífuolíu.

Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbrotl? eru tíð þvaglát að trufla þig?

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS  
hvannarrót  
100% náttúruleg hvannarrót  
60 HYLKI | FÆÐUBÓG | VEENI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun, Hagkaupum og Nettó.

NÝ SENDING

comma,

SMÁRALIND COMMAICELAND

## Frækexin seljast eins og heitar lummur

Framleiðslan eykst dag frá degi og gaman er að segja frá því að Matarbúr Kaju var á dögnum að framleiða sína fyrsti pöntun fyrir stórelldhús, Hjá Höllu í Grindavík. „Halla var að taka inn falafelbollar okkar sem verða á matseðlinum hjá þeim von bráðar. Vonandi náum við svo að framleiða falafelbuffin okkar fyrir stórelldhús líka.“

Hvað myndir þú segja að væru vinsælustu vörurnar þínar í framreiðsluvörulínunni þinni?

„Söluhæstu vörurnar okkar eru frækexin, þau hafa rækilega slegið í gegn, enda virkilega góð á bragðið og henta að auki vegan, ketó og glútenlausu mataræði.“

## Lífrænt mataræði fyrir heilsuna í forgrunni

Kaja leggur áherslu á lífrænt mataræði og það er hennar lífsstíll. „Lífrænt skiptir miklu máli því þar er ákveðið regluverk sem ég adhyllist og er heilsusamlegra en ella. Ég er frekar fyrir léttan mat, ekkert sérstaklega hrifin af kjöti og adhyllist paskaterian, það er fisk, dýraafurðir og annað lífrænt gúmmulaði.“

Er ekki erfitt að nálgast lífrænar afurðir eins og ávexti og grænmeti?

„Jú, það hefur verið erfitt í gegnum tíðina en sem betur fer er það að breytast, nú er hægt að fá ýmislegt lífrænt vottað bæði í ávöxtum og svo grænmeti. En við eigum langt í land og ég verð ekki ánægð fyrir en eitrið verður lokað inni og lífrænt verður selt í

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

## FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080  
retta.is  
olafur@retta.is



## Málarar

221 Málarar ehf geta bætt við sig verkum inni. Sími 772 1765

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald

## FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994



## Húsasmiður getur bætt við sig verkefnum

- Öll almenn húsasmiði.
- Vönduð vinnubrögð.
- Góð umgengni.

www.fagsol.is  
fagsolbyggir@gmail.com  
S. 773-3376

## Rúnar Múrari ehf

S - 780 - 28 38

Húsviðgerðir Tröppuviðgerðir Flotun Lökaviðgerðir Flísalögn Málningarvinna-Pakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.  
runarmur@gmail.com

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Múrarar

Get bætt við mig flísalögnum og múrvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

### STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16,  
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

## Heilsa

## Nudd



### TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

2ja herb 70 fm íbúð á jarðhæð, sér inngangur og sér bílastæði í hverfi 105 Rvk. Laus nú þegar. Uppl. s:895-6307.

Íbúð til leigu í Engihjalla. Uppl. 899 3749

## Geymsluhúsnæði

### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is


### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



## Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!



Sigurlaug	Gvendarlaug	Grettislaug	Gelrslaug	Unnarlaug	Snorrallaug
124.500 kr.	177.000 kr.	239.000 kr.	257.000 kr.	285.000 kr.	278.000 kr.



Íslensk framleiðsla í 38 ár!

Auðbrekku 6 200 Kópavogi  
Sími 565-8899 normx@normx.is

Nú eigum við alla okkar potta til á lager, en það er ekki vist að það verði þannig í sumar. Kannski er bara rétti tíminn núna til að fara að huga að pottakaupum og tryggja sé pott fyrir sumarið, hver veit?

# job

Finnum draumastarfið saman



## Er um við að leita að þér?

# TÍMAMÓT



Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Sumarliðadóttir**

lést í faðmi fjölskyldu sinnar aðfaranótt 23. febrúar á Vífilsstaðaspítala.

Jarðarförin verður auglýst síðar.

Ársæll Friðriksson  
Simon Friðriksson  
Hildur S. Friðriksdóttir  
Kristín H. Friðriksdóttir  
Ragnheiður Eiríks Friðriksdóttir

Björk Georgsdóttir  
Guðrún Hjálmarsdóttir

Sigurður Þ. Sigurðsson  
Arnar Haukur Ottesen  
Arnarson

Ingvar Geir Guðbjörnsson  
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.



Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**Gunnars Oddssonar**

rafvirkjameistara,  
Suðurlandsbraut 68B, Reykjavík.

Sif Gunnarsdóttir

Oddur Gunnarsson

William A. Burhans jr.

Guðný Kristín Erlingsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og vinsemd við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Jónu Kristínar Ólafsdóttur**

Sérstakar þakkir færur við starfsfólkinu á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða fyrir hlýhug og góða umönnun.

Ólafur Rúnar Guðjónsson  
Valur Þór Guðjónsson  
Bryndís Ólöf Guðjónsdóttir  
Smári Viðar Guðjónsson  
Garðar Heimir Guðjónsson  
Hugrún Olga Guðjónsdóttir  
Kristín Mjöll Guðjónsdóttir

Hrafnhildur Geirsdóttir  
Hulda Björg Birgisdóttir  
Július Pétur Ingólfsson  
Sara Margrét Ólafsdóttir  
Kristín Lindal Hallbjörnsdóttir  
Gústav Adolf Karlsson  
Baldvin Bjarki Baldvinsson  
og fjölskyldur.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Ólafs Gunnarssonar**

Bodapíngi 10,  
203 Kópavogi.

Guðrjúður H. Jónsdóttir

Jóna Ólafsdóttir

Hafdís Ólafsdóttir

Hildigerður M. Gunnarsdóttir

Hannes Björnsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar,

**Guðrún Lovísa Magnúsdóttir**

Lyngholti, Vogum,

er látin.

Systkinin Lyngholti

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



Í vinnustofunni býðst áhugasömu fólki tækifæri á að koma hugmyndum sínum á framfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Níu skref um göngugötur

Áhugasömum um miðbæinn býðst að kíkja á opna vinnustofu þar sem hægt verður að skyggna á bak við tjöld verkefnisins Níu skrefa við mótun göngugatna í Reykjavík.

**H**ugmyndin með verkefninu er að taka fyrir göngugötukafla í miðbænum og brytja þá niður í níu áfanga," segir Dagný Bjarnadóttir, landslagsarkitekt og samræmingarhönnuður Níu skrefa.

Þrjú hönnunarteymi hafa verið valin til að hanna göngugötusvæðin níu og vonast er til að framkvæmdir geti hafist í lok sumars. „Teymin eru þverfagleg, en þar eru bæði myndlistarmenn, landslagsarkitektar, lýsingar- og upplifunarhönnuðir og fleira til," segir Dagný.

Næstu þrjú daga býðst áhugasömum að kíkja á opna vinnustofu verkefnisins við Skólavörðustíg 3A þar sem hægt verður að kynna sér verkefnið og koma eigin hugmyndum á framfæri. „Nú köllum við eftir hugmyndum og athugasemdum frá borgarbúum sem er annað um miðbæinn."

Sem samræmingarhönnuður sér Dagný svo um að tvinna saman hugmyndir frá teyminum þremur í eina heildarmynd. Hún hefur þó litlar áhyggjur af því að það verði erfitt að leiða hugmyndirnar saman. „Við erum búin að taka einn fund og það er góður samhljómur," segir hún. „Það er bara gaman að það sé ákveðið uppbrót í þessu þar sem mismunandi nálganir fái að njóta sín."

Aðaláskorun verkefnisins segir



Svæðin níu sem verkefnið dregur heiti sitt af. MYND/REYKJAVÍKURBORG



**Dagný Bjarnadóttir,**  
samræmingarhönnuður Níu skrefa.

Dagný vera að rekstraraðilar og íbúar á svæðinu séu sáttr við niðurstöðuna. „Það er oft þannig að fólk einblínir á það sem það er að missa en áttar

sig ekki á því hvað það er að fá," segir Dagný. „Við viljum sýna fólki í hverju þessi gæði felast."

Nýlega hefur Dagný sjálf unnið að uppbyggingu við Hlemmtorg þar sem hún segi að íbúar sýni skilning þegar útskýrt er hvað þeir séu að fá. „Við viljum auðvitað að allir taki þátt í gleðinni. Það er stóra áskorunin í hnotskurn."

Vinnustofan verður opin fram til sunnudags á Skólavörðustíg 3A milli kl. 12-19. [arnartomas@frettabladid.is](mailto:arnartomas@frettabladid.is)



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Svava Þuríður Árnadóttir**

frá Bala, Þykkvabæ,

lést á Dvalarheimilinu Lundi, miðvikudaginn 17. febrúar.

Útförin fer fram frá Þykkvabæjarkirkju laugardaginn 27. febrúar klukkan 11.00.

Þar sem takmarka þarf fjölda kirkjugesta verður útförinni streymt á Facebook-víðburðinum: Jarðarför Svövu Þuríðar Árnadóttur frá Bala.

**Börn, tengdabörn og fjölskyldur þeirra.**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls elskulegs eiginmanns míns,

**Guðmundar Magnússonar**

kennara og leiðsögumanns,

sem lést 16. janúar síðastliðinn.

Sérstakar þakkir fá starfsmenn á Seltjörn, Laugaskjól og Hlíðabæ. Umönnun heilabílaðra er vandasöm og vanmetin. Allir englar í mannsmynd, sem leiddu mig gegnum langvinn veikindi Guðmundar, fá ómældar þakkir.

**Gunnhildur Skaftadóttir**



## Er kominn tími á nýja glugga?

Í netverslun skanva.is seljum við gæða glugga og hurðir úr tré, tré/áli og plasti. Þú kaupir beint frá verksmiðjunni og sparar því dýran millilið.

**NETVERÐ  
35%**  
LÆGRA EN BÚÐARVERÐ

**+5%**  
MEÐ KÓÐANUM  
VETUR40

- Innbrotsvörn
- 10 ára ábyrgð
- Slagveðursprófun




Skref 1 - Mæla rétt



Skref 2 - Panta á netinu



Skref 3 - Setja í



Gerðu það sjálf/ur með Skanva.  
Sjáðu öll kennslumyndböndin okkar  
inná [skanva.is/video](https://skanva.is/video)

**Sýningarsalur**

Fiskislóð 31E - 101 Reykjavík

 **Skanva.is**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Reykjavík  9   4 °C   ↑	Ísafjörður  7   6 °C   ↑	Akureyri  8   6 °C   ↑
Egilsstaðir  7   7 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  8   7 °C   ↑	Hveravellir  3   13 °C   ↑

Sunnan 8-15 m/s í dag og rigning eða skúrir, en úrkomulítið um landið NA-vert. Hiti 4 til 11 stig.

## Laugardagur

Reykjavík  9   10 °C   ↑	Ísafjörður  6   15 °C   ↑	Akureyri  9   13 °C   ↑
Egilsstaðir  7   5 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  9   9 °C   ↑	Hveravellir  3   17 °C   ↑

## Sunnudagur

Reykjavík  4   14 °C   ↑	Ísafjörður  2   9 °C   ↑	Akureyri  3   6 °C   ↑
Egilsstaðir  3   9 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  4   10 °C   ↑	Hveravellir  -4   18 °C   ↑

### LÉTT

		1		4	2	6	9	
								7
3	7	5	9		2			4
1	8	9		7	3	5		
		6	3					
7	9	1						8
	9			8	7			
6	5		3					
8	3	4						

### MIDLUNGS

	8	3		9		1		
9		5		8				
	7		6	5		4		
7	9	4	2	6	5			
			7			5		4
		2		3		9	6	
	1	9						2
				6		4		
	2					9		

### PUNG

			2	9	1		4	3
		7	3				2	
	3				6		9	
		2		8		5		
	5							
			9	1				6
5	3					7		
					9		6	8
8					7	4		

## Krossgáta

- LÁRÉTT**  
 1 hræri  
 5 eldsneyti  
 6 mynni  
 8 hætta  
 10 titill  
 11 ráðaleysi  
 12 bréfspjald  
 13 harla  
 15 fötaferð  
 17 dvöl
- LÓDRÉTT**  
 1 ávitar  
 2 hrósa  
 3 stafur  
 4 undirstaða  
 7 í allt  
 9 bollaleggja  
 12 varp  
 14 hismi  
 16 utan

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 sleif, 5 kol, 6 os, 8 arfata, 10 ma, 11 samtals, 9 aforma, 12 kast, 14 fis, 16 án.  
 LÓDRÉTT: 1 skamma, 2 lofa, 3 eill, 4 fótur, 7 fúm, 12 kort, 13 áfar, 15 ísmál, 17 stans.

## Skák Gunnar Björnsson

Pogorelov átti leik gegn Janocha í Prag árið 1988.

### Hvítur á leik



**1. Rg5! fxe5 2. Dd4! Dd7 3. He8+! Kf7 4. Dg7+! Kxe8 5. Df8# 1-0.** Fimm skákmenn eru efstir og jafnir á Skák-móti öðlinga (40+) eftir tvær umferðir. Brim-mót TR hefst á morgun. Allir velkomnir. Norðanmenn geta teft á Skákþingi Goðans á Húsvík sem einnig fer fram um helgina.

[www.skak.is](http://www.skak.is): Nýjustu skákfréttir.

3	5	1	6	9	2	7	8	4
7	4	2	8	1	3	6	9	5
8	9	6	4	5	7	2	3	1
5	1	8	7	6	9	4	2	3
2	3	7	1	4	8	5	6	9
9	6	4	2	3	5	8	1	7
4	7	3	9	8	6	1	5	2
6	2	9	5	7	1	3	4	8
1	8	5	3	2	4	9	7	6
4	6	8	2	7	1	5	3	9
5	2	7	3	9	6	1	4	8
9	1	3	8	5	4	6	7	2
2	3	4	6	1	8	7	9	5
8	5	6	7	2	9	4	1	3
1	7	9	4	3	5	8	2	6
7	4	2	5	6	3	9	8	1
6	8	1	9	4	2	3	5	7
3	9	5	1	8	7	2	6	4
5	6	1	8	9	2	4	3	7
8	7	9	1	3	4	2	5	6
2	3	4	5	6	7	8	9	1
3	5	6	4	2	1	7	8	9
3	5	6	4	2	1	7	8	9
4	9	2	8	7	5	6	1	4
1	4	7	9	8	3	5	6	2
7	8	3	2	4	9	6	1	5
4	9	2	6	1	5	3	7	8
6	1	5	3	7	8	9	2	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Lesendur okkar vilja endilega fá að vita meira um nýja bæjarstjórn okkar! Hvað var upphálds greinin þín í skóla?

Það er einfalt! Valgrein!

Hahaha hahaha

Já, þarna ertu með mig í hnotskurn! Ég er alltaf með skopskynið í lagi í kosningabaráttunni!

Varðandi skopskynið í kosningabaráttunni... myndirnar sem birtust af mótframbjóðanda þínum voru jú... skemmtilegar!

Jaha-hahaha! Photoshop, my ass! Þessi úlfaldi var ekta!

Eftir Frode Øverli

## Gelgjan

Pabbi, hvað er þetta?

Hárkrem.

Ég nota það stundum til að hafa hemil á hárinu mínu.

Auðveldasta starf í heimi snyrtivara.

Ef þú ætlar að vera með stæla, gerðu það upphátt.

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán

Hæ, elskan. Hvernig gengur?

Andvarp! Allt í lagi.

En krakkarnir eru búnir að vera í andlitinu á mér í allan dag.

Ég tengi.

Að hafa myndirnar í stillimynd á tölvunni er ekki það sama.

Samt þreytandi.

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

## Var burðardýr fyrir smyglhring í Hong Kong

**Unnur Guðjónsdóttir** hefur farið sína síðustu hópferð til Kína en hún hefur staðið fyrir ferðum austur frá Íslandi síðustu fjörutíu ár. Í viðtali við Fréttablaðið gerir hún upp fyrstu ferðir sínar til Kína og segir frá ótrúlegum samskiptum sínum við kínversk lögreglu-fyrirvöld og smyglhring í Hong Kong.



## Ekki mér að þakka að ég er á lífi

**Svavar Georgsson** bjó í slitnu og úr sér gengnu tjaldi í Breiðholti í vel á annað ár. Hann var í harðri neyslu fíkniefna en hefur nú haldið sér á beinu brautinni í 15 mánuði.

## Ekki biða of lengi

**Alma Glóð Kristbergsdóttir** ákvað 22 ára gömul að eignast barn ein með gjafasæði. Hún er yngsta móðirin á Íslandi sem hefur farið þessa leið en hún sinnir nú uppeldi með framlæknunámi í Háskóla Íslands.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

# Óklárað lífsins listaverk

## LEIKHÚS

### Sölumaður deyr



Arthur Miller

Borgarleikhúsið

**Leikstjórn:** Kristín Jóhannesdóttir

**Leikarar:** Jóhann Sigurðarson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Hjörtur Jóhann Jónsson, Raket Yr Stefánsdóttir, Stefán Jónsson, Þorsteinn Bachmann, Aron Már Ólafsson, Valur Freyr Einarsson, Esther Talía Casey, Þórunn Arna Kristjánsdóttir

**Leikmynd:** Brynja Björnsdóttir

**Búningar:** Þórunn María Jónsdóttir

**Lýsing:** Pálmi Jónsson

**Tónlist:** Gyða Valtýsdóttir

**Leikgervi:** Elin Sigríður Gísladóttir

**Hljóðmynd:** Garðar Borgþórsson

**Þýðing:** Kristján Þórður Hrafnsson

Jóhann Sigurðarson og Sigrún Edda Björnsdóttir fagna um þessar mundir 40 ára leikafmæli sínu. Framlag þeirra til íslenskrar leiklistar er ómetanlegt og heldur vonandi áfram um ókomna tíð, enda eiga þau nóg eftir. Eftir langt og strembið ferðalag komst Sölumaður deyr eftir Arthur Miller loksins á stóra svið Borgarleikhússins, en upphaflega átti að frumsýna um síðustu jöl.

## Ljúfsárar senur

Ekki er ofsögum sagt að Kristín Jóhannesdóttir er einn af allra færustu og frumlegustu leikstjórum landsins. Sýningar hennar eru ávallt tilhlökkunarefni. Á þessu sinni tekst henni ekki að finna efninu nægilega skýran farveg og útkoman er sundurleit. Fyrsta atriðið, öskrið í tóminu, er einungis eitt af mörgum sem stingur í stúf. Útfærslan á þjóninum Stanley, stillt upp sem eins konar sögumanni, og hans samstarfsfélag gengur heldur ekki upp. Inn á milli koma þó glimrandi augnablik, ljúfsárar senur sem hitta beint í mark og nista inn að beini, þá sérstaklega þegar þögnin verður yfirþyrmandi en líka þegar fortíð og nútíð blæða inn í hvor aðra. En strengirnir eru ekki nægilega samstilltir, þá helst þegar kemur að túlkun leikara og samspili þeirra á milli.

## Vantar kjölfestu

Farandsölumaðurinn Willy Loman er að þrotum kominn. Hann er búinn að strita alla sína starfsævi, berjast við að skaffa fyrir fjölskylduna og koma börnunum á legg. En í stað þess að uppskera eins og til var sáð situr hann uppi með hrjóstrugt land, örmagna og á barmi örvingl-



Þrátt fyrir nokkur afbragðs atriði þá verður heildarmyndin brotakennd, segir leiklistargagnrýnandinn Sigríður Jónsdóttir. MYND/GRÍMUR BJARNASON

unar. Jóhann Sigurðarson hefur lengi verið einn affærustu leikurum landsins en hér bregst honum bogalístin. Aftenging Willys við raunveruleikann í leik Jóhanns virðist fjarlæg frekar en harmþrungin, hann er sem gestur úr öðru leikriti frekar en boðflenna í sinni eigin samtíð og þannig vantar kjölfestu í framvinduna. Þó má stundum sjá glitta í galdrana sem Jóhann býr yfir, sérstaklega í samleik hans og Sigrúnar Eddu Björnsdóttur.

Við hlið Willys stendur Linda, eigin kona hans til áratuga og verndari fjölskyldunnar. Sigrún Edda töfrar fram tengingu við textann, sem skortir hjá sumum leikurum sýningarinnar. Hún er blíð og buguð til skiptis, langþreytt á því að halda fjölskyldunni saman en staðráðin í því að halda verndarhendi yfir Willy. Meðvirkni hennar með Willy og ást til hans er harmleikur hennar. Þessum samanflæktu tilfinningum kemur Sigrún Edda listilega til skila, bæði þegar hún þegir og heldur þrumandi ræður, og þær eru blæðandi hjarta sýningarinnar.

## Sundurloast þras

Vísitölufjölskyldan samanstendur af þeim hjönnum og systkinunum

## STRENGIRNIR ERU EKKI NÆGILEGA SAMSTILLTIR, ÞÁ HELST ÞEGAR KEMUR AÐ TÚLKUN LEIKARA OG SAMSPILI ÞEIRRA Á MILLI.

Biff og Happy. Hjörtur Jóhann Jónsson leikur frumburðinn og óskabarnið Biff. Frá fæðingu hafa foreldrarinn sannfært hann um eigið ágæti en hann hefur eytt full-orðinsárunum í að gera sér grein fyrir því að heimurinn er ekki að biða eftir honum. Hjörtur Jóhann er upp á sitt besta þegar hann heldur aftur af sér og beinir reiði Biff inn á við. Nýliðinn Raket Yr Stefánsdóttir fer með hlutverk Happy, hins lífs-glaða yngra barns hjónanna. Hún líður fyrir leikstjórnina. Happy er stýrt inn á eina rás og úr verður flatur tónn, en greinilegt er að Raket Yr hefur úr miklum hæfileikum að spila. Leikararnir í fjölskyldueiningunni eiga sínar góðu stundir þegar þeim fjórum er stefnt saman, en alltof oft leysist samkoman upp í sundurlaust þras.

Þorsteinn Bachmann sýnir agaðan og fantagóðan leik í litlu hlutverki nágrannans Charley,

rödd skynseminnar. Sömuleiðis stendur Aron Már Ólafsson sig vel í hlutverki Bernard, þá sérstaklega í seinni hluta sýningar. Stefán Jónsson leysir snúid hlutverk Ben, bróður Willys, ágætlega en erfitt er að ná tangarhaldi á þessari vofu fortíðarinnar. Ekki farnast Vali Frey Einarssyni eins vel og illskiljanlegt er hvernig persónu Stanley er komið fyrir inn í sýningunni og hvaða hlutverki hann á að þjóna. Esther Talía Casey og Þórunn Arna Kristjánsdóttir hafa úr smærri en mikilvægum hlutverkum að spila sem orlagavaldar í lífi Willys en ná hvorugar að skapa manneskjur af holdi og blóði, táknmyndirnar standa eftir.

## Brotakennd heildarmynd

Þýðingarvinna Kristjáns Þórðar Hrafnssonar hefur verið betri í gegnum tíðina, en texti Millers býður algjörlega upp á að taka djarfari ákvarðanir þegar kemur að styttingu setninga og því að uppfæra málfar. Aftur á móti er fagurfræðileg umgjörð sýningarinnar til fyrirmyndar. Leikmyndahönnuðurinn Brynja Björnsdóttir skilar framúrskarandi vinnu, jafnvel sinni bestu hingað til. Á hálfstömu sviðinu

liggja samankuðlaðar pappírskúlar, glötuð tækifæri týnd í vindinum eða brostnir draumar sem annað rusl. Aftast á sviðinu tindrar svart-holið sem er síðan endurspeglad eftirminnilega fremst á sviðinu í lokin. Ljósahönnun Pálma Jónssonar er að sama skapi afspyrnu vel heppnuð og fangar hann ljósaskipti lífsins með eftirminnilegum hætti þar sem gráblár raunveruleikinn er alltumlykjandi. Tónlist Gyða Valtýsdóttur smellpassar inn í þennan tómlega heim.

Nauðsynlegt er að endurtúlka klassísk leikverk fyrir nýja tíma og Sölumaður deyr er svo sannarlega efniviður til að endurskoða með reglulegu millibili. Kristín Jóhannesdóttir beitir hér abstrakt túlkun á bláköldum raunveruleikanum en þrátt fyrir nokkur afbragðs atriði þá verður heildarmyndin brotakennd. Litbrigði sýningarinnar eru oft og tíðum mögnuð en of mörg, sérstaklega þegar kemur að leikhópnum, og tóna ekki vel saman.

Sigríður Jónsdóttir

**NIDURSTADA:** Ansi misjöfn sýning sem hefur þó sínar silfur-rendur.

## Andri Snær og Guðrún Eva tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs

Um tímann og vatnið eftir Andra Snæ Magnason og Aðferðir til að lifa af eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur hljóta tilnefningar til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2021.

Tilkynnt var um tilnefningarnar í Gunnarshúsi í gær.

Í umsögn íslensku dómnefndarinnar um aðferðir til að lifa af segir meðal annars: „Guðrún Eva sýnir hér á listilegan hátt þá miklu næmni sem hún býr yfir sem rithöfundur. Hún færir okkur heim hljóðlátan en ólgandi heim þar sem þrá eftir tengslum, sá djúpstæði kraftur, brýst upp á yfirborðið á ferskan hátt. Frásögnin tekur á sig blæ keðjusöngs, þar sem raddirnar kvikna ein af annarri, taka við laglínunni og fléttast saman um hrið svo úr verður sérlega áhrifamikil, margradða verk. Yfir öllu liggur væðarvöð öryggis, virðingar og djúps skilnings höfundar á þeim



Andri Snær og Guðrún Eva í Gunnarshúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**RIT ANDRA SNÆS UM  
TÍMANN OG VATNIÐ  
FJALLAR UM JÖRDINA OKKAR  
OG FRAMTÍÐ BARNNA OKKAR OG  
ANNARRA AFKOMENDA.**

aðferðum sem maðurinn nýtir sér til að lifa af.“

Um Um Tímann og vatnið segir meðal annars: „Vísindi og frásagnir af fólki og tilfinningum eiga sameið þó að mönnum hafi löngum sést yfir þau sannindi. Um tímann og vatnið er í senn persónulegt og vísindalegt rit og sameinar þannig orðræðu bókmennta og vísinda ... Rit Andra Snæs, Um tímann og vatnið, fjallar um jörðina okkar og framtíð barna okkar og annarra afkomenda. Bókin er skrifuð af jafnvægi, þekkingu, skilningi á viðfangsefninu og sterkum vilja til þess að gera heiminn betri en hann er.“

# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**BONUS  
VERÐ**

**598** kr./kg

Stjörnugris Grísalæri  
ferskt



**1.579** kr./kg

Ali Grísalundur  
ferskar



**2.598** kr./kg

KS Pykkar Lambakótleitur  
frosnar



**2.798** kr./kg

KS Lambaprime  
frosið

## Fusilli



**298** kr./1 kg

Barilla Fusilli  
1 kg í pk.

## Spaghetti



**298** kr./1 kg

Barilla Spaghetti  
1 kg í pk.

## Penne



**298** kr./1 kg

Barilla Penne Rigate  
1 kg í pk.

## FERSK SALAT Í BÓNUS



**359** kr./125 g

Lambhaga Salatblanda  
125 g



**359** kr./125 g

Lambhaga Íssalat  
125 g

## KIRSUBERJATÓMATAR



**259** kr./250 g

Ferskir Kirsuberjatómatar  
250 g

## FETAOSTUR



**359** kr./200 g

Grískur Fetaostur  
200 g



**ÍSLENSKT**  
LÁTTU ÞAÐ GANGA



**ÍSLENSKT**  
LÁTTU ÞAÐ GANGA



**100%**  
**ÍSLENSKT**  
ungnautakjöt



**2X**  
**120 g**  
**498** kr.

Smash Style Ungnauta Hamborgarar



**98** kr./pk.

Smash Style Hamborgarabrauð  
2 stk. í pk.

**ALVÖRU**  
**HAMBORGARI**  
í brauði  
aðeins  
**298 kr./stk.**



**398** kr./stk.

Smash Style Hamborgarakrydd  
149 g



**398** kr./stk.

Íslandsnaut Bernaissósa  
250 ml




**359** kr./stk.

Smash Style Hamborgarasósa  
250 ml

# DV

## DV ER KOMIÐ ÚT!



Pú færð DV meðal annars á eftirtöldum sölustöðum:

Nettó  
N1  
Hagkaup  
Samkaup  
Olís  
Bónus  
Penninn  
10-11  
Fjarðarkaup

Tryggðu þér áskrift að DV

☎ 512 7000

🖱 [www.dv.is/askrift](http://www.dv.is/askrift)

✉ [askrift@dv.is](mailto:askrift@dv.is)

## DAGSKRÁ

# Föstudagur

### HRINGBRAUT

- 20.00 Lifið er lag (e)** Lifið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri árána. Umsjón Sigurður K. Kolbeinsson.
- 20.30 Karlmenntan (e)** Feminískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
- 21.00 Helgarjoga (e)** Í Helgarjoga með Þóru Rós róm við okkur niður í núvitundinni – og erum til staðar í stundinni.
- 21.30 Bilalíf (e)** Bilalíf er fjórlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

### RÚV SJÓNVARP

- 09.00 Heimaleikfimi**  
**09.10 Spaugstofan 2008-2009**  
**09.35 Kastljós**  
**09.50 Menningin**  
**10.00 Rúnturinn**  
**11.20 Smáborgarasyn Frimanns**  
**11.40 Íslenskur matur**  
**12.05 Heimaleikfimi**  
**12.15 Eldað með Ebbu**  
**12.45 Velkomin til framtíðar**  
**13.15 Tilraunin - Seinni hluti**  
**14.00 Íslendingar** Áróra, Nína og Emilia.  
**14.55 Saman að eilífu**  
**15.25 Heillandi hönnun**  
**15.55 Ofurheilur - Svefnleysi**  
**16.25 Ekki gera þetta heima**  
**16.55 Martin læknir**  
**17.50 Táknafréttir**  
**18.00 KrakkaRÚV**  
**18.01 Ósagða sagan**  
**18.35 Húllumhæ**  
**18.50 Landakort**  
**19.00 Fréttir**  
**19.25 Íþróttir**  
**19.30 Veður**  
**19.40 Gettu betur** Lið Menntaskólans við Hamrahlíð og Verzlunarskóla Íslands mætast.  
**20.45 Tónatal - brot** Sigríður Thorlacius flytur einstaka útgáfu af Beyoncé-laginu Halo.  
**20.55 Víkan með Gísla Marteini** Gísl Marteinn tekur á móti gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Persónur og leikendur koma í spjall og brakandi fersk tónlistaratriði koma landsmönnum í helgarstemninguna.  
**21.45 Frankie Drake**  
**22.30 Ali G Indahouse** Ali G fer á þing Bresk gamanmynd frá 2002. Óprúttir menn plata hippopparann Ali G í framboð í von um að hann skaði forsætisráðherrann með vitleysigangi sínum. Aðalhlutverk: Sacha Baron Cohen, Michael Gambon, Charles Dance, Kellie Bright og Martin Freeman. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.  
**23.55 Frú Wilson Mrs. Wilson**  
**00.50 Dagskrárlök**

### GOLFSTÖÐIN

- 09.30 World Golf Championship 2021** Útsending á Workday Championship at the Concession.  
**14.30 PGA Tour 2021** Útsending frá Gainbridge PGA at Boca Rio.  
**17.35 2021 PGA Tour Champions Learning Center**  
**18.00 World Golf Championship 2021** Bein útsending á Workday Championship at the Concession.  
**23.00 PGA Special. Gary Player. Picture This**

### SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify**  
**13.00 Dr. Phil**  
**13.45 The Late Late Show**  
**14.30 Superstore**  
**16.30 Family Guy**  
**16.50 The King of Queens**  
**17.10 Everybody Loves Raymond**  
**17.35 Dr. Phil**  
**18.20 The Late Late Show**  
**19.05 American Housewife**  
**19.30 Man with a Plan**  
**20.00 The Bachelor**  
**21.30 Magic Mike**  
**23.16 London Has Fallen**  
**00.51 Dragged Across Concrete** Þegar lögreglumennirnir Brett Ridgeman og Anthony Lurasetti eru sendir í sex mánaða launalaust „leyfi“ fyrir að hafa gengið fullharkalega fram við síðustu handtöku ákveða þeir að gerast sjálfir ræningjar, enda hafa þeir bæði kunnáttuna og þekkinguna sem til þarf! Hvorugur gerir sér grein fyrir afleiðingunum ...  
**03.26 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**  
**06.50 Morgunvaktin**  
**07.00 Fréttir**  
**07.30 Fréttayfirlit**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.30 Fréttayfirlit**  
**09.00 Fréttir**  
**09.05 Í ljósi sögunnar**  
**09.45 Morgunleikfimi**  
**10.00 Fréttir**  
**10.03 Veðurfregnir**  
**10.13 Óskastundin**  
**11.00 Fréttir**  
**11.03 Mannlegi þátturinn**  
**12.00 Fréttir**  
**12.03 Hádegjöld**  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**12.42 Hádegjöld** seinni hluti  
**13.00 Dánarfregnir**  
**13.02 Samfélagið**  
**14.00 Fréttir**  
**14.03 Málið er** Heimilislausir í Reykjavík.  
**15.00 Fréttir**  
**15.03 Sögur af landi**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Vinill vikunnar**  
**17.00 Fréttir**  
**17.03 Lestarklefinn**  
**18.00 Spegillinn**  
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**  
**18.50 Veðurfregnir**  
**18.53 Dánarfregnir**  
**19.00 Flugur** Bragi Hlíðberg, annar þáttur.  
**19.45 Lofthelgin**  
**20.35 Mannlegi þátturinn**  
**21.30 Kvöldsgagn. Grettis saga** (8 af 21)  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfregnir**  
**22.09 Lestur Passíusálma** (21 af 50)  
**22.15 Samfélagið**  
**23.05 Lestarklefinn**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútlit Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.45 Head Full of Honey**  
**12.50 Share**  
**14.15 Now Add Honey**  
**15.50 Head Full of Honey**  
**17.55 Share**  
**19.20 Now Add Honey**  
**21.00 Official Secrets**  
**22.45 The Book Thief** Áhrifamikil mynd frá 2013 sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar með Geofrey Russ og Emily Watson í aðalhlutverki.  
**00.55 The Game**  
**03.00 Official Secrets**

### STÖÐ 2

- 08.00 Heimsókn**  
**08.15 Veronica Mars**  
**09.05 Bold and the Beautiful**  
**09.25 The O.C.**  
**10.05 Supernanny**  
**10.45 Who Do You Think You Are?**  
**11.45 Shipwrecked**  
**12.35 Nágrannar**  
**12.55 Manifest**  
**13.35 Lóa Pind. Bara geðveik**  
**14.10 Í eldhúsi Evu**  
**14.40 Ghetto betur**  
**15.20 GYM**  
**15.45 Who Wants to Be a Millionaire**  
**16.30 Brother vs. Brother**  
**17.10 Modern Family**  
**17.35 Bold and the Beautiful**  
**18.00 Nágrannar**  
**18.26 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.50 Sportpakinn**  
**18.55 Í kvöld er gíg**  
**19.45 The Masked Singer**  
**20.55 The Clovehitch Killer**  
**22.40 Braveheart** Stórmynd sem hlaut Óskarsverðlaun sem besta mynd ársins 1995 og fern önnur að auki. Myndin gerist á 13. öld. Konungur Skotlands deyr en enginn arftaki er að krúnunni og Englandskonungur hrifrsar því völdin.  
**01.30 God's Own Country**  
**03.15 Veronica Mars**  
**03.55 The O.C.**

### STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00 Barnaefni**  
**19.55 Friends**  
**20.20 Friends**  
**20.45 The Office**  
**21.05 Roswell, New Mexico**  
**21.50 Flash**  
**22.35 Angie Tribeca**  
**23.00 American Dad 16**  
**23.20 Bob's Burgers**  
**23.45 Friends**  
**00.05 Friends**  
**00.30 The Office**

### STÖÐ 2 SPORT

- 08.55 Dominos Kórufoltakvöld - kvenna**  
**09.40 Selfoss - ÍBV** Útsending frá leik í Olís-deild karla.  
**11.05 Selfoss - Hrunarmenn** Útsending frá leik í 1. deild karla í kórufolta.  
**12.45 Þór Ak. - Þór Þ.** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.  
**14.25 KR - Stjarnan**  
**16.05 Dominos Tilþrífing 10. umferð**  
**17.00 Selfoss - ÍBV** Útsending frá leik í Olís-deild karla.  
**18.25 Dominos Kórufoltakvöld - kvenna**  
**19.15 Álfanes - Breiðablik** Bein útsending frá leik í 1. deild karla í kórufolta.  
**21.20 Njarðvík - ÍR** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.  
**23.00 Valur - Keflavík**  
**00.40 Dominos Kórufoltakvöld**

### STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.40 Atlético Madrid - Chelsea**  
**10.20 Lazio - Bayern München**  
**12.12.30 Leicester - Slavia Prag**  
**14.10 Arsenal - Benfica**  
**15.50 Manchester United - Real Sociedad**  
**17.30 La Liga Show**  
**17.55 Inside Serie A**  
**18.45 Evrópudeildarmörkin**  
**19.40 Derby - Nottingham Forest** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.  
**21.45 Manchester United - Real Sociedad**  
**23.25 Evrópudeildarmörkin**  
**23.45 Torino - Sassuolo**



# Aðalfundur Sýnar hf.

**Aðalfundur Sýnar hf. verður haldinn föstudaginn 19. mars 2021 kl. 15:00, í aðalstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík. Boðið verður upp á rafræna þátttöku fyrir þá hluthafa sem það kjósa, sbr. nánar að neðan.**

## Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með afkomu félagsins á reikningsárinu 2020.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins, sem felur í sér:
  - a) Að stjórn hafi skýrari heimild til að boða til rafræna hluthafafunda.
  - b) Að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar.
5. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
10. Kosning endurskoðenda félagsins.
11. Önnur mál löglega upp borin.

## Upplýsingar fyrir hluthafa:

Heildarfjöldi hluta í félaginu hinn 25. febrúar 2021 er 296.441.474 hlutir og jafnmörg atkvæði. Þar af eru öll atkvæði virk.

## Aðrar upplýsingar:

Stjórn Sýnar hefur ákveðið að aðalfundurinn verði einnig rafrænn, þ.e. hluthafar geti tekið þátt í fundinum með rafrænum hætti gegnum aðalfundarkerfi Lumi AGM. Rafræn þátttaka mun því jafngilda mætingu á fundinn og veita þátttöku í honum að öðru leyti.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á að sækja fundinn, hvort sem þeir ætla að mæta á fundarstað eða fylgjast með fundinum í vefstreymi, þurfa að skrá sig til að nálgast aðgangsupplýsingar á vefsvæðinu [smartagm.com](https://smartagm.com). Skráning fer [eingöngu](https://smartagm.com) fram með þessum rafræna hætti. Hluthafar eru beðnir um að skrá sig tímanlega á fundinn og **eigi síðar en kl. 15:00 þann 18. mars 2021, eða degi fyrir fundardag**, þar sem ekki er hægt að tryggja aðgang að fundinum berist skráning eftir þann tíma.

Þeir sem skrá sig til fundar með rafrænum hætti fá aðgang að streymi af fundinum, geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar. Atkvæðagreiðsla á fundinum mun eingöngu fara fram í gegnum aðalfundarkerfi Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins á fundarstað eða taka þátt með rafrænum hætti, er bent á að þeir geta greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM á tölvu eða spjaldtölvu. Nánari upplýsingar um skráningu á fundinn, rafræna

þátttöku, aðgangsorð og atkvæðagreiðslu verður að finna á heimasíðu félagsins: [syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur](https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur).

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboðseyðublað verður að finna á heimasíðu félagsins. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn á slóðinni: [smartagm.com](https://smartagm.com).

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 15:00 föstudaginn 5. mars 2021. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Skjöl og tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins: [syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur](https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur). Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt að mestu leyti á íslensku.

Sérstök tilnefningarnefnd hefur verið að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma áhuga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina. Skýrsla tilnefningarnefndar er send kauphöll samhliða fundarboði þessu. Með fyrirvara um að stjórn staðfesti lögmati hlutaðeigandi framboða leggur tilnefningarnefnd til að þau Hjörleifur Pálsson, Páll Gíslason, Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, Sigríður Vala Halldórsdóttir og Tanya Zharov verði kjörin til setu í aðalstjórn Sýnar hf. og Óli Rúnar Jónsson og Þyrí Dröfn Konráðsdóttir verði kjörin til setu í varastjórn.

Eftir sem áður er unnt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 15:00 mánudaginn 15. mars 2021. Framboð skulu berast á netfangið: [tilnefningarnefnd@syn.is](mailto:tilnefningarnefnd@syn.is)

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri til að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 15 mánudaginn 15. mars 2021 og ber að skila framboðum á netfangið: [tilnefningarnefnd@syn.is](mailto:tilnefningarnefnd@syn.is) Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Allar nánari upplýsingar verður að finna á heimasíðu félagsins: [syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur](https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur).

Stjórn Sýnar hf.





Hér klæðist hún kjól frá Tom Ford á sýningu hans á síðasta ári.

## Klæðist helst bara merkjavöru

Christine Chiu sló í gegn í þáttunum *Bling Empire* sem frumsýndir voru á Netflix á dögnum. Hún safnar hátískuvörum og mætir á allar helstu sýningar tískurisanna.

**A**thafnakonan Christine Chiu hefur slegið í gegn í raunveruleikabáttunum *Bling Empire* sem voru frumsýndir á Netflix fyrir mánuði. Christine fæddist í Taívan en er alin upp í Bandaríkjunum. Hún er gift lýtalækninum Gabriel Chiu og reka þau saman lýtalæknastofu í Beverly Hills. Christine hefur verið reglulegur gestur á sýningum hátískuhúsanna síðustu árin. Hún safnar hátískuvörum og var meðal annars beðin um að lána Metropolitan-safninu muni fyrir „Heavenly bodies“-sýningu safnsins á sínum tíma. Christine segist aðeins ganga í merkjavöru en hún er óhrædd við að prófa sig áfram og klæðast litríkum og öðruvísi kjólum.

steingerdur@frettabladid.is



Christine er óhrædd við að klæðast áberandi og öðruvísi kjólum.



Hér er hún á amfAR galakvöldinu í glæsilegum rósöttum kjól.

### LÝSING VEGNA BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI KEFLAVÍKURFLUGVALLAR 2013 - 2030

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hefur samþykkt til kynningar lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013 – 2030.

Breytingin felur í sér auknar byggingarheimildir á öryggissvæðinu (svæði B).

Tillagan er kynnt á heimasíðu Isavia: [www.isavia.is/skipulag-i-kynningu](http://www.isavia.is/skipulag-i-kynningu).

Óskað er eftir athugasemdum fyrir 18. mars 2021. Ábendingum skal skila til skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar, [sveinn.valdimarsson@isavia.is](mailto:sveinn.valdimarsson@isavia.is), sem einnig veitir upplýsingar varðandi lýsinguna.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar.



Christine klæðist ekki bara hátískukjólum þó að hún haldi sig mest við merkjavöru. Hún er þó alltaf frumleg í klæðavali.



Í fagurgrænum kjól frá Valentino.




Á röltinu í Los Angeles nú fyrir stuttu.

Buxur í þessum búta-saumsstíl hafa verið mjög vinsælar undanfarið.



# NÝJAR OG SPENNANDI BÆKUR



Dulmál Katharinu  
**VILDARVERÐ: 3.299.-**  
 Verð: 3.999.-




Stol  
**TILBOÐSVERÐ: 3.399.-**  
 Verð: 3.999.-



Spegilmennið  
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**  
 Verð: 3.999.-



Fuglabjargið  
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**  
 Verð: 4.499.-



Nornaveiðar  
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**  
 Verð: 3.999.-




Litlir lærdómshestar - Stafir  
**TILBOÐSVERÐ: 1.599.-**  
 Verð: 1.899.-



Sóley og töfrasverðið  
**TILBOÐSVERÐ: 2.699.-**  
 Verð: 3.299.-



Hulduheimar -  
 Draumadalurinn / Vatnaliljutjörnin  
**TILBOÐSVERÐ: 1.599.- (stk.)**  
 Verð: 1.899.- (stk.)



Augu Rigels  
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**  
 Verð: 3.999.-



Austurstræti 18  
 Skólavörðustíg 11  
 Laugavegi 77  
 Hallarmúla 4  
 Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður  
 Kringlunni suður  
 Smáralind  
 Hafnarfirði - Strandgötu 31  
 Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
 Akranesi - Dalbraut 1  
 Ísafirði - Hafnarstræti 2  
 Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
 Húsavík - Garðarsbraut 9




540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 1. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



## HELGAR BRUNCH

laugardaga og sunnudaga  
11.30–14.30



## NÝR OG SPENNANDI SEÐILL

Eggs benedict, amerískar pönnukökur, mega brunch og fleiri girnilegir réttir.

Matseðill og borðapantanir á [saetasvinid.is](http://saetasvinid.is)

SÆTA SVÍNID // Hafnarstræti 1-3 / Sími 555 2900 / [saetasvinid.is](http://saetasvinid.is)



Á vefnum er leitarvél sem auðveldar tilvonandi nemum að finna sér nám við hæfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Auðvelda verðandi nemum námsvalið

Stafræni Háskóladagurinn fer fram núna á laugardaginn. Háskóladagurinn var fyrst haldinn árið 2004 og tilgangur hans er að auðvelda nýnemum að finna sína braut og hvað hentar þeim í námi. **Heiða Skúladóttir** er verkefnisstjóri Stafræna Háskóladagsins 2012.

Á laugardaginn fer fram hinn árlegi Háskóladagur, en þó með breyttu sniði. Í ár verður hann stafrænn og er Heiða Skúladóttir verkefnisstjóri Stafræna Háskóladagsins 2021.

„Háskóladagurinn er samstarfsverkefni allra sjö háskóla landsins. Dagurinn er til þess gerður að kynna allt háskólanám fyrir verðandi háskólanemum og aðstoða þá við að velja sér námsbraut og skóla. Háskóladagurinn var fyrst haldinn árið 2004 og verður á laugardaginn haldinn í 17. sinn, en nú með stafrænum hætti. Á Háskóladeginum kynna fulltrúar frá öllum námsbrautum allra háskóla landsins námið,“ segir Heiða.

### Fundu stafræna lausn

Á Háskóladeginum geta verðandi nemendur kynnt sér það gríðarlega námsframboð sem skólar landsins bjóða upp á.

„Það getur oft verið erfitt að finna rétta námið og á Háskóladeginum gefst þeim tækifæri til að bera saman námsbrautir með því að spyrja spurninga og spjalla við fulltrúa skólanna. Nýr vefur Háskóladagsins fór í loftið í síðustu viku en þar má finna yfirlit yfir allt grunnnám í öllum háskólum landsins og leitarvél sem auðveldar verðandi nemendum leitina að rétta náminu. Þar er til dæmis hægt að leita að nöfnum á námsbrautum eða nota leitarorð svo sem forritun, náttúra eða fjármál og þá birtast allar námsbrautir sem tengjast leitarorðinu,“ segir hún.

Þúsundir verðandi nemenda hafa mætt á Háskóladaginn, sem venjulega er haldinn í raunheimum.

„Vegna samkomutakmarkana í kjölfar COVID-19 kom ekki annað

**ÞAD GETUR OFT VERIÐ ERFITT AÐ FINNA RÉTTA NÁMIÐ OG Á HÁSKÓLADEGINUM GEFST ÞEIM TÆKIFÆRI TIL AÐ BERA SAMAN NÁMSBRAUTIR MEÐ ÞVI AÐ SPYRJA SPURNINGA.**

til greina en að halda viðburðinn á netinu til að geta áfram boðið upp á þessa mikilvægu þjónustu. Hafist var handa í desember við að finna stafræna lausn og var niðurstaðan sú að taka feginn í gegn og streyma fjarfundum í gegnum hann með sama hætti og námsbrautarbásarnir í raunheimum. Því verða yfir 300 fjarfundir haldnir á laugardaginn,“ segir Heiða.

### Flestir vanir fjarfundum

Heiða segir undirbúninginn hafa gengið vel, enda séu flestir orðnir alvanir fjarfundum í dag.

„Stafræna nálgunin varð til þess að ákveðið var að setja upp fyrstu íslensku námsleitarvélina sem sýnir námsbrautir allra sjö háskóla landsins. Þar sem Háskóladagurinn sjálfur leggur megináherslu á grunnnám er aðeins það á vefnum fyrst um sinn en fljótlega mun framhaldsnám einnig vera aðgengilegt á vefnum. Við fengum snillingana hjá Hybrid í lið með okkur við hönnun og gerð nýja vefsins og Ármann Agnarsson og Ingva Örn Þorsteins-

son við gerð nýs markaðsfnis. Svo hafa fulltrúar frá háskólunum sjö unnið hörðum höndum og virkilega vel saman við framkvæmd á Stafræna Háskóladeginum, enda væri samstarfsverkefni af þessu tagi ógerlegt án góðrar samvinnu,“ segir Heiða.

Hún viðurkennir að það hafi verið nokkur áskorun að ætla að streyma rúmlega 300 fjarfundum samtímis.

„Við vitum ekki til þess að það hafi verið gert héraðislinga til. En skólarnir hafa öflug tækniteymi á bak við sig og eru þaulvanir því að streyma á netinu eftir fjarkennslu vetrarins.“

### Námsvalið oft erfitt

*Hvernig verður fyrirkomulagið á Stafræna Háskóladeginum?*

„Á vefnum má nota námsleitarvélina til að finna nám, þá með því að leita að heiti á námsbraut eða tengdu leitarorði. Þegar smelli er á námsbraut færast viðkomandi yfir á lendingarsíðu sem er námsvefur brautarinnar. Þar má lesa sér betur til um námið og smella á Háskóladags-borðann sem leiðir á fjarfundinn. Á vefnum má einnig skoða prófíla skólanna sjálfra, lesa sér til um þá, skoða námsframboð þeirra og sérstaka dagskrá, og spjalla við náms- og starfsráðgjafa.“

Heiða segir Háskóladaginn einstakan að því leyti að hann sé eini vettvangurinn með yfirlit yfir allt háskólanám landsins.

„Oft getur verið snúið að velja sér nám enda gríðarlegt framboð, en með nýju leitarvélinni geta verðandi nemendur slegið inn leitarorð og fundið nám sem helst tengist þeirra áhugasviði. Bæði fjarfundirnir og leitarvélina eru til þess að auðvelda þetta stóra val,“ segir hún. [steingerdur@frettablad.is](mailto:steingerdur@frettablad.is)

# ILVA

Sparaðu

# 20-25%

## AF BORÐSTOFU- HÚSGÖGNUM

LÝKUR Á MÁNUDAG

# 20%

## AF BORÐBÚNAÐI



NÚ **63.920**

SPARAÐU 15.980

**RICHMOND BORÐSTOFUBORÐ**

með fiskibeinamyndstri. Borðplata úr olíubornum eikarspón. Fætur úr gegnheilli eik. Ø120 cm. Áður 79.900 kr. Nú **63.920 kr.**

## HELGARTILBOÐ

FÖSTUDAG - SUNNUDAGS

# 15%

## AF RÚMFÖTUM

## BAKÞANKAR

Svanborgar  
Sigmarsdóttur



## Ýmist er það of eða van

Jesús, Svanborg. Það er svo kalt hérna. Hvernig er þetta eiginlega hjá þér? Svona hljómaði áhyggjufull vinkona mín í Kólumbíu.

Það hefur verið óvenju kalt hjá henni, í hitabeltinu sjálfu. Hún gat ekki ímyndað sér annað en ég sæti með sultardropa í nefi, undir margföldu ullarlagi og kæmist ekki út úr húsi nema hætta á alkul.

Þess í stað hef ég horft á garðinn minn. Ég sé að graslaukurinn er byrjaður að spretta og veit í hjarta mínu að það er enn of snemmt að fara að þrifa beðin, þó það kitli. Það er varla hægt að segja að snjó hafi sést í vetur, þó einhver fól hafi birst tvisvar.

Texas hefur tekist á við óvanalegt kuldakast sem orkukerfið þeirra ræður ekki við. Og vegna þess að Texasbúar eru of sjálfstæðir til að tengjast orkukerfum annarra ríkja, eða lúta reglugerðum alríkisins, hafa þeir ekki efni á því að hita upp hús sín í þessu óeðlilega frosti.

Frá evrópskri borg fæ ég svo sendar myndir af dóttur minni, léttklæddri í mildu vorveðri í febrúar.

Í stað þess að dúða sig upp fyrir 4 gráður, sem er meðaltalshiti á þessum árstíma, nýtur hún sólar í allt að 19 gráðum og saknar íslenskra ísbúða sem eru opnar allt árið.

Þessar sveiflur segja okkur að jörðinni líður ekki vel og við þurfum að hlúa betur að henni. Það er okkur lífsnauðsynlegt að vera henni nán. Þó snemmbær vorhitinn sé notalegur getur hann líka breyst í fimbulkulda.

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



## FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



SERTA ER OPINBER BIRGI

CLASSICO



YORK



LIGNE



MAGNIQUE



## FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTEL RÚM – HEIM TIL ÞÍN –

Fimm stjörnu Hótel-rúmalínan frá Serta er fánleg í verslunum Betra Baks í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði. Metsölubókin „Þess vegna sofum við“ í íslenskri þýðingu fylgir rúmunum.

**5 STJÖRNU HÓTEL RÚMIN** frá Serta eru framleidd til að fullnægja ytrustu kröfum. Fjadrandi botn gefur 5 svæða heilsudýnni óviðjafnanlega fjöðrun og stuðning, lúxus yfirdýnan lagast að þér og þér líður eins og þú svífir. Velkomin í þitt 5 stjörnu heilsurúm, heima hjá þér – allar nætur – alltaf.

**CLASSICO, YORK OG LIGNE** eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta. Hún er fimm svæðaskipt pokagormadýna með góðum stuðningi við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjaðmasvæði. Hægt er að velja um tvo stífleika á dýnunni eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíff, úr kaldpressuðum svampi og vinnur vel á móti fjöðruninni í botni og dýnu.

**MAGNIQUE** rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fánlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að velja mismunandi fætur og einnig eru fánleg náttborð í stíl.

Verðdæmi: Classico 160 x 200 cm

Verð: 349.900 kr (botn, fætur, dýna, yfirdýna og gafl)

(Bókin Þess vegna sofum við fylgir í kaupunum)



Bókin Þess vegna sofum við, eftir dr. Matthew Walker fylgir kaupum á rúmunum úr 5 stjörnu hótélrúmalínunni frá Serta. Bókin hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur.

Verðmæti: 3.490 kr.



Matthew Walker er prófessor við Harvard háskóla og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífeðlisfræði. Hann er virtur vísindamaður á þessu sviði og hefur birt fjölmargar ritrýndar vísindagreinar.

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.–Fös. 11–18 | Lau. 11–16  
www.betrabak.is

Betra  
BAK